



BYGGÐASTOFNUN

ÁRSSKÝRSLA 2022

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI STJÓRNARFORMANNS	3
INNGANGUR FORSTJÓRA	5
STJÓRN OG STARFSFÓLK BYGGÐASTOFNUNAR.....	7
STARFSEMI FYRIRTÆKJASVIÐS.....	8
STARFSEMI LÖGFRÆÐISVIÐS	13
STARFSEMI ÞRÓUNARVIÐS	14
ÁRIÐ Í MYNDUM.....	54
FJÁRHAGUR OG REKSTUR	56
SÉRGREINDUR REKSTRARREIKNINGUR.....	57
ÁRSREIKNINGUR BYGGÐASTOFNUNAR 2022	58
SKÝRSLA STJÓRNAR BYGGÐASTOFNUNAR OG FORSTJÓRA.....	59
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA.....	64
REKSTRARREIKNINGUR 2022.....	70
EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2022.....	71
SJÓÐSTREYMI 2022.....	72
SKÝRINGAR	73
FRAMLÖG OG STYRKIR.....	88
LÖG UM BYGGÐASTOFNUN.....	89
REGLUGERÐ FYRIR BYGGÐASTOFNUN NR. 347/2000	93

Umsjón: Hanna Dóra Björnsdóttir og Helga Harðardóttir
Hönnun og umbrot: Blek hönnunarstofa, Akureyri – blekhonnun.is

Ljósmynd á forsiðu: Frá Hrísey, Kristján Þ. Halldórsson.

Aðrar myndir: Bjarni Guðmundsson, bls. 19. Hjalti Árnason, bls. 30, 31, 33, 35, 40, 99. iStockPhoto, bls. 49. Kristján Þ. Halldórsson, bls. 6, 12, 21, 26, 41, 42, 45, 53, 55.

Árið í myndum, bls. 54-55: Ýmsir ljósmyndarar.

Kort og gröf: Byggðastofnun nema annað sé tekið fram.

ISBN 978-9935-518-11-8

FORMÁLI STJÓRNARFORMANNS

Byggðafesta er hugtak sem notað er um hversu vel byggð heldur sér eða kannski öllu fremur um hve stór hluti íbúa heldur búsetu á sama stað til langframa og má segja að sé andhverfa hugtaksins búferlaflutningar. Þessi tvö orð slá í raun grunntóninn í hugtakinu byggðamál og eru tekin til skoðunar í bókinni „Byggðafesta og búferlaflutningar á Íslandi“ sem kom út seint á árinu 2022.

Ritið er afar áhugavert, þar eru birtar fyrstu niðurstöður rannsóknarverkefnisins „Byggðafesta og búferlaflutningar“ sem unnið var á vegum Byggðastofnunar í samvinnu við sérfræðinga við ýmsar íslenskar og erlendar háskólastofnanir. Í bókinni má finna yfirlit um svæðisbundna mannfjöldapróun á Íslandi og mynstur búferlaflutninga innan lands og utan. Í rannsóknunum er einnig leitað skýringa á langtímapróun byggðarlaga og landssvæða og varpað ljósi á hvaða þættir hafa áhrif á ákvarðanir einstaklinga um að flytja brott, vera um kyrrt eða snúa aftur heim. Þá er og lagt mat á framtíðarhorfur í búferlaflutningum og byggðapróun.

Líf hvers og eins markast með margvíslegum hætti af búsetu, samfélagi og umhverfi og hefur með beinum og óbeinum hætti áhrif á dagleg samskipti við fjölskyldur, vini og aðra í nærsamfélaginu. Það að velja sér búsetu eða vera sáttur við búsetu sína í því samfélagi sem hver fæðist og elst upp í, skiptir höfuðmáli fyrir hvern og einn. Búsetuvalið hefur áhrif, ekki bara á hvern einstakling og hverja fjölskyldu heldur á öll samfélög manna.

Rannsóknir á byggðafestu og búferlaflutningum hafa beinst með markvissari hætti en áður að mörgum þáttum í mannlegu samfélagi og þeim áhrifaþáttum sem valda því að einstaklingar eða fjölskyldur taka sig upp og flytja á nýjan stað, velja sér aðra búsetu. Rannsóknirnar og niðurstöður þeirra, sem birtar eru í ritinu, geta því verið grunn gagn allra sem vinna að byggðamálum eða þeirra sem láta sig byggðapróun varða.

Það að velja sér búsetu eða vera sáttur við búsetu sína í því samfélagi sem hver fæðist og elst upp í, skiptir höfuðmáli fyrir hvern og einn.



Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður Byggðastofnunar

Ritið „Byggðafesta og búferlaflutningar á Íslandi“ skiptist í 15 meginakfla sem hver um sig fjallar um ákveðið viðfangsefni og byggja almennt á rannsóknum á því sviði. Viðföng hvernar rannsóknar eru sett fram með skýrum hætti og rannsóknarniðurstöður birtar myndrænt sem gröf eða súlurit og bæði rannsókn og niðurstöður skýrðar í greinargóðum texta.

Í umræðu um byggðamál er oft rætt um búferlaflutninga sem félagslegt vandamál sem sporna þurfi gegn með öllum ráðum. Gildir það jafnt um búferlaflutninga úr strjálbýli í þéttbýli og um flutninga frá Íslandi til annarra landa. Í yfirlitirgjafandi tilfella er samt um frjálst val fólks að ræða þar sem viðkomandi einstaklingar eða fjölskyldur velja sér nýja búsetu á mismunandi forsendum og eru þannig hluti af því nútíma samfélagi sem við viljum öll að einkennist af frjálsum vilja og sem flestum möguleikum einstaklingsins. Orðið fólksflótti á því fjarri því við um slíka flutninga og er í raun niðrandi talsmáti bæði um þá sem flytja og þau samfélög sem flutt er úr. Það geta allt eins verið togkraftar annarra samfélaga eða þjóðfélaga sem valda búferlaflutningum frekar en að lífið hafi verið óbærilegt í fyrra byggðarlagi.

Það eru því miður alltaf einhver tilfelli þess að Íslendingar þurfi að forða sér úr sinni heimabyggð eða finnist þeir þurfa þess. Slíkir flutningar eru oftast einangruð tilfelli og falla frekar undir félagslegan vanda en byggðalegan og verða vart skilgreindir sem fólksflótti.

Það verður ekki fram hjá því litið að langvarandi fólksfækkun geti grafið undan margvíslegri þjónustu og því samfélagi sem fyrir því verður hvort sem litið er til opinberrar þjónustu, verslunar, almennra þjónustupátta, menningar eða félagslífs. Í ritinu kemur m.a. fram að eftir því sem þjónustustig byggðarlaga er lægra aukast líkur á brottflutningi. Aðgengi að afþreyingu, menningu, verslun og þjónustu sem og heilbrigðisþjónustu skiptir mestu máli í því sambandi. Slík röskun getur sömuleiðis hrundið af stað keðjuverkun þar sem fyrrgreindir þættir verða enn verr úti. Sömuleiðis hefur sýnt sig að hröð fólksfjölgun hafi skapað margvísleg vandamál, ekki síður en viðvarandi fólksfækkun, sem geti dregið úr lífsgæðum þeirra sem fyrir eru. Bæði langvarandi fækkun og hröð fjölgun geta flokkast sem byggðavandi eða byggðaröskun og því er mikilvægt að rannsaka sem flesta áhrifaþætti sem hafa áhrif á búferlaflutninga og draga af því lærdóm.

Eitt af rannsóknarverkefnum sem birt eru í ritinu fjallar um búferlaflutninga yfir ævina. Þar er varpað ljósi á búferlaflutninga bæði íslenskra og erlendra ríkisborgara yfir tvö tíu ára tímabil 1991-2001 og 2011-2021. Það kemur kannski ekki á óvart að rannsóknin sýni að höfuðborgarsvæðið einkennist af meiri stöðugleika en önnur svæði og að þar sé hæst hlutfall þeirra sem hafa aldrei búið annars staðar. Rannsóknin sýndi að 82-84% íbúa höfuðborgarsvæðisins höfðu ekki flutt á rannsóknartímanum en í smæstu byggðum voru um 60% um kyrrt en um 40% höfðu flutt brott. Annað verkefni fjallar um búsetufyrirætlanir en þar kemur í ljós hvaða sýn fólk hefur á framtíðarbúsetu sína og hvernig áhrifaþættir geta virkað mismunandi á þær hugmyndir. Þegar búsetuánægjan var skoðuð kom í ljós að íbúar landsins eru almennt ánægðir með búsetu sína og virðast ánægðari utan höfuðborgarsvæðisins sem er sérstakt í ljósi meiri fjölbreytni á flestum sviðum og raunar ekki í takt við búsetuþróunina.

Fleiri áhugaverðar niðurstöður er að finna í ritinu þar sem skoðaðir voru ýmsir áhrifaþættir á búsetu og búferlaflutninga. Má þar nefna menntun, atvinnu, samgöngur, húsnæðismál, þjónustu og tengslanet en einnig voru rannsökuð kynjuð viðhorf til búferlaflutninga. Í rannsókn um kynjuð viðhorf kom fram að konur upplifa meira kynjamisrétti á vinnumarkaði en karlar og athygli vekur að upplifanir þeirra af kynjamisrétti er meiri í þéttbýli en minnstar í þorpum og

Í ritinu kemur m.a. fram að eftir því sem þjónustustig byggðarlaga er lægra aukast líkur á brottflutningi. Aðgengi að afþreyingu, menningu, verslun og þjónustu sem og heilbrigðisþjónustu skiptir mestu máli í því sambandi.

strjálbýli. Þá upplifa íbúar í dreifðari byggðum meira slúður um sína hagi og slíkar upplifanir ýta mjög undir brottflutning, sérstaklega í minni bæjum og þorpum.

Rannsókuð voru viðhorf innflytjenda til framtíðarbúsetu. Þar kom margt áhugavert fram m.a. að búsetuánægja þeirra var marktækt minni í smærri byggðum og strjálbýli en í þéttbýli. Yngri innflytjendur voru mun líklegri til að flytja af landi brott, sérstaklega ef þau skorti færni í íslensku. Sama gilti um háskólamenntaða innflytjendur sem töldu menntun sína nýtast illa í starfi en þeir voru tvöfalt til þrefalt líklegri en aðrir innflytjendur til að flytja af landi brott á næstu tveimur til þremur árum. Í ljósi sívaxandi fjölmenningar í íslenskum byggðum er full ástæða til að gefa ekki síður gaum að áhuga, vilja og aðstöðu innflytjenda. Enda má á næstu árum gera ráð fyrir vaxandi áskorunum í byggðalegu og öðru samfélagslegu tilliti, vegna íbúa af ólíku þjóðerni með mismunandi menningu og lífsviðhorf.

Rannsóknarverkefnin, niðurstöður þeirra og sú faglega umfjöllun sem sett er fram í ritinu „Byggðafesta og búferlaflutningar á Íslandi“ á því brýnt erindi við alla sem láta sig byggðamál og samfélagsmál almennt varða. Á byggðaráðstefnu sem Byggðastofnun mun standa fyrir næsta haust verða þau málefni sem reifuð eru í ritinu til umfjöllunar og ástæða til að hvetja til þátttöku í henni.

Magnús B. Jónsson,
stjórnarformaður Byggðastofnunar

■ INNGANGUR FORSTJÓRA

Forstjóraskipti

Árið 2022 var óvanalegt hjá Byggðastofnun fyrir þær sakir að Aðalsteinn Þorsteinsson, sem skipaður var forstjóri stofnunarinnar árið 2003, flutti sig um set þegar hann var skipaður í embætti skrifstofustjóra sveitarfélaga og byggðamála hjá innviðaráðuneytinu, eftir sex mánaða tímabil sem settur forstjóri Þjóðskrár þar á undan. Samhliða var undirritaður skipaður í embætti forstjóra Byggðastofnunar frá 16. september 2022 eftir að hafa verið settur forstjóri stofnunarinnar frá 1. febrúar það ár. Ég var þó stofnuninni ekki ókunnur fyrir þann tíma enda starfað sem forstöðumaður fyrirtækjasviðs frá árinu 2016 og sem staðgengill forstjóra.

Stefnumótun í kjölfar heimsfaraldurs

Óhætt er að segja að síðustu ár hafi verið sérstök hjá Byggðastofnun líkt og á landinu öllu sökum heimsfaraldurs COVID-19. Aðgerðir stofnunarinnar einkenndust af varnarviðbrögðum þar sem brugðist var við þeirri stöðu sem upp var komin. Skuldbreyta þurfti stórum hluta lánasafnsins og létta undir með landsbyggðunum eins og frekast var unnt. Þá bætti stríðsrekstur Rússa í Úkraínu enn á þrengingarnar og sér ekki fyrir endann á þeim. Á þessum tímapunkti er vert að líta fram á veginn og meta hvaða leiðir skuli fara til að uppfylla hlutverk Byggðastofnunar um að „...efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu“, með auknu frumkvæði og sókn í huga.

Í lok árs 2022 var haldið af stað í stefnumótunarvinnu Byggðastofnunar til framtíðar, en núgildandi stefna er frá árinu 2010. Þegar þetta er skrifað, í febrúarmánuði 2023, hafa tvær vinnustofur með öllu starfsfólki stofnunarinnar verið haldnar, viðtöl verið tekin við hagaðila til að leita þeirra sjónarmiða, drög að stefnukerfi verið sett upp ásamt SVÓT greiningu auk samráðs á vettvangi stjórnar. Fyrirhugaðar eru tvær vinnustofur með starfsfólki til viðbótar þar sem öll vinnan verður dregin saman í stefnumótunarskýrslu með stefnu Byggðastofnunar sem nýttast mun sem grunnur að verkefnum hennar. Væntingar okkar standa til þess að starfsfólk Byggðastofnunar hafi eftir þann tíma skýrari sýn á þær leiðir sem best stuðla að ofangreindu hlutverki hennar. Áætlað er að ljúka þessari vinnu á vormánuðum 2023.

Það er ætlun okkar að kynna starfsemi Byggðastofnunar og verkfæri hennar sem víðast til þess að nálgast betur íbúa landsbyggðanna. Á síðustu árum hafa verið haldnir reglubundnir kynningafundir á lánastarfsemi stofn-



Arnar Már Elíasson, forstjóri Byggðastofnunar

unarinnar í öllum landshlutum. Auk þess hefur stofnunin staðið fyrir ráðstefnum og öðrum viðburðum, tekið þátt í málstofum, sýningum o.s.frv. Til viðbótar eru áform um að stofnunin muni bjóða sveitarstjórnnum allra sveitarfélaga á starfssvæði hennar upp á samtal um hugsanlega samstarfsfleti á hverjum stað fyrir sig. Er það von okkar að þessum fundarboðum verði vel tekið og að í kjölfarið finnist tækifæri sem ef til vill voru ekki kunn fyrir.

Á undanförunum árum hefur stofnunin innleitt ýmsar starfærar lausnir til að einfalda og bæta þjónustu. Þar má sérstaklega nefna rafræna umsóknargátt, þjónustukort, mælaborð og lánareiknivél. Næsta skref er að tengja starfsemina betur við stafræna vegferð stjórnvalda. Samhliða því er áfram unnið að aukinni stafrænni þróun stofnunarinnar með það að markmiði að einfalda verkefni, bæta framsetningu og auka skilvirkni sem skilar sér í bættri þjónustu við íbúa landsbyggðanna.



Bjarnarflag vestan Námaskarðs.

Traustur rekstur grunnur að frekari sókn

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri stofnunarinnar 374,2 milljónum króna á árinu en til sam-
anburðar var 167,3 milljóna króna hagnaður árið 2021. Eigið fé í lok desember 2022 samkvæmt efnahagsreikningi var 3.696 milljónir króna. Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 19,72% en var 18,17% í lok árs 2021.

Efnahagur stofnunarinnar nam í lok desember 2022, 23.822 milljónum króna og hefur hækkað um 1.773 milljónir króna frá árslokum 2021. Stærsti einstaki liðurinn á eignahlið efnahagsreiknings eru útlán til viðskiptavina og námu þau 19.748 milljónum króna og höfðu hækkað um 1.122 milljónir króna frá árslokum 2021. Handbært fé í lok desember 2022 nam 1.686 milljónum króna, en var 1.118 milljónir króna í árslok 2021. Lántökur og skuldabréfaútgáfur námu 19.290 milljónum króna og höfðu hækkað um 1.131 milljón króna á árinu. Ný útlán á árinu 2022 námu 2.768 milljónum króna á móti 3.899 milljónum króna á árinu 2021.

Samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eiginfjárgrunnur í heild nema að lágmarki 8% af áhættugrunni, en í lok desember 2022 var eiginfjárlutfall stofnunarinnar eins og að ofan greinir 19,72%. Skv. breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 sem samþykkt voru á Alþingi 15. júní 2022 og tóku gildi 1. júlí 2022 gildir X. kafli um eiginfjáruka ekki um Byggðastofnun og er stofnunin því undanþegin kröfum um sveiflujöfnunar- og verndunarauka frá þeim tíma.

Líkt og vikið er að hér síðar í ársskýrslunni hefur stighækkandi verðbólga haft veruleg áhrif á eftirspurn lána hjá Byggðastofnun eftir stöðuga aukningu eftirspurnar árin á undan. Lánveitingar hafa dregist saman og rekstur fyrirtækja í byggðum landsins víða þyngst verulega. Stofnunin hefur eftir megni reynt að bregðast við þessari erfiðu stöðu í landsbyggðunum með vaxtalækkunum nýrra og

núverandi lána. Þá er fyrirhugað áframhald reglubundinna heimsókna í alla landshluta til þess að kynna íbúum þau úrræði sem stofnunin hefur úr að spila.

Vert er að geta þess að samkomulag Byggðastofnunar við EIF (European Investment Fund) um aðild að svokölluðu COSME ábyrgðakerfi hefur gert stofnuninni kleift að útvíkka framboð lánaflokka til þess að sinna betur þörfum landsbyggðanna. Fyrirkomulagið skapaði grundvöll fyrir lánaflokka sem reynst hafa eftirsóknarverðir, má þar helst nefna 90% lán til kynslóðaskipta í landbúnaði og 90% lán til verkefna sem með einum eða öðrum hætti stuðla að umhverfisvernd. Samkomulagið við EIF rennur út í lok árs 2023 og eru viðræður þegar hafnar um aðild að nýju ábyrgðasamkomulagi. Þær viðræður gefa stofnuninni kost á að endurmeta lánaflökkana að nýju.


Öflugur og ánægður hópur starfsfólks lykill að frekari velgengni

Sameyki stéttarfélag birti í febrúar 2023 niðurstöður hinnar árlegu könnunar „stofnun ársins“ sem starfsfólk stofnana ríkis og sveitarfélaga tekur þátt í. Könnunin tekur á starfsanda, stjórnun, launum, ímynd, jafnrétti o.fl. Byggðastofnun hefur undanfarin ár verið á hraðri siglingu í þessari könnun og er nú í 12. sæti af þeim 143 stofnunum og ráðuneytum sem könnunin náði til með heildar-einkunnina 4,48 af 5 mögulegum. Það er ánægjulegt að vera hluti af vinnustað þar sem jákvæðni, stolt, vinnusemi og samheldni ráða ríkjum. Eitt allra mikilvægasta verkefni okkar sem hér störfum er að viðhalda þeim krafti þannig að stofnunin verði áfram eftirsóknarverður vinnustaður og veiti framúrskarandi þjónustu.

Arnar Már Elíasson,
forstjóri Byggðastofnunar



STJÓRN OG STARFSFÓLK BYGGÐASTOFNUNAR



Mynd 1. Skipurit Byggðastofnunar mars 2023


STARFSEMI FYRIRTÆKJASVIÐS

Starfsemi fyrirtækjasviðs var fremur óvanaleg árið 2022 eins og árin á undan. Enn gætti af áhrifum heimsfaraldurs COVID-19 auk þess sem innrás Rússa í Úkraínu í ársbyrjun hefur haft viðtæk áhrif. Hækkarnir á aðföngum, aukin verðbólga og stýrivaxtahækkarnir hafa áhrif á greiðslugetu núverandi lántaka og dregið hefur verulega úr nýjum lánveitingum. Sérfræðingar fyrirtækjasviðs fóru í ferðir víða um land á árinu þar sem viðskiptavinir voru heimsóttir sem og félög sem stofnunin á hlut í. Þá var tekið upp á þeirri nýjung að halda sameiginlegan fund Byggðastofnunar, HMS, Lóunnar og landshlutasamtaka. Fyrsti kynningarfundurinn var haldinn í samstarfi við Austurbrú á Egilsstöðum og verður framhald á slíkum fundum í öðrum landshlutum á árinu 2023. Fyrirtækjasvið var þátttakandi í Landbúnaðarsýningu og Sjávarútvegssýningu í haust en mikill mannfjöldi sótti báðar sýningar og tókst vel til.

Lánsúmsóknir

Lánanefnd tók fyrir 242 erindi á árinu sem er áframhaldandi fækkun mála frá árinu 2020. Lánsbeiðnir voru 82, ýmsar skilmálabreytingar og veðbreytingar 112, tilboð í hlutafé og fullnustueignir 6 og aðrar beiðnir tengdar útlánastarfseminni 42 talsins. Til samanburðar voru lánsbeiðnir 112 árið 2021, 158 árið 2020 og 136 árið 2019. Því má ætla að landsmenn hafi að einhverju leyti verið í biðstöðu á síðasta ári á óvissutímum.

Myndin sýnir fjölda lánsúmsókna til stofnunarinnar og afgreiðslur þeirra frá árinu 2008. Fjöldi lánsbeiðna og samþykktarhlutfall lækkuðu verulega eftir efnahagshrunið en hafa síðan hækkað töluvert frá árinu 2012. Samþykktarhlutfallið er hið sama tvö síðustu ár en úmsóknum hefur fækkað.



Mynd 2. Fjöldi lánsúmsókna til Byggðastofnunar frá 2008.

ALMENN LÁN

- 5,7% verðtryggt
- 4% álag á REIBOR
- 4,5% álag á LIBOR eða EURIBOR
- Lánstími allt að 20 ár

LANDBÚNAÐUR

- 4,5% verðtryggt
- 3,5% álag á REIBOR*
- Lánstími allt að 25 ár
- Ájörð verður að vera búskapur og föst búseta
- Möguleiki á eingöngu vaxtagreiðslum í allt að 3 ár
- Sérstakar veðakröfur vegna kynslóðaskipta
 - 90% veðsetning í jörðum/lóðum/fasteignum
 - 75% veðsetning í vélum og tækjum

ATVINNUREKSTUR KVENNA

- 4,8% verðtryggt
- 3% álag á REIBOR*
- Lánstími allt að 10 ár
- Að lágmarki 75% félagsins í eigu kvenna og undir stjórn þeirra
- Lánsupphæðir
 - Allt að 5 m.kr. án trygginga
 - Allt að 10 m.kr. með tryggingum

LÁN TIL FISKVINNSLU/ÚTGERÐA Í VIÐKVÆMUM SJÁVARBYGGÐUM

- Veitt á skilgreindum svæðum
- Allt að 75% veðsetning í skipum með kvóta
 - 4,8% verðtryggt
 - 3,5% álag á REIBOR*
 - 3,5% álag á EURIBOR
- Allt að 80% veðsetning í fiskvinnsluhúsum og/eða allt að 75% veðsetning í vélum og tækjum
 - 5,7% verðtryggt
 - 4% álag á REIBOR*
 - 4,5% álag á EURIBOR

NÝSKÖPUNARLÁN

- 4,5% álag á REIBOR*
- Lánstími allt að 10 ár
- Lánsupphæð að hámarki 10 m.kr.
- Tryggingar: hlutfé/hugmynd/vörumerki þar sem við á auk 50% ssk. ábyrgðar forsvarsmanna
- Möguleiki á:
 - Algjöru greiðsluleysi fyrstu tvö árin
 - Greiða eingöngu vexti næsta ár á eftir
- Eiginfjárframlag skal vera jafnt lánsupphæð að lágmarki

GRÆN LÁN

- 4,8% verðtryggt
- 3% álag á REIBOR*
- Lánstími allt að 20 ár
- Möguleiki á eingöngu vaxtagreiðslum í allt að 3 ár
- Til umhverfisvænna verkefna
- Lánstími í samræmi við veðandlag
- Sérstakar veðakröfur
 - 90% veðsetning í jörðum/lóðum/fasteignum
 - 75% veðsetning í vélum og tækjum

Álag á REIBOR er 0,2% lægra ef lánið fellur undir COSME ábyrgðarsamkomulag EIF.

Almennar veðakröfur lána Byggðastofnunar:

- 75% veðsetning í jörðum/lóðum/fasteignum
- 50% veðsetning í vélum og tækjum
- 60% veðsetning í skipum með kvóta
- Lántökugjald allra lána: 1,8%



Lánaflokkar

Byggðastofnun býður upp á sex lánaflokkar sem eru sniðnir að þörfum landsbyggðanna og veita fjölbreytni í lánveitingum.

Stofnunin hefur verið aðili að svokölluðu COSME ábyrgðakerfi frá árinu 2020 samkvæmt samningi við EIF (European Investment Fund). Þessi sjóður er í eigu Evrópubankans og Evrópusambandsins að mestu leyti auk annarra minni opinberra og einkaaðila. Samkomulagið gerir stofnuninni kleift að veita enn hagstæðari lánaskilmála en áður í gegnum tiltekna lánaflokkar. Nú eru í boði allt að 90% lán til kynslóðaskipta í landbúnaði, allt að 90% lán til umhverfisvænna verkefna og allt að 80% lán til fiskvinnslu í viðkvæmum sjávarbyggðum. Þessum breytingum hefur verið vel tekið og uppfærðir lánaflokkar eru eftirsóttir víða um land. Samkomulagið rennur sitt skeið í árslok 2023 og hefur stofnunin hafið viðræður við EIF um aðild að nýju ábyrgðakerfi sem ber heitið InvestEU og verða nýir lánaflokkar skoðaðir samhliða því ferli.

Mikilvægt er að stofnunin fylgist áfram með þróun atvinnulífs og búsetu í landsbyggðunum og bjóði upp á fjármögnunarmöguleika sem best henta starfsemi innan þeirra hverju sinni. Sér í lagi er þetta mikilvægt þegar atvinnulífið mun taka við sér í kjölfar þeirra áfalla sem orðið hafa og tæpt er á hér að ofan.

Tafla 1. Lánaflokkar Byggðastofnunar.


Atvinnugreinar

Tæpur fjórðungur allra lánsúmsókna kom úr landbúnaði árið 2022, en landbúnaður hefur síðustu ár verið fyrirferðamesta atvinnugreinin í lánasafni Byggingastofnunar og heildarútlán um áramótin voru rúmlega 9,5 ma.kr. eða 44,7% af lánasafninu í heild. Stærstu úmsóknirnar eru vegna jarðakaupa auk þess sem að 90% lán vegna kynslóðaskipta í landbúnaði hafa reynst eftirsótt.


Fjórtán lánsbeiðnir bárust frá ferðapjónustufyrirtækjum árið 2022 sem er fækkun frá síðustu árum. Búist var við fjölgun úmsókna úr greininni á þessu ári og því næsta eftir að samkomutakmarkanir voru afnumdar og ferðamönnum fjölgaði aftur. Hins vegar hefur óhagstætt vaxtaumhverfi og verðbólga dregið úr eftirspurn. Beiðnum um skuldbreytingar hefur aftur á móti fækkað sem er vísbending um að rekstur núverandi viðskiptavina innan greinarinnar gengur sæmilega.

Landsvæði


Þegar horft er til landsvæða er úmsótt lánsfjármagn mest frá Norðurlandi vestra og Suðurlandi. Ástæður má einkum rekja til samsetningar atvinnulífs á þessum svæðum, en landbúnaður og ferðapjónusta eru þar veigamikil. Lánsúmsóknir frá öðrum landshlutum koma svo nokkuð jafnt þar á eftir, þó áfram minnst frá Suðurnesjum þar sem að öllum líkindum er betra aðgengi að lánsfjármagni úr viðskiptabönkunum en á öðrum landsvæðum.



Mynd 3. Lánsúmsóknir eftir atvinnugreinum.



Mynd 4. Lánsúmsóknir eftir landshlutum.



Mynd 5. Þróun lánasafns Byggðastofnunar frá árinu 2005, bókfært virði í ma.kr.


Heildarstaða lánasafns Byggðastofnunar

Heildarstaða lánasafns Byggðastofnunar í lok árs 2022 var rúmir 21,3 ma.kr. á kröfuvirði en um 19,7 ma.kr. á bókfærðu virði. Hægt hefur á stækkun safnsins milli ára en á árunum 2017-2021 var mikil aukning í lánveitingum stofnunarinnar. Á myndinni má sjá þróun lánasafnsins frá árinu 2008, á bókfærðu virði, en þá blés lánasafnið út vegna hruns krónunnar gagnvart öðrum myntum sem voru þá stór hluti lánasafnsins. Í dag er lánasafnið að mestu í íslenskum krónum og hefur hlutur óverðtryggðra lána stækkað mikið undanfarin þrjú ár.

Útlán til landbúnaðar og ferðapjónustu vega langþingst í lánasafni stofnunarinnar, þar af eru útlán til landbúnaðar nú tæpir 9,5 ma.kr. eins og áður segir og lán til ferðapjónustu rúmlega 5 ma.kr.

Starfsmenn fyrirtækjasviðs ferðast reglulega um landið allt í þeim tilgangi að kynna lánaflokka stofnunarinnar og hitta landsmenn, hlýða á og ígrunda hugmyndir þeirra sem þarfnast fjármögnunar. Heimsóknirnar hafa iðulega mælst vel fyrir. Stefnt er að því að heimsækja alla landshluta árið 2023 auk þess að framhald verður á sameiginlegum kynningarfundum Byggðastofnunar, HMS, Lóunnar og landshlutasamtaka.

Áfram má reikna með að atvinnulífið sæki minna í fjármagn frá stofnuninni á meðan óvissa er í efnahagsumhverfinu, þ.e. háir vextir, aukin verðbólga og verðhækkningar á aðföngum.



Mynd 6. Staða lánasafns Byggðastofnunar 31.12.2022.



Frá Dalvík.

Hlutfjáreign Byggðastofnunar

Byggðastofnun á hlutfé í 27 fyrirtækjum víða um land. Er þetta hlutfé tilkomið vegna átaksverkefna fyrrum ríkisstjórna til eflingar atvinnulífs, breytinga skulda í hlutfé tengdu skuldauppgjöri eða vegna heimilda í lögum um stofnunina til þess að styrkja atvinnulíf í landsbyggðunum. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti í starfsáætlun að setja 100 m.kr. til átthagafjárfesta og efla með því getu félaganna í samvinnu við aðra hluthafa eða nýja fjárfesta.

Eignarhlutur stofnunarinnar er hvergi hærri en 40% í samræmi við 20. gr. reglugerðar 347/2000 um stofnunina, enda hugmyndin að félögin séu rekin og þeim stýrt af heimafólki og frumkvöðlum í landsbyggðunum. Bókfært virði hlutabréfa í eigu Byggðastofnunar er rétt tæpur 1,2 ma.kr. en stofnunin hefur lengi átt bréf sem erfitt hefur reynst að losa. Hlutabréf í eigu Byggðastofnunar eru ávallt til sölu en lista yfir þau má nálgast á [heimasíðu stofnunarinnar](#).

STARFSEMI LÖGFRÆÐISVIÐS

Verkefni lögfræðisviðs eru lögfræðiinnheimta, skjalagerð, rekstur fullnustueigna, regluvarsla og almenn lögfræðileg málefni. Lögfræðisvið starfar náið með fyrirtækjasviði og rekstrarsviði. Forstöðumaður lögfræðisviðs er einnig regluvörður og ábyrgðarmaður skv. 34. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Sérfræðingur á lögfræðisviði sinnir hlutverki persónuverndarfulltrúa.

Lögfræðisvið hefur umsjón með fullnustueignum stofnunarinnar ásamt rekstrarsviði. Öðru hvoru þarf stofnunin að leysa til sín eignir vegna gjaldfallinna skulda sem ekki fást greiddar. Fullnustueignum hefur fækkað stöðugt síðan árið 2015.

Á sviðinu starfa fjórir starfsmenn, þ.e. forstöðumaður, lögfræðingur og tveir ritarar, annar þeirra er jafnframt gjaldkeri. Forstöðumaður auk lögfræðings sinna einnig stjórnslu póstmála í samræmi við lög nr. 98/2019 en verkefnið var flutt til Byggðastofnunar 1. júlí 2021 með lögum nr. 76/2021.

Vorið 2021 var samþykkt á Alþingi frumvarp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, til laga um breytingar á lögum um póstpjónustu og lögum um Byggðastofnun (flutningur póstmála) sem lög nr. 76/2021 þ. 25. júní 2021. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu var markmiðið að mæla fyrir um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar voru til að færa stjórnslu og eftirlit með póstpjónustu frá Póst- og fjar-skriptastofnun (PFS) til Byggðastofnunar, í samvinnu við báðar stofnanir.

Aðgengi að þjónustu er á meðal mikilvægustu forsendna byggðar um allt land. Í lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir nr. 69/2015 er því meginmarkmiði lýst á sviði byggðamála að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun

byggðarlaga um allt land. Aðgengi að viðeigandi póstpjónustu er á meðal mikilvægustu þjónustubátta og mætti jafnvel flokka sem grunnþjónustu. Veiting póstpjónustu er því ekki síst byggðamál sem verður að nálgast út frá hagsmunum þeirra sem þjónustunnar njóta.

Verkefni Byggðastofnunar á sviði póstpjónustu lúta fyrst og fremst að stjórnslu varðandi alþjónustu í pósti, ákvörðunum varðandi gjaldskrá alþjónustuveitanda og um endurgjald til hans vegna veittrar póstpjónustu á Íslandi, sérstaklega í dreifbýli. Stofnunin leysir einnig úr ágreiningsmálum milli póstrekenda og kvörtunum neytenda vegna póstpjónustu.



Póstbox.

STARFSEMI ÞRÓUNARSVIÐS

Í lögum og reglugerð fyrir Byggðastofnun kemur fram að hlutverk þróunarsviðsins er að annast samstarf við samningsaðila um atvinnuráðgjöf, vinna að gagnasöfnun og úrvinnslu upplýsinga um byggðapróun og hafa umsjón með úttektum, rannsóknum og öðru þróunarstarfi á sviði byggðamála og atvinnulífs. Þróunarsviðið metur einnig áhrif lagasetningar og annarra stjórnvaldsaðgerða á byggðapróun, veitir umsagnir og vinnur greinargerðir.

Eitt stærsta verkefni þróunarsviðs er verkefnið Brothættar byggðir. Á árinu 2022 voru þáttökubygðarlögin sjö talsins, þ.e. Árneshreppur, Bakkafjörður, Grímsey, Strandabyggð, Þingeyri, Dalabyggð og Stöðvarfjörður. Verkefnin á Stöðvarfirði og í Dalabyggð hófu formlega þátttöku í verkefninu í mars 2022 þegar íbúaping voru haldin í byggðarlögunum. Stjórnvöld beindu þeirri ósk til Byggðastofnunar að framlengja verkefnin í Árneshreppi og í Grímsey út árið 2022 og var það gert. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti einnig á árinu 2021 að framlengja verkefnið Öll vötn til Dýrafjarðar út árið 2022. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti í lok árs 2022 óskir Árneshrepps um framlengingu á verkefninu Áfram Árneshreppur út árið 2023. Formlegri þátttöku Grímseyjar og Þingeyrar lauk í lok árs 2022 að því leyti að Byggðastofnun dró sig í hlé úr verkefninu.

Þróunarsvið heldur utan um samninga um atvinnu- og byggðapróun og atvinnuráðgjöf við sjö landshlutasamtök. Samningarnir voru allir endurnýjaðir í lok árs 2022 með gildistíma til ársloka 2027. Í samningunum felst að landshlutasamtökin vinna að eflingu búsetuþátta, atvinnu- og byggðapróunarverkefnum og sinna atvinnuráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja.

Á árinu 2022 var markvisst unnið að því að fjölga mælaborðum á vef Byggðastofnunar með tölfræðilegum upplýsingum. Áhersla er lögð á myndræna og einfalda framsetningu með því setja töluleg gögn fram í gröfum, töflum, myndum og kortum. Gögnin eru lýsandi og eru góður grunnur fyrir stefnumótun, svæðagreiningar og áætlanagerð fyrir stjórnvöld og hagaðila sem vinna að

byggðamálum. Mælaborðum, rannsóknum og greiningum, sem stofnunin vinnur að, er ætlað að leggja grunn að upplýstri umræðu og að stefnumótun í byggðamálum byggji á bestu fánlegu þekkingu hverju sinni.

Þróunarsviðið vann að framkvæmd tíu aðgerða í byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 og var samstarfsaðili í nokkrum aðgerðum. Sviðið vinnur gögn sem notuð eru sem mælikvarðar til að meta árangur byggðaáætlunarinnar, s.s. lýðfræðilega veikleika, framfærsluhlutfall, atvinnutekjur og hlutfall íbúa sem hafa aðgengi að dagvöruverslun, heilsugæslu og grunnskóla í 30 km fjarlægð eða minna frá heimili sínu.

Starfsfólk þróunarsviðs er í fjölbreyttu samstarfi við ýmsa aðila á sviði byggðapróunar, atvinnuráðgjafar, rannsókna og nýsköpunar. Áður hafa verið nefnd landshlutasamtök sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélögin en einnig er samstarf við Jafnréttisstofu, Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands, Háskólann á Bifröst, Háskólann á Hólum, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Hagstofu Íslands, Ferðamálastofu, Landmælingar, Skipulagsstofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Vinnu- málastofnun, Þjóðskrá, Fjársýsluna og raunar mun fleiri aðila. Starfsfólk sviðsins tekur þátt í ýmsum nefndar- og samstarfshópum s.s. hagsmunaráði Landsnets, matsnefnd um styrki til atvinnumála kvenna, samráðsteymi um Suðurnes og borgarhlutverk Akureyrar svo eitthvað sé nefnt. Á þróunarsviði eru einnig unnar ýmsar greinargerðir fyrir stjórnvöld og veittar umsagnir um þingmál, ívilnanir um nýfjárfestingar og umhverfismat en Byggðastofnun



Kynning á ritinu Byggðafesta og búferlaflutningar.

hefur í auknum mæli komið á bændingum við lagafrumvörp á framfæri í samráðsgátt stjórnvalda. Þróunarsvið annast umsýslu byggðarannsóknastyrkja, samskipti við stjórn Byggðarannsóknasjóðs og umsækjendur, bæði vegna byggðarannsóknastyrkja og styrkja til meistaranema. Jafnframt sér sviðið, í samstarfi við fyrirtækjasvið, um umsýslu tilnefninga vegna Landstólpans, samfélagsviðurkenningar Byggðastofnunar, sem veitt er árlega á ársfundi Byggðastofnunar. Að auki sér þróunarsvið um umsýslu Eyrarrósarinnar, viðurkenningu sem veitt er framúrskarandi menningarverkefni utan höfuðborgarsvæðisins annað hvert ár, í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og Icelandair.

Starfsfólk þróunarsviðs eru landstengiliðir í þremur erlendum samstarfsáætlunum, í Erasmus verkefni og í verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Auk þess sitja starfsmenn í þemahópum á vegum Nordregio. Byggðastofnun hefur hlutverki að gegna við úthlutun byggðapróunarstyrkja og svæðisbundinna styrkja í sauðfjárrækt. Stofnunin útbýr lista yfir þau sauðfjárbúa sem falla innan svæðanna samkvæmt reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt. Svæðin eru skilgreind út frá lágmarks akstursfjarlægðum sauðfjárbúa frá þéttbýlistöðum með fleiri en 1.000 íbúa en einnig koma til frekari takmarkanir á styrkhæfi búa með tilliti til fjölda sauðfjár.

Á árinu 2022 komu út fimm skýrslur á vegum þróunarsviðs, þ.e. [Samanburður á orkukostnaði heimila árið 2021](#), [Mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2021-2070](#), [Samantekt um stöðu sauðfjárræktar](#), [Samanburður fasteignagjalda heimila árið 2022](#) og [Atvinnutekjur](#)

[2012-2021 eftir atvinnugreinum og svæðum](#). Í lok árs kom út ritið „Byggðafesta og búferlaflutningar á Íslandi“. Meginmarkmið þess voru að draga saman stöðu þekkingar á byggðafestu og búferlaflutningum, safna nýjum gögnum sem varpað gætu ljósi á þróun, stöðu og framtíðarhorfur og kortleggja helstu viðfangsefni frekari rannsókna á þessu sviði.

Byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036

Samkvæmt lögum um byggðaaætlun og sóknaráætlanir nr.69/2015 skal ráðherra á að minnsta kosti þriggja ára fresti leggja fyrir Alþingi tillögu að þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun til 15 ára. Þá skal áætlunin lýsa stefnu ríkisins í byggðamálum og samhæfingu við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Í áætluninni skal jafnframt mörkuð aðgerðaráætlun til næstu fimm ára. Endurskoðun byggðaaætlunar hófst í júní 2020 og var unnin af starfsfólki innviðaráðuneytisins (áður samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti) og Byggðastofnunar. Í júní 2022 var þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036 samþykkt samhljóða á Alþingi og aðgerðaráætlun fyrir árin 2022-2026. Samstaða og breitt eignarhald á byggðaaætlun má rekja til þess breiða samráðs sem haft var um gerð áætlunarinnar bæði við haghafa og almenning þar sem m.a. var boðið upp á opið samráð.

Lögbundin meginmarkmið áætlunarinnar eru: a) Jafna aðgengi að þjónustu, b) Jafna tækifæri til atvinnu og c) Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt. Til þess að ná þessum markmiðum eru skilgreindar 51 áherslur og 44 aðgerðir. Í öllum aðgerðum eru skilgreind markmið,

Lýsing á hvað felst í aðgerðinni, hvaða ráðuneyti ber ábyrgð á framkvæmd, sett fram dæmi um samstarfsaðila, tilgreindur aðgerðartími, tillaga að fjármögnun, ásamt tengingu við aðrar áætlanir og stefnur auk þess sem tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna er tilgreind.

Byggðastofnun er framkvæmdaaðili (stundum ásamt öðrum aðilum) í eftirtöldum 12 aðgerðum:

- A.6. Aðgengi að sérfræðiþjónustu á heilbrigðissviði.
- A.9. Verslun í dreifbýli.
- A.10. Almenningsamgöngur á milli byggða.
- A.15. Opinber grunnþjónusta og jöfnun aðgengis.
- A.16. Kostnaðargreining vegna þjónustusóknar.
- B.5. Greining atvinnusóknar.
- B.7. Óstaðbundin störf.
- C.1. Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða.
- C.2. Brothættar byggðir.
- C.10. Áhrif loftlagsbreytinga og sveitarfélög.
- C.13. Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála.
- C.14. Virk þátttaka í alþjóðlegu samstarfi.

Auk þess er stofnunin samstarfsaðili í 11 aðgerðum. Vinna er hafin í öllum aðgerðum sem Byggðastofnun er framkvæmdaraðili að. Á heimasíðu stofnunarinnar er að finna nánari upplýsingar um verkefni sem tengjast byggðaáætlun og starfsemi þróunarsviðsins. Auk skýrslna og mælaborða með ýmsum byggðatengdum upplýsingum má nefna þjónustukort sem sýnir staðsetningu helstu þjónustupátta á korti. Hér eftirfarandi er frekari umfjöllun um hvern þátt og nokkur þeirra verkefna sem starfsfólk sviðsins vann að á árinu 2022.

Þróunarsviðið hefur á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki sem býr yfir mikilli seiglu, aðlögunarhæfni, reynslu og þekkingu á byggðamálum og er þeim þakkað fyrir vel unnin störf.

Brothættar byggðir

Byggðastofnun hafði á árinu 2012 frumkvæði að tilrauna-verkefni þar sem leitað var lausna á bráðum vanda Raufarhafnar. Hugmyndin með verkefninu var að leiða fram vilja og skoðanir íbúa og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við Norðurþing, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og aðra aðila sem létu sig framtíð byggðarlagsins varða.

Verkefnið á Raufarhöfn var hugsað sem fyrirmynd sem hægt væri að nota þar sem samfélög stæðu frammi fyrir neikvæðri íbúapróun, vanda í atvinnulífi eða annarri ógn. Verkefnið vakti strax nokkra athygli og eftirspurn varð mikil. Gjarnan er verkefnið hugsað til fjögurra til fimm ára og í sumum tilvikum hafa verkefni verið framlengd mæli sérstakar ástæður með því.

Meginmarkmið Brothættra byggða er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og sveitum landsins. Verkefnið byggir á víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúanna til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda, t.d. árlegra íbúafunda þar sem farið er yfir árangur verkefnisins á hverjum tíma og ferlið í heild sinni.

Verkefnisstjórar Brothættra byggða hafa verið ráðnir af landshlutasamtökum sveitarfélaga samkvæmt samningum við Byggðastofnun. Aðstæður móta umgjörðina og umfang starfsins en hver verkefnisstjóri sinnir einu byggðarlagi. Byggðastofnun fjármagnar starf verkefnisstjórnanna að stórum hluta af framlögum fjárlaga til Brothættra byggða á byggðaáætlun.

Í þátttökubygðarlögum Brothættra byggða er skipuð verkefnisstjórn sem í sitja fulltrúar Byggðastofnunar, landshlutasamtaka sveitarfélaga, viðkomandi sveitarfélags og íbúa. Haldið er íbúaping þar sem rætt er um þau mál sem íbúar vilja setja á dagskrá, til dæmis er varðar stöðu byggðarinnar og leiðir til úrlausna. Framhald verkefnisins byggir á stöðugreiningu, ásamt niðurstöðum íbúapingsins, markmiðssetningu og verkefnum sem sett eru fram í samhengi við markmiðin.


Yfirlit yfir þáttökubyggðarlög

Á kortinu eru núverandi þáttökubyggðarlög í Brothættum byggðum táknuð með ljósbrúnum lit en þau sem lokið hafa formlega göngu í verkefninu með fjólubláum lit.

Í töflunni eru heiti núverandi þáttökubyggðarlaga rituð með appelsínugulu lettri en með fjólubláu lettri þau sem lokið hafa þátttöku.

Byggðarlag sem er virkt í Brothættum byggðum

Byggðarlag sem lokið hefur þátttöku í Brothættum byggðum



Byggðarlag	Verkefnisheiti	Virkur verkefnistími
Bíldudalur	Bíldudalur til framtíðar	2013-2016
Pingeyri og nágrenni	Öll vötn til Dýrafjarðar	2018-2022
Strandabyggð	Sterkar Strandir	2020-
Árneshreppur	Áfram Árneshreppur	2017-
Hrísey	Hrísey, perla Eyjafjarðar	2015-2019
Grimsey	Glæðum Grímsey	2016-2022
Öxarfjarðarhérað	Öxarfjörður í sókn	2016-2020
Raufarhöfn	Raufarhöfn og framtíðin	2012-2017
Bakkafjörður	Betri Bakkafjörður	2019-
Borgarfjörður eystri	Betri Borgarfjörður	2018-2021
Stöðvarfjörður	Sterkur Stöðvarfjörður	2022-
Breiðdalur	Breiðdælingar móta framtíðina	2013-2018
Skaftárhreppur	Skaftárhreppur til framtíðar	2015-2018
Dalabyggð	DalaAuður	2022-

” Meginmarkmið Brothættra byggða er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og sveitum landsins.

Byggðarlögin eiga það sameiginlegt að undanfarin 10-15 ár varð mikil fólksfækkun, ekki síst í yngri aldurshópum, sem þýðir fá börn á skólaaldri og hækkandi meðalaldur íbúa. Á flestum þessara staða er skortur á íbúðarhúsnæði, sérstaklega á leigumarkaði, þrátt fyrir fækkun íbúa. Ástæðurnar fyrir þessari þróun og aðstæður eru hins vegar ólíkar og mögulegar lausnir því sérhæfðar í hverju byggðarlagi fyrir sig þrátt fyrir sameiginlegt verklag.

Vel hefur tekist að virkja heimamenn og efla samstöðu þeirra í þáttökubyggðarlögunum. Á árinu 2022 voru veittir samtals 102 styrkir til frumkvæðisverkefna á öllum svæðunum, að heildarfjárhæð 59,5 m.kr. Frumkvæðisverkefnin eru fjölbreytt og ná til atvinnu-, menningar- og samfélags-

uppbyggingar. Skoða má yfirlit yfir veitta styrki í þátttökubyggðarlögum frá upphafi [hér](#). Eftir því sem verkefnum hefur undið fram hafa íbúar einnig sótt um styrki í stærri sjóði og sum verkefni fengið meðbyr þar.

Aflamark sem Byggðastofnun hefur síðustu árin úthlutað til sjávarbyggða í erfiðleikum hefur komið sumum þessara byggðarlaga til góða en ekki eru viðlíka öflug verkfæri til taks í byggðarlögum sem ekki byggja á sjávarútvegi. Orkustofnun/Orkusetur hefur á undanförunum árum úthlutað styrkjum til orkusparandi aðgerða í íbúðarhúsum á Raufarhöfn, í Breiðdal, Öxarfjarðarhéraði (utan hitaveitusvæðis) og nú síðast á Borgarfirði eystri, Bakkafirði og á Pingeyri og nærsveitum með góðum árangri.

STARFSEMI ÞRÓUNARSVIÐS

Í tengslum við verkefnið Brothættar byggðir leiddi Byggðastofnun ERASMUS+ samstarfsverkefni fimm landa um menntun í brothættum byggðarlögum. Verkefnið hlaut heitið Innovation and Entrepreneurship for Fragile Communities in Europe, skammstafað INTERFACE. Verkefnið hófst í september 2017 og því lauk í ágúst 2019. Afraksturinn er m.a. þétt og reglulegt samstarf Byggðastofnunar við verkefnisstjóra í núverandi og fyrirverandi þátttökubyggðarlögum ásamt verkefnisstjórum í sambærilegum byggðapróunarverkefnum svo sem á Flateyri, Fljótsdal og Seyðisfirði.

Í verkefnislýsingu Brothættra byggða er gert ráð fyrir að bæði ráðuneyti og stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál fjalli um verkefnisáætlanir einstakra byggðar-

laga. Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að kynna verkefnið í ráðuneytum, stofnunum, þingflokkum Alþingis og víðar s.s. fyrir háskólanemendur. Áform eru um að leggja aukna áherslu á slíkar kynningar.

Verkefnið Brothættar byggðir hefur nú verið starfrækt í um áratug. Einu sinni á á tímabilinu hefur verið lagt mat á verkefnið, en það var EY (Ernst og Young) sem sá um þá úttekt á árinu 2015, [sjá úttektarskýrslu hér](#). Á fyrri hluta árs 2023 er gert ráð fyrir að lagt verði mat á verkefnið í heild sinni og niðurstöður liggi fyrir síðsumars. Ráðgert er að niðurstöður verði kynntar á viðburði, sem haldinn verður haustið 2023, í tengslum við að tíu ár eru liðin frá því að verkefnið hófst. Í nýrri byggðaáætlun 2022-2036 er gert ráð fyrir verkefninu Brothættar byggðir næstu ár.



Lokaíbúafundur í Glæðum Grímsey í febrúar 2023.



Vígsla á Hafnartanga á Bakkafirði.

Samningar við landshlutasamtök um atvinnu- og byggðapróun

Byggðastofnun gerir samninga um atvinnu- og byggðapróun við sex landshlutasamtök og eitt atvinnuþróunarfélag. Framlag til samningsaðila er ákvarðað af Alþingi ár hvert og ráðstafað úr fjárlagaliðnum Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni. Samningarnir voru endurnýjaðir í lok árs 2022 með gildistíma til ársloka 2027. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti einnig nýja reiknireglu fyrir skiptingu fjár til samningsaðila á fundi sínum 16.12.2022, sem byggir á fimm þáttum: 1) stærð vinnusóknarsvæða og íbúafjölda, 2) fjárlægð frá Reykjavík eða stærri byggðarlögum, 3) íbúapróun sl. fimm ár, 4) viðkvæmum svæðum og 5) atvinnulífi.

Samningsaðilar eru Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV), Vestfjarðastofa, Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE), Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), Atvinnuþróunarfélagið Heklan (undir Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS), Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og Austurbrú. Framlög til samninganna námu 206,3 m.kr árið 2022.

Með umræddum samningum við Byggðastofnun taka samningsaðilar að sér atvinnuráðgjöf í landshlutanum, sem og ýmis verkefni sem styðja við atvinnu- og byggðapróun á þeirra starfssvæðum. Hjá landshlutasamtökunum starfar fjöldi atvinnuráðgjafa með viðtæka menntun og reynslu og getur þjónusta þeirra skipt sköpum fyrir frumkvöðla og fyrirtæki á svæðinu. Þjónusta atvinnuráðgjafa felur í sér leiðsögn og ráðgjöf til einstaklinga, hópa og fyrirtækja er til þeirra leita, s.s. er varðar stofnun og rekstur fyrirtækja á starfssvæðum þeirra, markaðssókn, styrkumsóknir, vöruþróun, fjármögnun, endurskipulagningu og erlend samskipti, svo eitthvað sé nefnt. Eins veita atvinnuráðgjafar ráðgjöf um lán og lánsúmsóknir til Byggðastofnunar eftir atvikum. Útfærsla ráðgjafarinnar á hverju svæði er í höndum samningsaðila og er hún veitt á fjölbreyttan hátt, s.s. í opnum viðtalstímum víðsvegar á starfssvæði þeirra, símtölum, námskeiðum, fyrirlestrum og fyrirtækjaheimsóknum. Undanfarin ár hafa netnámskeið, viðtöl og örfyrirlestrar í gegnum vefinn færst í aukana. Samningurinn fjármagnar einnig að hluta til aðkomu atvinnuráðgjafa



Fulltrúar landshlutasamtaka og Byggðastofnunar í heimsókn til VAXA við Helliðsvirkjun í nóvember 2022, en heimsóknin var hluti af haustfundi landshlutasamtaka og Byggðastofnunar á Suðurlandi, 21.-22. nóvember sl.

og annarra verkefnastjóra að fjölda byggðapróunarverkefna, en landshlutasamtökin hafa stóru hlutverki að gegna er kemur að samkeppnishæfni, bættum búsetuskilyrðum, atvinnulífi og nýsköpunarumhverfi innan starfssvæða sinna.

Samningarnir eru mikilvægir hlekkir í góðu samstarfi Byggðastofnunar og landshlutasamtakanna. Haldnir eru mánaðarlegir fundir með framkvæmdastjórum, auk þess sem sameiginlegir vor- og haustfundir eru haldnir með fulltrúum Byggðastofnunar og fulltrúum landshlutasamtaka ár hvert. Auk þess er lögð áhersla á reglulegt námskeiðahald og náms- og kynnisferðir fyrir atvinnuráðgjafa. Samningurinn felur í sér ákvæði um gagnkvæma miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðapróunar. Í lok árs 2022 lagði meirihluti fjárlaganefndar til 40 m.kr. aukaframlag til samninganna árið 2023. Byggðastofnun og landshlutasamtökin hafa á undanförunum árum ítrekað óskað eftir auknu fjármagni til samninganna. Framlag til samninganna hafði ekki fylgt verðlags- og launapróun sl. ár og lækkaði t.a.m. um 44% frá árinu 2009 til 2021, m.v. þróun launavísitölu. Slíkt hafði í för með sér að undanförunum árum höfðu samningsaðilar neyðst til að skerða þjónustu sína þrátt fyrir aukna ásókn í þjónustu atvinnuráðgjafa. Það er því einkar ánægjulegt að tekist hafi að sækja viðbótarfjármagn fyrir árið 2023 til að tryggja áframhaldandi lykilþjónustu atvinnuráðgjafa landshlutasamtakanna.

Mælaborð

Á heimasíðu Byggðastofnunar er vefsvæði fyrir mælaborð. Þeim er ætlað að veita einfalt og fljótlegt yfirlit yfir ýmis byggðatengd gögn. Þó áfram sé notast við hefðbundnið skýrsluform í reglubundnum verkefnum þróunarsviðs gefa mælaborðin ítarlegri sýn á tölulegu gögnin sem unnið er með og henta því mjög vel sem viðauki. Í mælaborðunum geta notendur síð gögn eftir hentugleika og einblínt til dæmis á einn ákveðinn landshluta. Tölur úr gagnasafni birtast þá jafnóðum í töflum eða gröfum fyrir valin svæði, tiltekið ár eða aðra þætti sem valdir eru. Mæligildi birtast einnig á skýran hátt á kortum þar sem ítarlegri upplýsingar fást með því að færa músarbendil yfir tiltekið landsvæði.

Sífelld er leitast við að uppfæra og auka gagnaförða mælaborðanna sem styðja við starfsemi Byggðastofnunar og koma við sögu í fjölmörgum verkefnum sem þar eru unnin. Mælaborðin nýtast jafnframt í greiningarvinnu hjá samtökum sveitarfélaga, í ýmsum verkefnum innan stjórnsýslunnar svo sem hjá sveitarfélögum og ráðuneytum, sjálfstæðum ráðgjöfum, nemendum og akademísku starfsfólki auk almennings sem lætur sig byggðamál varða.

Áður hafa eftirfarandi [mælaborð](#) verið birt á vefsvæðinu:

1. [Sveitarfélagaskipan](#) aftur til 1875, bæði í stökum árum og í tímabilum, þar sem breytingum á sveitarfélagaskipan eru gerð skil. Íbúafjöldi sveitarfélaga og byggðakjarna eftir kyni og aldri.
2. [Breytingar á íbúafjölda](#) sveitarfélaga og landshluta fyrir valið tímabil, sundurliðað niður í fædda/dána og aðflutta/brottflytta á hverjum stað.
3. Yfirlit yfir og upplýsingar um [húsnæði fyrir óstaðbundin störf](#) utan höfuðborgarsvæðisins.
4. [Orkukostnaður viðmiðunareignar](#) um allt land, sundurliðað í raforku- og húshitunarkostnað, með og án varmadælu til húshitunar þar sem það á við.
5. [Fasteignagjöld viðmiðunareignar](#) um allt land, sundurliðað í fasteignaskatt, lóðarleigu, fráveitugjald, vatns-

gjald og sorpgjald ásamt yfirliti yfir hús- og lóðarmat viðmiðunareignarinnar á hverju matssvæði.

6. [Atvinnutekjur](#) svæða og landshluta eftir kyni og atvinnugreinum, bæði sem heildaratvinnutekjur og sem atvinnutekjur á mann, auk yfirlits yfir hlutdeild atvinnugreina í heildartekjum svæða.
7. [Stöðugildi á vegum ríkisins](#) í árslok eftir landshlutum, sveitarfélögum, kynjum og málaflokkum ráðuneyta.
8. [Íbúakönnun landshlutanna 2020](#) þar sem hægt er að greina svör við valinni spurningu eftir bakgrunni svaraenda, þ.e.a.s. búsetu, kyni, aldri, ríkisfangi, menntun, vinnumarkaðsstöðu og heimilisgerð. Jafnframt er þar samanburður á stöðu og mikilvægi 40 búsetuþátta eftir svæðum.
9. Árið 2022 var birt nýtt mælaborð með gögnum Hagstofu Íslands um [ríkisfang íbúa](#) svæða. Mælaborðið sýnir fjölda íslenskra og erlendra íbúa sveitarfélaga og landshluta, kynja- og aldursdreifingu í hvorum hópi fyrir sig og helstu þjóðerni erlendra ríkisborgara sem búa á Íslandi.

Til viðbótar við mælaborðin sem búið er að birta er á næstu misserum gert ráð fyrir nýjum mælaborðum um m.a. mælikvarða í byggðaáætlun, niðurstöður þjónustukönnunar og lánasafn Byggðastofnunar.

Yfirlit yfir þau [mælaborð](#) sem hafa verið birt er á vef Byggðastofnunar.



Orkukostnaður heimila

Byggðastofnun hefur fengið Orkustofnun til að reikna út kostnað heimila á nokkrum þéttbýlisstöðum og fáeinum dreifbýlisstöðum vegna rafmagns og hita á ársgrundvelli frá árinu 2013. Viðmiðunareignin er einbýlishús, 140 m² að grunnfleti og 350m³. Almenn raforkunotkun er sú raforka sem er notuð í annað en að hita upp húsnæði, s.s. ljós og heimilistæki en miðað er við 4.500 kWst í almennri rafmagnsnotkun og 28.400 kWst við húshitun án varmadælu en 14.200 kWst með varmadælu. Mikill munur er á orkuverði á milli þéttbýlisstaða, fyrst og fremst vegna mismunandi húshitunarkostnaðar. Orkukostnaður í dreifbýli er almennt hærri en í þéttbýli en bilið þar á milli minnkaði mikið árið 2021, vegna aukins dreifbýlisframlags.

Alls eru 92 byggðakjarnar í greiningunni og ná tölur fyrir þá aftur til ársins 2014. Auk þess er orkukostnaður fyrir dreifbýli án hitaveitu reiknaður.

Raforka. Notendur eru bundnir því að greiða fyrir flutning og dreifingu á rafmagni frá dreifiveitum sem hafa sérleyfi á viðkomandi svæði. Notendur geta keypt raforku af hvaða sölufyrirtæki sem er en þau eru nokkur og með mismunandi verð. Lægsta mögulega verð er það verð sem fæst með því að velja orkusala sem býður lægsta söluverð á raforku á hverjum tíma.

Lægsta mögulega verð fyrir viðmiðunareignina, með flutnings- og dreifingarkostnaði, fæst hjá Veitum á höfuðborgarsvæðinu og á Akranesi, um 81 þ.kr. Hæsta gjald í byggðakjörnum sem eru skilgreindir sem þéttbýli er um 98 þ.kr. hjá Orkubúi Vestfjarða en raforkuverð eru hærri í dreifbýli, hjá RARIK og Orkubúi Vestfjarða, eða um 114-115 þ.kr. Munur á raforkukostnaði milli þéttbýlis og dreifbýlis minnkaði mikið árið 2021, vegna aukins dreifbýlisframlags og breytinga á fyrirkomulagi þess. Hæsta raforkuverð fyrir viðmiðunareign er í Grímsey 123 þ.kr., þar sem rafmagn er framleitt með díselrafstöð.




Frá Suðureyri.

Húshitun. Lægsti húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareign er á Flúðum um 70 þ.kr. og þar næst í Brautarholti á Skeiðum og á Seltjarnarnesi um 75 þ.kr. Á þessum stöðum er lægsti húshitunarkostnaður um þriðjungur af kostnaðinum þar sem hann er hæstur. Hæsti húshitunarkostnaðurinn er í Grímsey um 231 þ.kr., þar sem kynt er með olíu. Þar fyrir utan er húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareign hæstur á stöðum þar sem notast er við kynta hitaveitu, þ.e.a.s. á Ísafirði, í Bolungarvík, á Seyðisfirði, Patreksfirði, Suðureyri og Flateyri eða um 209 þ.kr. Þó eru dæmi um að húshitunarkostnaður sé álíka hár þar sem hefðbundnar hitaveitur eru, svo sem á Grenivík, Kópaskeri og á Höfn og í Nesjahverfi en þar er ný hitaveita. Á stöðum sem þurfa að nota beina rafhitun er lægsti húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareignina nú um 177 þ.kr., en með varmadælu er áætlað að hann geti verið um 88 þ.kr.

Áætlað er að með svokallaðri loft í vatn varmadælu sé hægt lækka kostnað við rafhitun um 50%. Þeir sem eru með beina rafhitun í íbúðarhúsnæði sínu geta sótt um eingreiðslu (styrk) til Orkustofnunar til að setja upp varmadælu. Íbúar sem fá orkuna frá kyntri hitaveitu eða hitaveitu geta ekki fengið slíka eingreiðslu en þó er mögulegt að fá eingreiðslu þar sem verið er að leggja hitaveitu á rafhituðum svæðum ef útreikningarsýna að það sé hagstæðara að vera áfram með niðurgreidda rafhitun heldur en hitaveitu. Fólk sem býr í íbúðarhúsnæði sem er með beina rafhitun í Vestmannaeyjum og á ekki kost á tengingu við sjóvarmaveituna getur sótt um eingreiðslu.

Nánari upplýsingar um orkukostnað heimila eru í skýrslunni [Samanburður á orkukostnaði heimila árið 2022](#) og í mælaborði sem hvort tveggja eru aðgengileg á heimasíðu Byggingastofnunar.



Mynd 7. Orkukostnaður alls árið 2022, miðað við gjaldskrá 1. september 2022.

Fasteignamat og fasteignagjöld

Byggðastofnun hefur fengið Þjóðskrá Íslands til að reikna út fasteignamat á sömu viðmiðunarfasteigninni í þéttbýli um allt land. Viðmiðunareignin er einbýlishús sem er 161,1 m² að grunnfleti og 476 m³ á 808 m² lóð. Fasteignagjöld viðmiðunareignarinnar eru reiknuð út af Byggðastofnun samkvæmt álagningarreglum ársins 2022 eins og þær eru í hverju sveitarfélagi út frá fasteignamati Þjóðskrár sem gildir frá 31. desember 2021. Fasteignagjöld samanstanda af fasteignaskatti, lóðarleigu, fráveitugjaldi, vatnsgjaldi og sorpgjöldum. Matssvæðin eru nú 99 í 50 sveitarfélögum, þar af 27 á höfuðborgarsvæðinu og 72 utan þess.

Heildarfasteignamat, þ.e.a.s. samanlagt verðmat fasteignar og lóðar, er mjög mismunandi eftir því hvar á landinu fasteignin er. Meðaltal heildarfasteignamats allra 99 matssvæðanna er 46,3 m.kr. Meðalfasteignamat matssvæðanna 27 á höfuðborgarsvæðinu er 80,5 m.kr., á Suðurnesjum 45,7 m.kr. (6 svæði), á Vesturlandi 36,6 m.kr. (10 svæði), á Vestfirðum 24,5 m.kr. (12 svæði), á Norðurlandi vestra 30,0 m.kr. (5 svæði), á Norðurlandi eystra 35,3 m.kr. (15 svæði), á Austurlandi 25,1 m.kr. (11 svæði) og á Suðurlandi 40,2 m.kr. (13 svæði).

Þróun fasteignagjalda frá árinu 2014 hefur verið sú að þau hafa víðast hvar hækkað nokkuð en fasteignamat hefur að sama skapi hækkað mikið. Á 31 matssvæði sem eldri gögn ná til hefur meðaltal heildarfasteignagjalda hækkað um 29% frá 2014 til 2022 (m.v. verðlag 2022). Á sama tíma hækkaði fasteignamat að meðaltali um 55%.

Árið 2022 er meðaltal heildarfasteignagjalda viðmiðunareignar á öllum 99 matssvæðunum um 363 þ.kr. Meðalfasteignagjöld á matssvæðunum 13 á Suðurlandi eru 405 þ.kr., á Vesturlandi 396 þ.kr. (10 svæði), á höfuðborgarsvæðinu 385 þ.kr. (27 svæði), á Suðurnesjum 377 þ.kr. (6 svæði), á Norðurlandi vestra 343 þ.kr. (5 svæði), á Norðurlandi eystra 337 þ.kr. (15 svæði), á Vestfirðum 322 þ.kr. (12 svæði) og á Austurlandi 315 þ.kr. (11 svæði).


Þó það séu nokkuð sterk línuleg tengsl milli heildarfasteignamats og heildarfasteignagjalda eru ekki bein tengsl þar á milli vegna mismunandi álagningarreglna sveitarfé-

laga. Til dæmis er hæsta fasteignamat viðmiðunareignarinnar í Suður-Þingholti og á Ægisiðu og í Högum en gjöld eru þó víða hærri. Að meðaltali samsvara heildarfasteignagjöld viðmiðunareignarinnar um 1,0% af heildarfasteignamati á matssvæðunum 99. Hlutfall fasteignagjalda af fasteignamati er þó almennt hæst þar sem matið er lægst og lækkar með hækkanði fasteignamati en þó hvergi undir 0,4%.

Nánari upplýsingar má sjá í skýrslunni [Samanburður fasteignagjalda heimila árið 2022](#) og í [mælaborði á heimasíðu Byggðastofnunar](#).

Landshluti	Mats- svæði	Sveitar- félög	Fasteigna- mat m.kr* (meðaltal)	Fasteigna- gjöld þ.kr* (meðaltal)
Höfuðborgarsvæði	27	6	80,5	384,6
Suðurnes	6	4	45,7	377,0
Vesturland	10	7	36,6	396,4
Vestfirðir	12	6	24,5	321,6
Norðurland vestra	5	4	30,0	343,0
Norðurland eystra	15	10	35,3	336,7
Austurland	11	3	25,1	314,9
Suðurland	13	10	40,2	405,1
Landið allt	99	50	46,3	363,3

Tafla 2. Fasteignamat og fasteignagjöld eftir landshlutum.



Mynd 8. Hlutfall fasteignagjalda af fasteignamati (punktartit).

Atvinnutekjur

Byggðastofnun hefur undanfarin ár fengið gögn frá Hagstofu Íslands um atvinnutekjur eftir atvinnugreinum og svæðum til þess að skoða hvaða atvinnugreinar standa undir tekjum íbúa eftir landsvæðum og greina breytingar sem verða þar á. Tekjur einstaklinga fylgja lögheimili þeirra en ekki staðsetningu launagreiðanda.

Heildaratvinnutekjur á árinu 2021 námu 1.462 ma.kr. sem var um 70 ma.kr. meira en árið 2020 eða sem nemur 5,0%. Árin 2012 til 2021 jukust núvirtar atvinnutekjur á landinu öllu um 490 ma.kr. eða um 50,4%. Hlutfall atvinnutekna kvenna á landinu öllu var 41,3% á árinu 2021 sem er hækkun um 0,2 prósentustig frá 2020 og 2,3 prósentustig frá 2012.

Stærsta grein mæld í atvinnutekjum árið 2021 var opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta með 460 ma.kr. (31,5%), heild- og smásöluverslun og viðgerðir á vélknúnum ökutækjum kom næst með 154 ma.kr. (10,6%), framleiðsla án fiskvinnslu var með 144 ma.kr. (9,8%) og fjármálastarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta með 122 ma.kr. (8,4%).

Á tímabilinu 2012 til 2021 jukust heildaratvinnutekjur í flestum atvinnugreinum um 40-70%. Mest hlutfallsleg aukning á árunum 2012-2021 var í fiskeldi, en heildaratvinnutekjur í greininni hækkuðu úr 0,8 ma.kr. í 4,5 ma.kr. eða um 463%. Mjög mikil aukning varð einnig í byggingastarfsemi árin 2012-2021 eða 141% og atvinnutekjur í opinberri stjórnsýslu, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónustu jukust um 67% á sama tímabili. Gríðarleg aukning var í rekstri gisti- og veitingastaða árin 2012-2019 en árið 2020 varð um þriðjungs samdráttur í greininni vegna COVID-19 og þó atvinnutekjur í greininni hafi hækkað árið 2021 hafa þær ekki verið lægri síðan 2015. Þá hafa atvinnutekjur í fiskveiðum dregist saman um 30% frá árinu 2012.

Árið 2021 voru atvinnutekjur á íbúa hæstar á Austurlandi eða um 4,4 m.kr., næst hæstar á Vestfjörðum 4,2 m.kr. og þar næst á höfuðborgarsvæðinu 4,1 m.kr. Á árinu 2021 jukust heildaratvinnutekjur í öllum landshlutum en mesta aukning atvinnutekna varð þó á Austurlandi, eða 9,3%, þó enginn samdráttur heildaratvinnutekna hafi verið þar árið áður. Þar fyrir utan varð mest aukning á Suðurlandi 6,4% og á Suðurnesjum 5,8%, en það voru landshlutarnir sem glímdu við mestan samdrátt í atvinnutekjum árið áður.

	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Höfuðborgarsv.	635,5	663,0	699,9	761,8	844,1	912,0	955,6	961,5	925,8	970,2
Suðurnes	55,9	59,0	62,9	70,5	82,2	94,1	103,5	103,4	90,9	96,2
Vesturland	45,6	46,0	48,2	51,9	56,3	59,3	62,9	63,1	61,0	63,9
Vestfirðir	21,5	22,3	22,6	24,6	26,8	27,0	28,3	28,8	28,4	29,8
Norðurland v.	19,6	20,2	20,3	21,5	22,8	23,5	24,4	25,5	25,1	26,0
Norðurland e.	85,0	86,8	89,4	96,3	104,2	109,4	113,6	114,8	111,9	116,3
Austurland	35,9	36,3	37,3	40,0	41,0	42,2	43,9	44,1	44,2	48,3
Suðurland	72,8	74,5	77,0	84,0	92,7	99,3	105,9	109,2	104,4	111,1
Landið allt	972	1.008	1.058	1.151	1.270	1.367	1.438	1.450	1.392	1.462

Tafla 3. Heildaratvinnutekjur landshluta 2012-2021 í milljörðum króna (verðlag ársins 2021).

Ríkisstörf

Byggðastofnun hefur frá áramótum 2013/2014 gert árlega könnun á staðsetningu starfa á vegum ríkisins. Fyrir liggja nú tölur um fjölda stöðugilda við áramót 2021/2022. Störf-in eru mun fleiri en stöðugildin en Byggðastofnun hefur kosið að setja upplýsingarnar fram í fjölda stöðugilda. Miðað er við hvar störfin eru unnin, en ekki hvar viðkomandi starfsmaður býr. Mikið er lagt upp úr því að hafa gögnin sambærileg milli ára en engin önnur gögn eru til um staðsetningu og fjölda starfa eða stöðugilda hjá ríkinu. Gagnaöflun fer því fram með skipulögðum hætti og mikil vinna fer í að rýna gögnin. Auk skýrslu með helstu niðurstöðum kom út mælaborð sem sýnir fjölda stöðugilda eftir landshlutum, sveitarfélögum og málaflokkum ráðuneyta.

Stöðugildi á vegum ríkisins voru 26.610 við áramót 2021/2022. Flest stöðugildin eru unnin á höfuðborgarsvæðinu, enda er meirihluti landsmanna búsettur þar. Hins vegar er hlutfall stöðugilda á höfuðborgarsvæðinu (72%) hærra en hlutfall landsmanna sem þar býr (64%). Frá áramótum 2014/2015 hefur stöðugildum fjölgað um 3.989 eða um 17,6% en á árinu 2021 fjölgaði stöðugildum um 1.328 eða um 5,3%. Stöðugildum kvenna fjölgaði um 917 (5,7%) árið 2021 en stöðugildum karla fjölgaði um 411 (4,5%). Mest fjölgun stöðugilda karla var hjá ISAVIA og

einnig var nokkur fjölgun þeirra hjá háskólum og Landspítala. Skýring á fjölgun stöðugilda kvenna tengist fyrst og fremst fjölgun þeirra á heilbrigðisstofnunum og hjúkrunar- og dvalarheimilum sem koma eflaust að talsverðu leyti til vegna áhrifa COVID-19. Auk þess var nokkur fjölgun stöðugilda kvenna hjá ISAVIA og háskólum.

Flest stöðugildi, eða 44% eru vegna málaflokka heilbrigðisráðuneytisins og skipa konur um 82% þeirra. Þeirra á meðal eru tæplega fimm þúsund stöðugildi vegna Landspítalans og mikill fjöldi starfa hjá heilsugæslustöðvum, heilbrigðisstofnunum og hjúkrunar- og dvalarheimilum. Næst flest stöðugildi eru vegna málaflokka mennta- og menningar- málaráðuneytisins, til að mynda störf hjá háskólum, framhaldsskólum og menningarstofnunum.

Í eftirfarandi töflu má sjá heildarfjölda stöðugilda hjá ríkinu um áramót átta ár í röð, skipt niður á kyn. Sjá má að stöðugildum hefur fjölgað á milli ára, þó hlutfallslega mest árið 2021.

Skiptingu ríkisstarfa eftir kyni, sveitarfélagi, landshluta og málaflokkum ráðuneyta er að finna í skýrslunni [Hvar eru ríkisstörfin?](#) og í [mælaborði](#) sem hvort tveggja eru aðgengileg á heimasíðu Byggðastofnunar.

Dagsetning	Stöðugildi		Samtals stöðugildi	Breyting milli ára	
	kvenna	karla			
31.12.2014	14.210	8.412	22.622	+63	+0,3%
31.12.2015	14.437	8.530	22.967	+345	+1,5%
31.12.2016	14.915	8.668	23.583	+616	+2,7%
31.12.2017	15.349	8.869	24.218	+635	+2,7%
31.12.2018	15.685	9.009	24.694	+476	+2,0%
31.12.2019	15.746	9.172	24.918	+224	+0,9%
31.12.2020	16.183	9.099	25.282	+365	+1,5%
31.12.2021	17.100	9.511	26.610	+1328	+5,3%

Tafla 4. Fjöldi stöðugilda á vegum ríkisins 2014-2021.

Þjónustukort

Byggðastofnun hefur unnið að þjónustukortinu frá því á fyrri hluta árs 2018 og sótt ráðgjöf til Landmælinga Íslands, Alta ráðgjafastofu og Capacent. Fyrstu drög að kortinu voru sett fram í júlí 2018. Fjölmörgum þjónustubáttum hefur verið bætt við kortið og upplýsingum um hvar þjónustuna er að finna. Skoða má [þjónustukortið](#) á vef Byggðastofnunar.

Vinna við þjónustukortið felur í sér gagnaöflun og uppfærslu gagna í samstarfi við fjölda ríkisstofnana, ráðuneyta og sveitarfélaga. Kortið þarf að vera sem réttast hverju sinni og uppfæra þarf gögnin reglulega.

Gagnasafnið er opið og aðgengilegt öllum. Niðurhalssíða fyrir kortið opnaði á árinu 2019 en þar má hlaða niður á einfaldan hátt gögnum sem Byggðastofnun á og birt eru á kortinu. Sem notandi landupplýsinga er Byggðastofnun í hópi stofnana sem taka þátt í samráðshópi stjórnenda um grunngerð landupplýsinga sem stýrt er af Landmælingum Íslands.


Framvinda verksins var í samræmi við verkáætlun þar sem í upphafi var gert ráð fyrir skráningu um 72 þjónustubátta ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila, en síðan hefur þeim fjölgað. Þeim þjónustubáttum sem hægt er að koma í sjálfvirka uppfærslu hefur nú verið komið þannig fyrir en ljóst er að mörg gagnasett þarf enn að uppfæra handvirkt.

Árið 2020 fór fram viðmótshönnun þar sem þjónustukortið var rýnt út frá notendaupplifun og í kjölfarið var sían vinstra megin á kortinu endurbætt og ýmis önnur virkni gerð skýrari. Litir og leturgerð í jaðri kortsins voru uppfærð í samræmi við hönnunarstaðal Byggðastofnunar og merki þjónustubátta samræmd.

Árið 2021 var áfram unnið að viðmótshönnun kortsins. Jafnframt voru nöfn þjónustubátta þýdd yfir á ensku og pólsku og nú er þjónustukortið því aðgengilegt á þremur tungumálum.



Frá Fáskrúðsfirði.



Mynd 9. Kortasjá Byggðastofnunar.

Sóknaráætlanir landshluta

Með lögum um byggðaaætlun og sóknaráætlanir frá árinu 2015 og fimm ára samningum milli ríkisins og landshlutasamtaka sveitarfélaga var verklag og hugmyndafræði sóknaráætlana fest í sessi. Almenn má segja að vel hafi tekist til og virðist ríkja almenn ánægja með þetta fyrirkomulag. Mörg áhugaverð verkefni hafa farið af stað á vegum sóknaráætlana, bæði sem áhersluverkefni og verkefni styrkt af uppbyggingarsjóðum. Byggðastofnun hefur frá upphafi sóknaráætlana árið 2012 farið með verkefnisstjórn.

Landshlutasamtök sveitarfélaga bera ábyrgð á framkvæmd sóknaráætlana og eru þær unnar í víðtæku samráði heimamanna. Skipta má verkefninu í þrjá meginþætti, þ.e. hin eiginlega sóknaráætlun sem er stefnuskjal og svo áhersluverkefni og verkefni uppbyggingarsjóða sem ætlað er að styðja við framgang þeirra. Núgildandi samningar ná yfir tímabilið 2020-2024.

Árlega vinna landshlutasamtökin greinargerð sóknaráætlana liðins árs og stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál leggur fram heildargreinargerð, sem unnin er af Byggðastofnun. Sú greinargerð liggur fyrir að vori eða hausti eftir aðstæðum. Upplýsingar sem hér birtast eru úr greinargerð fyrir árið 2021.

Grunnframlög ríkisins til sóknaráætlana landshluta komu frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og mennta- og menningarmálaráðuneytinu og voru 806 m.kr. árið 2021. Að auki lagði ríkið til 179,3 m.kr. til sex landshluta með viðaukasamningum, sem er talsverð lækkun frá árinu 2020 og skýrist fyrst og fremst af framlagi vegna COVID-19 það ár, en framlagið þá voru tæpar 529 m.kr. og þá til sjö landshluta. Framlög ríkisins renna annars vegar til uppbyggingarsjóða og hins vegar til áhersluverkefna. Hver landshluti ákveður skiptinguna. Þá er landshlutunum heimilt að nýta tiltekna upphæð í umsýslu.

Uppbyggingarsjóðir eru samkeppnissjóðir sem hafa það hlutverk að styrkja verkefni sem falla að sóknaráætlun landshlutans, menningar- og nýsköpunarverkefni, auk annarra verkefna sem falla að sóknaráætlun hvers landshluta. Sjóðirnir styrkja að jafnaði ekki meira en 50% af kostnaði verkefna. Sérstök úthlutunarnefnd fer fyrir hverjum sjóði, skipuð af heimamönnum.

Á árinu 2021 bárust uppbyggingarsjóðunum sjö samtals 1.115 umsóknir. Flestar voru þær á Suðurlandi (280 umsóknir) og fæstar á Suðurnesjum (74 umsóknir). Heildarupphæð umsókna var rúmlega 1,9 milljarður króna. Samtals voru 554 verkefni styrkt, að upphæð rúmar 449,3 m.kr. Mótframlag styrkþega er að lágmarki sama upphæð.

Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangs. Ekki er gerð krafa um mótframlag. Á höfuðborgarsvæðinu er ekki sérstakur uppbyggingarsjóður heldur kveður samningurinn einungis á um áhersluverkefni.

Í öllum átta landshlutunum var samtals unnið að 72 áhersluverkefnum árið 2021 en voru 60 árið 2020. Heildarframlag úr sóknaráætlunum til þessara verkefna nam rúmu 381,5 m.kr. árið 2021 sem var talsverð lækkun frá árinu áður þegar það var rúmar 564 m.kr. Ótalið er mótframlag heimamanna.

Fulltrúar í hverjum samráðsvettvangi voru á bilinu 30-105, samtals 369 einstaklingar sem er nokkur fækkun frá fyrra ári. Þegar greinargerðin var unnin hafði enn ekki verið skipaður nýr samráðsvettvangur fyrir Norðurland eystra og því voru engir fulltrúar skráðir fyrir það svæði. Kynjahlutfall samráðsvettvangs og fagraða er almennt nokkuð jafnt, en aldursdreifing fulltrúa samráðsvettvangs síður, því illa gengur að fá ungt fólk inn. Langflestir eru á aldrinum 40-60 ára. Fáir eru 25 ára og yngri.

Verkefnastyrkir samkvæmt stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018–2024

Á grundvelli gildandi byggðaaætlunar 2018-2024 var ákveðið að veita styrki í fjögur verkefni á byggðaaætlun. Um er að ræða í fyrsta lagi sértæk verkefni sóknaráætlana-svæða, C.1., en alls eru áætlaðar 870 m.kr. af byggðaaætlun í þau verkefni á tímabilinu. Í öðru lagi framlög til að styðja verslun í strjálbýli, A.9., en 55 m.kr. eru áætlaðar í þau verkefni og í þriðja lagi almenningssamgöngur um land allt, A.10., en í þau verkefni eru áætlaðar 107,5 m.kr. Loks eru framlög til fjarvinnslustöðva, B.8.

Á árinu 2022 voru auglýstir styrkir úr þremur þessara potta, A.9., heildarfjárhæð 30 m.kr., B.8., heildarfjárhæð 35 m.kr. og C.1., heildarfjárhæð 120 m.kr. Úthlutað var skv. reglugerð ráðherra. Samkvæmt reglum fer Byggðastofnun með umsýslu umsókna, gerð samninga, umsýslu greiðslna og eftirlit með framkvæmd samninga þessara verkefna.

A.9. Framlög til verslunar í strjálbýli.

Auglýst var eftir umsóknum um styrki með umsóknarfresti í október og bárust 11 umsóknir og fengu átta verkefni styrk. Samtals voru 30 m.kr. til úthlutunar. Verkefnin sem hlutu styrk voru:

Verslun í Árneshreppi. Styrkfjárhæð kr. 6.000.000,-. Styrkþegi, Verzlunarfélag Árneshrepps ehf. Styrkur vegna rekstrarkostnaðar.

Pöntunarþjónusta Hafnartanga, Bakkafirði. Styrkfjárhæð kr. 1.644.000,-. Styrkþegi, North East Travel ehf. Styrkur til að bæta aðstöðu og auka sýnileika með gerð skiltis og heimasíðu og rekstrarstyrkur.

Smásöluverslun, pósthjónusta, bensín- og olíuafgreiðsla, samfélagshús. Styrkfjárhæð kr. 7.800.000,-. Styrkþegi, Verslunarfélag Drangsness. Styrkur til endurbóta á húsnæði og kaupa á búnaði og einnig rekstrarstyrkur.

Styrkur til kaupa á búnaði og styrkur til rekstrar. Styrkfjárhæð kr. 4.730.000,-. Styrkþegi, Hríseyjarbúðin ehf. Rekstrarstyrkur og styrkur til kaupa á tækjum/búnaði.

Verslun í Grímsey. Styrkfjárhæð kr. 2.000.000,-. Styrkþegi, Kríuveitingar ehf. Styrkur vegna rekstrarkostnaðar.

Lágvöruverslunin Skerjakolla á Kópaskeri. Styrkfjárhæð kr. 2.826.000,-. Styrkþegi, Skerjakolla ehf. Styrkur til endurbóta á húsnæði.

Gvendarkjör, Kirkjubæjarklaustri. Styrkfjárhæð kr. 2.500.000,-. Styrkþegi, K880 ehf. Styrkur til kaupa á tækjum og búnaði.

Endurbætur á hreinlætisaðstöðu. Styrkfjárhæð kr. 2.500.000,-. Styrkþegi, Verslunin Gunnubúð ehf., Raufarhöfn. Styrkur til endurbóta á hreinlætisaðstöðu og endurnýjun á skólplögn.

A.10. Framlög til verkefna á sviði almennings-samgangna.

Ekki voru auglýstir styrkir á árinu 2022.

B.8. Framlög til fjarvinnslustöðva.

Auglýst var eftir umsóknum í byrjun árs 2022. Úthlutað var 35 m.kr. til fjögurra verkefna, en sex umsóknir bárust. Verkefnin sem hlutu styrki voru eftirfarandi:

Persónulegar heimildir: Myndir og minningar. Styrkfjárhæð kr. 10.936.000,- fyrir árin 2022-2023. Styrkþegi, Háskóli Íslands. Fjarvinnsla á vegum Rannsóknaseturs HÍ á Ströndum í samvinnu við söfn og þjóðmenningarstofnanir á svæðinu og á landsvísu. Ráða á í eitt og hálf stöðugildi til að safna upplýsingum og skrá menningararf á sviði þjóðfræði og koma á stafrænt og aðgengilegt form. Flokka á ljósmyndir frá Ströndum, gamlar dagbækur á landsvísu og viðtöl úr Vesturheimi og nýrri viðtöl tekin á Ströndum.

Skráning sóknarmannatala. Styrkfjárhæð kr. 16.504.000,- fyrir árin 2022-2023. Styrkþegi, Þjóðskjalasafn Íslands. Ráða á í tvö störf á Bakkafirði og Raufarhöfn. Koma á opinberum gögnum á stafrænt form og gera þau aðgengileg fyrir almenning. Innsláttur sóknarmannatala sem varðveitt eru í frumritum í Þjóðskjalasafni í leitabæran gagnagrunn. Sóknarmannatölin eru frumheimildir um líf og störf Íslendinga frá 18.-20. öld.

Skráning í Sarp við Menningarmiðstöð Þingeyinga á Húsavík. Styrkfjárhæð kr. 4.000.000,-. Styrkþegi, Þjóðminjasafn Íslands. Fjarvinnsluverkefni unnið við Menningarmiðstöð Þingeyinga á Húsavík. Tengja og nýskrá upplýsingar um ljósmyndir sem varðveittar eru á Þjóðminjasafni í menningarsögulega gagnasafnið Sarp og gera ljósmyndirnar aðgengilegar almenningi. Um er að ræða 14 þúsund ljósmyndir og tilheyrandi lýsigögn.

Skönnun skjalasafns sýslumanns í starfskerfið Sýslu. Styrkfjárhæð kr. 3.560.000,-. Styrkþegi, Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum. Átaksverkefni við skönnun skjalasafns sýslumanns í Vestmannaeyjum í starfskerfið Sýslu. Skjalasafnið verði aðgengilegt á rafrænu formi, áður en það verður afhent Þjóðskjalasafni. Verkefnið nær til allra málaflokka sem eru í starfskerfinu Sýslu. Ráða á í hálf stöðugildi í eitt ár eða heilt stöðugildi í hálf ár.

C.1. Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða.

Auglýst var eftir umsóknum snemma árs 2022. Alls bárust 24 umsóknir og veitt var styrkjum til átta verkefna að fjárhæð 120 m.kr. Verkefnin sem hlutu styrk voru þessi:

Undirbúningur og forsendugreining hitaveitu í Árneshreppi. Styrkfjárhæð kr. 5.625.000,-. Styrkþegi, Fjórðungssamband Vestfirðinga, FV. Undirbúningur lagningar hitaveitu í Árneshreppi. Greining forsenda, hönnun, gerð fjárhagsáætlunar, samningagerð og stofnun rekstrarfélags.

Gróðurhús í Öxarfirði. Styrkfjárhæð kr. 1.500.000,-. Styrkþegi, Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE. Ráða á verkefnisstjóra með aðsetur á Kópaskeri. Verkefnið snýst um nýtingu auðlinda í Öxarfirði, með jarðhita í sandinum og nýtingu hans fyrir gróðurhús.

Jarðhitarannsóknir við Gálmaströnd. Styrkfjárhæð kr. 17.000.000,-. Styrkþegi, Fjórðungssamband Vestfirðinga, FV. Undirbúningur og grunnrannsóknir vegna uppbyggingar nýrra atvinnutækifæra í Strandabyggð. Ljúka á jarðhitarannsóknunum og undirbúa vinnsluhölu við Gálmaströnd í Steingrímsfirði.

Grænir iðngarðar á Reykhólum. Styrkfjárhæð kr. 25.000.000,- árin 2022-2023. Styrkþegi, Fjórðungssamband Vestfirðinga, FV. Grænir iðngarðar eiga að auka aðdráttarafi svæðisins til fjárfestinga og nýsköpunar og auka þannig fjölbreytni í atvinnulífi og nýtingu á auðlindum svæðisins. Kostnaður felst í ráðgjöf, verkefnisstjórn og aðstöðu, viðburðum og uppbyggingu Þörungamiðstöðvar.

Orkusparnaður á Bakkafirði. Styrkfjárhæð kr. 10.000.000,- Styrkþegi, Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE. Markmiðið er að útvega hitun fyrir Hafnartangann á Bakkafirði og aðliggjandi svæði, en þar má finna alla þjónustu Bakkafjarðar fyrir heimamenn og gesti.

Áfram Hrísey. Styrkfjárhæð kr. 10.000.000,- árin 2022-2023. Styrkþegi, Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE. Markaðssetja á Hrísey sem vænlegan búsetukost. Ráðinn verður verkefnisstjóri í því skyni. Styrkur er til greiðslu launa og til kaupa á tækjum og búnaði.

Aðgerðaáætlun um sjálfbæra lýðfræðilega þróun miðsvæðisins. Styrkfjárhæð kr. 13.200.000,-. Styrkþegi, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, SASS. Rannsókn og greining meðal íbúa af erlendum uppruna, gerð móttökuáætlana á svæðinu fyrir nýja íbúa, gerð markaðsgreiningar og markaðssetningar með áherslu á að laða að fjölskyldufólk og gera verkefnaáætlun um aðrar aðgerðir sem styðja við markmið verkefnisins.

Nýsköpunar- og þróunarverkefni í öldrunarþjónustu í Fjallabyggð. Styrkfjárhæð kr. 37.675.000,- árin 2022-2024. Styrkþegi, Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE. Fjallabyggð verði nýsköpunar- og þróunarsamfélag á sviði þjónustu við eldra fólk. Markmiðið er að endurmeta uppbyggingu, hugmyndafræði, áherslur, vinnulag, tækni og samhæfingu í velferðarþjónustu hjá sveitarfélaginu.

A.15. Opinber grunnþjónusta og jöfnun aðgengis

Á árinu 2018 hófst vinna við verkefni byggðaáætlunar 2018-2024 sem bar númerið A.18. og heitið „Skilgreining opinberrar grunnþjónustu og jöfnun aðgengis.“ Markmið þess var að „Íbúar landsins, óháð búsetu, hafi jafnt aðgengi að opinberri grunnþjónustu með bættum aðstæðum og tæknilausnum.“ Skilgreina átti rétt fólks til opinberrar grunnþjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu, löggæslu, menntunar, samgangna og fjarskipta. Markmið með verkefninu sem nú liggur fyrir, A.15. er að „aðgengi og þjónustustig opinberrar grunnþjónustu verði jafnað með bættum aðstæðum og tæknilausnum.“

Vinnuhópur Byggðastofnunar vann verkefnið upphaflega í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga, stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál, byggðamálaráð, stofnanir og fjölmörg ráðuneyti. Í júní 2020 sendi hópurinn minnisblað til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis með þremur tillögum er snúa að grunnskóla, heilbrigðisþjónustu og almenningssamgöngum. Nokkurt hlé varð á verkefninu meðan beðið var samþykktar nýrrar byggðaáætlunar. Einnig urðu mannabreytingar í verkefnishópi Byggðastofnunar. En haustið 2022 hófst vinna á ný af fullum krafti.

Tillaga að skilgreiningu á opinberri grunnþjónustu, aðgengi og rétti ásamt greinargerð var birt í samráðsgátt stjórnvalda í ágúst 2021. Umsagnir bárust frá sex aðilum, uppfærð skilgreining fer inn í samráðsgáttina vorið 2023.

Samkvæmt lýsingu á verkefninu í aðgerð A.15. á byggðaáætlun skal skilgreina aðgengi að opinberri grunnþjónustu, skilgreina lágmarksþjónustustig opinberrar grunnþjónustu fyrir dreifbýli, þar sem of kostnaðarsamt getur þótt að veita þjónustuna og leggja fram tillögur um tæknilega framkvæmd og jöfnun kostnaðar við að sækja þjónustu á vegum ríkisins. Þessi síðasti liður tengist náíð aðgerð A.16. á byggðaáætlun. Næstu skref eru að skilgreina aðgengi að grunnþjónustu og skilgreina lágmarksþjónustustig og í kjölfarið að leggja fram tillögur um framkvæmd og jöfnun kostnaðar. Sem fyrr verður verkefnið unnið í nánú samstarfi við hagaðila.



Frá Ísafirði.

Þjónustuáætlanir sveitarfélaga

Innviðaráðuneytið fór þess á leit við Byggðastofnun í lok ágúst 2022 að unnar yrðu leiðbeiningar um hvernig sveitarfélög geti útfært stefnu um þjónustustig til byggðarlaga utan stærstu byggðarkjarna viðkomandi sveitarfélags. Í þeim tilgangi að auðvelda sveitarfélögum að vinna að þjónustuáætlunum/þjónustustefnu sveitarfélaga.

Tilfnið var nýtt ákvæði í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 sem kveður á um að sveitarstjórn skuli móta stefnu um þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggð-um og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum.



Úr Skagafirði.

Greinin er svohljóðandi:

130.gr.a. Stefna um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum sveitarfélags.

- *Samhliða fjárhagsáætlun, sbr. 62.gr., skal sveitarstjórn móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum viðkomandi sveitarfélags.*
- *Við gerð og mótnun stefunnar skal sveitarstjórn hafa samráð við íbúa sveitarfélagsins.*

Málsmeðferð við afgreiðslu stefunnar skal að öðru leyti vera skv. 3.mgr. 62.gr.

Þetta er nýmæli í lögum og því þykir þörf á fyrirmynd að slíkri þjónustustefnu. Vinnuhópur Byggðastofnunar taldi Norðurþing kjörið til skoðunar og sem fyrirmynd í þetta verkefni, af ýmsum ástæðum. Norðurþing er landstórt sveitarfélag með nokkra byggðakjarna. Tveir þeirra, Raufarhöfn og Kópasker, liggja langt frá stærsta kjarnanum, Húsavík, þar sem stjórnsýsla sveitarfélagsins er staðsett. Þá er einnig horft til þess að komin er reynsla á stjórnsýslu og þjónustu í sveitarfélaginu frá sameiningu fjögurra sveitarfélaga á árinu 2007.

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti að sveitarfélagið starfi að því með Byggðastofnun að vinna leiðbeiningar um þjónustustefnu og hófst það samstarf á haustdögum 2022. Í byrjun samstarfs varð ljóst að áætlaður tími til verksins væri of knappur, en upphaflega var mælt til þess að verki lyki fyrir 1. desember 2022 og féllst innviðaráðuneytið á að veita tíma til vors 2023. Í árslok 2022 var vinna við kortlagningu þjónustubátta í Norðurþingi langt komin, en hún verður grundvöllur áframhaldandi vinnu í verkefninu.

Aðlögun íslenskra sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga

Í uppfærðri aðgerðaáætlun innan stefnumótandi byggða-áætlunar 2022-2036 sem samþykkt var í júní 2022 mátti finna nýja aðgerð innan loftslagsmála, C.10. – *Áhrif loftslagsbreytinga og sveitarfélög*. Um er að ræða rúmlega tveggja ára verkefni sem snýr að þróun aðferðafræði og leiðbeininga til mótunar aðlögunaraðgerða og aðlögunaráætlana fyrir íslensk sveitarfélög. Aðgerðin er á ábyrgð umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis og verður verkefnið unnið í samstarfi ráðuneytisins, Byggðastofnunar, Skipulagsstofnunar og skrifstofu loftslagsþjónustu og aðlögunar hjá Veðurstofu Íslands, en Byggðastofnun fer með stjórnun verkefnisins. Auk þeirra munu fjölmargir aðilar koma að verkefninu á ýmsum stigum þess, líkt og Samband íslenskra sveitarfélaga, sveitarfélög og fagstofnanir.


Undirbúningur og mótun verkefnisins hófst á haustmánuðum 2022. Haldin var ráðstefna á Grand Hótel Reykjavík í september í samstarfi framkvæmdaaðila verkefnisins auk Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Innviðaráðherra og umhverfis-, orku og loftslagsráðherra fluttu ávörp, auk þess sem fjöldi annarra áhugaverðra erinda úr ólíkum áttum voru flutt sem saman miðuðu að því að skoða hvernig íslensk sveitarfélög geta aðlagð sig að breyttum heimi. Í kjölfarið var auglýst eftir áhugasömum sveitarfélögum til þátttöku í aðgerðinni þar sem áætlað er að þróa og sannreyna aðferðafræði og móta aðlögunaraðgerðir fyrir íslensk sveitarfélög. Ellefu sveitarfélög sóttust eftir þátttöku í verkefninu og var fimm þeirra að endingu boðin þátttaka. Þátttökusveitarfélögin eru: Akureyrarbær, Sveitarfélagið Hornafjörður, Reykhólahreppur, Reykjanesbær og Fjallabyggð.

Tilgangur verkefnisins er eftirfarandi:

- Hámarka aðlögunargetu íslenskra sveitarfélaga gagnvart neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga og lágmarka um leið efnahagslegt tjón og neikvæð áhrif á byggðir og samfélög.

- Greina þarfir íslenskra sveitarfélaga þegar kemur að gerð aðlögunaráætlana, sem og helstu hindranir og áskoranir sem þau standa frammi fyrir í þeirri vegferð. Þetta felur m.a. í sér greiningu á þörfum og áskorunum í samskiptum við helstu fagstofnanir og skiptingu hlutverka þegar kemur að mótun aðlögunaraðgerða.
- Veita fulltrúum sveitarfélaga leiðbeiningar til mótunar aðlögunaraðgerða og aðlögunaráætlana vegna áhrifa loftslagsbreytinga, í samræmi við stefnu íslenskra stjórnvalda um aðlögun að loftslagsbreytingum og stefnumótandi byggðaáætlun 2022-2036.
- Auka þekkingu sveitarstjórnafulltrúa á Íslandi á sviði aðlögunar að loftslagsbreytingum og þar með getu sveitarfélaga til að grípa til nauðsynlegra aðlögunaraðgerða.
- Að leiða saman viðeigandi ráðuneyti og stofnanir innan málaflokksins og leggja grunninn að því þverfaglega samstarfi og samtali sem þarf að eiga sér stað innan loftslagsmála, ekki síst innan aðlögunar.

Vonast er eftir farsælu, þverfaglegu samstarfi við hagaðila, fagstofnanir og sveitarfélög. Gert er ráð fyrir að vinna að verkefninu hefjist innan sveitarfélaganna á vormánuðum 2023. Áætlað er að verkefninu ljúki í lok árs 2024 með útgáfu leiðarvísis fyrir íslensk sveitarfélög til mótunar aðlögunaraðgerða. Í leiðarvísinum verði lögð fram dæmi um aðgerðir frá fimm sveitarfélögum sem taka á fjölbreyttum loftslagsógnum, allt frá skógar- og kjarreldum, til aukinnar tíðni og umfangs ofsaveðurs.




Fimm sveitarfélög hafa verið valin til þátttöku í verkefninu.

Borgarstefna

Innviðaráðherra skipaði 24. október 2022 starfshóp til að vinna að framkvæmd aðgerðar C.4. *Borgarstefna í byggðaaáætlun*. Markmið aðgerðarinnar er að efla stærstu þéttbýlissvæði og styrkja samkeppnishæfni þeirra og hlutverk í byggðapróun landsins. Mótaðar verði stefnur sem annars vegar skilgreini hlutverk Reykjavíkur sem höfuðborgar og stuðli að aukinni alþjóðlegri samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins og hins vegar hlutverk og uppbyggingu Akureyrar sem svæðisborgar sem geti boðið upp á aukna fjölbreytni í þjónustu, menningu og atvinnutækifærum. Í vinnunni verði viðmið OECD um mótun og inntak borgarstefnu lögð til grundvallar eftir því sem við á.

Starfshópin skipa fulltrúar frá Reykjavíkurborg, Akureyrarbæ, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samtökum félaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, ásamt formanni sem skipaður var af ráðherra. Með starfshópnum starfa starfsmenn Aton.JL, innviðaráðuneytisins og Byggðastofnunar. Unnið er að gagnaöflun og mótun verkefnisins, bæði hvað varðar form og inntak. Gert er ráð fyrir að skila tillögum til ráðherra fyrir árslok 2023.




Frá Sauðárkróki.

Aflamark Byggðastofnunar

Aflamark Byggðastofnunar byggir á 10. gr. a. í lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og hefur stofnunin til ráðstöfunar aflaheimildir til að styðja við fámenn byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Á fyrsta fiskveiðiári verkefnisins, 2013-2014, hafði stofnunin 1.800 þorskígildistonn til ráðstöfunar. Magnið hefur verið aukið síðan og á síðasta fiskveiðiári úthlutaði stofnunin 4.960 þorskígildistönum.

Í samræmi við markmið laganna hefur stofnunin gert samninga við fiskvinnslur og útgerðaraðila til allt að sex ára í senn. Nú eru í gildi samningar á tíu stöðum sem gilda út fiskveiðiárið 2023/2024; Bakkafirði, Djúpvaggi, Drangnesi, Flateyri, Grímsey, Hrísey, Raufarhöfn, Suðureyri, Tálknafirði/Patreksfirði og Þingeyri og einn sem gildir út fiskveiðiárið 2022/2023 á Breiðdalsvík.

Markmið verkefnisins er að auka byggðafestu í þeim sjávarbyggðum sem; a) standa frammi fyrir alvarlegum og bráðum vanda vegna skorts á aflaheimildum eða óstöðugleika í sjávarútvegi, b) eru háðastar sjávarútvegi og eiga minnsta möguleika á annarri atvinnuuppbyggingu, c) eru fámennar, fjarri stærri byggðakjörnum og utan fjölbreyttra vinnusóknarsvæða.



Mynd 10. Samningar um aukna byggðafestu, staðsetningar og stærð í þorskígildistönum (þígt.).

Með aflamarki Byggðastofnunar er stefnt að uppbyggingu í sjávarútvegi sem skapar eða viðheldur sem flestum heilsársstörfum fyrir bæði konur og karla við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi í viðkomandi sjávarbyggðum. Jafnframt er því ætlað að stuðla að sem öflugastri starfsemi í sjávarútvegi til lengri tíma og draga sem mest úr óvissu um framtíð sjávarbyggðanna. Til að nýta aflaheimildirnar og úthluta þeim þannig að þær komi að sem mestu gagni mótandi stofnunin leiðbeiningar og viðmið í samræmi við lög og reglugerðir þar sem áhersla er lögð á víðtækt samstarf við fiskvinnslur og útgerðarfyrirtæki sem búa yfir möguleikum til vinnslu sjávarafurða í hverju byggðarlagi fyrir sig.

Nú á tíunda ári verkefnisins er komin talsverð reynsla á framkvæmd þess. Ljóst er að þó stöðugt hafi verið unnið að þróun verkefnisins má enn ýmislegt bæta í framkvæmdinni. Þannig hefur eftirfylgni vegna vinnslu afla verið aukin og þegar er hafinn undirbúningur að nauðsynlegum breytingum á samningsforminu til að tryggja sem skilvirkasta framkvæmd verkefnisins. Í samstarfi við stjórnvöld verður einnig horft til þess hvort breyta þurfi laga- og reglugerðarumhverfi verkefnisins til að ná betur þeim markmiðum sem sett hafa verið. Fram hjá því verður hins vegar ekki litið að aflamark Byggðastofnunar hefur átt mikinn þátt í að viðhalda störfum á stöðum sem byggja afkomu sína að öllu eða mestu leyti á sjávarútvegi. Þannig hefur það stuðlað að aukinni byggðafestu á þessum stöðum og í einhverjum tilfellum viðhaldið þrótti í atvinnulífnum til að byggja upp nýja starfsemi sem getur tekið við hlutverki kvótabundins sjávarútvegs. Þetta hefur m.a. komið skýrt fram í skilgreinum vegna framkvæmdar samninganna og í samtölum við samningsaðila og aðra haghafa. Er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að viðhalda góðu og sem breiðustu samstarfi um framkvæmd verkefnisins enda um að ræða ráðstöfun verðmæta sem ætlað er að hámarka samfélagslegan ábata.

Sérfræðipjónusta á heilbrigðisviði

Heilbrigðisráðherra skipaði þann 14. desember 2022 starfshóp sem ætlað er að koma með tillögur að leiðum til að ná því markmiði að aðgangur að ýmiss konar sérfræðipjónustu á heilbrigðisviði, óháð búsetu, verði jafnaður. Í skipunarbréfinu er sérstaklega vísað til aðgerðar A.6. *Aðgengi að sérfræðipjónustu á heilbrigðisviði í byggðaáætlun.* Í henni felst að skoða hvort fjölga megi sérfræðingum á heilbrigðisviði í landsbyggðunum með því að nýta ákvæði í lögum um Menntasjóð námsmanna þar sem kveðið er á um sérstaka ívilnun vegna námsgreina sem og sérstaka ívilnun vegna námsgreina á sérstökum svæðum. Lögð verði áhersla á mikilvægi þess að tryggja ýmiss konar sérfræðipjónustu, til að mynda þjónustu geðhjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, talmeinafræðinga og sérfræðilækna, í landsbyggðunum.

Starfshópurinn skipa fulltrúar frá Byggðastofnun, heilbrigðisráðuneytinu, háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir aðilar tilnefndir af Landssamtökum heilbrigðisstofnana. Fulltrúi Byggðastofnunar veitir starfshópnum formennsku. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili tillögum sínum til ráðherra fyrir lok mars 2023.

Þróun byggðavísitölu

Þróun byggðavísitölu byggir á aðgerð C.13. í þingsályktun stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036 sem fjallar um opinberar upplýsingar á sviði byggðamála. Markmið aðgerðarinnar er að þekkingargrunnur stefnumótunar og framkvæmdar á sviði byggðamála verði styrktur. Í aðgerðinni er lögð áhersla á að tölfræðilegir mælikvarðar sem byggja á upplýsingum um landfræðilega legu, lýðfræðilega þætti og efnahags- og félagslegar aðstæður verði notaðir til að leggja mat á stöðu svæða. Með þeim hætti verði til byggðavísitala sveitarfélaga sem gefin verði út og geti nýst sem árangursmælikvarði og við mat á sértækum byggða-aðgerðum.

Á árinu 2022 voru skoðaðar og greindar byggðavísitölur á hinum Norðurlöndunum, sérstaklega í Noregi og skoðað hvort sambærileg gögn séu fyrirleggjandi á Íslandi. Í framhaldinu verður þróuð byggðavísitala, mögulega með nokkrum undirþáttum, sem á að verða lýsandi fyrir stöðu einstakra sveitarfélaga og/eða byggðalaga á Íslandi.



Frá Siglufirði.

Byggðafesta og búferlaflutningar á Íslandi

Ritið *Byggðafesta og búferlaflutningar á Íslandi* var gefið út í lok árs 2022. Um er að ræða umfangsmikið rannsóknarverkefni sem unnið var á vegum Byggðastofnunar í samstarfi við háskólakennara við innlenda og erlenda háskóla. Þóroddur Bjarnason prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands og rannsóknarprófessor í byggðafræði við Háskólann á Akureyri og fyrrverandi formaður stjórnar Byggðastofnunar stýrði verkefninu.

Verkinu er ætlað að draga saman fyrri þekkingu á búferlaflutningum á Íslandi í alþjóðlegu ljósi, kynna helstu niðurstöður spurningakannana sem framkvæmdar voru í verkefninu og leggja drög að frekri rannsóknum. Fjallað er um svæðisbundna mannfjöldapróun og búferlaflutninga innanlands og utan. Um tengsl búferlaflutninga við menntun, atvinnu, samgöngur, húsnæði, þjónustu, búsetuánægju, staðartengsl, fjölskyldu, jafnrétti kynjanna og slúður. Að lokum er lagt mat á framtíðarhorfur í búferlaflutningum og byggðapróun.

Margir þættir hafa áhrif á búsetuáform fólks og vilja þess til að vera um kyrrt eða flytja á brott. Fram til þessa hafa framfærslu- og atvinnumál haft mikil áhrif á ákvarðanir um búsetu. En hvar mun fólk sem getur búið hvar sem er, kjósa að búa þegar hægt verður vera í óstaðbundnu starfi, sækja verslun, þjónustu og afþreyingu, óháð landfræðilegri staðsetningu? Svarið við því verður líklega mismunandi eftir bakgrunni, aðstæðum og áherslum hvers og eins. Sumt fólk mun eflaust kjósa að búa í stórborgum, annað í minni borgum og bæjum og enn annað í mesta strjálbýli. Nálægð við fjölskyldu og/eða vini mun skipta sumt fólk mestu máli en möguleikar á nálægð við náttúru og að sinna útvist og áhugamálum verða mikilvægastir öðrum. Framtíðarhorfur einstakra byggðarlaga geta því hugsanlega ráðist í auknum mæli af þáttum á borð við náttúrufegurð, þjónustu við börn og eldra fólk, menningar-, tómstunda- og íþróttastarfi og umfram allt gefandi og skemmtilegu mannlífi.

Háskólaútgáfan gaf ritið út, hægt er að [nágast eintak á vef útgefanda](#).



F.v. Sigríður Elín Þórðardóttir, forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar, Þóroddur Bjarnason ritstjóri bókarinnar, Magnús B. Jónsson formaður stjórnar Byggðastofnunar og Arnar Már Elíasson forstjóri Byggðastofnunar.



Staðarval sýslumannsembættis

Með bréfi dagsettu 8. júlí 2022 óskaði dómsmálaráðuneytið eftir því við Byggðastofnun að stofnunin legði fram tillögu að valkostum fyrir aðsetur embættis sýslumanns landsins og eftir atvikum hluta yfirstjórnar embættisins.

Forsendurnar voru áform um lagasetningu sem felur m.a. í sér þá grundvallarbreytingu á skipulagi sýslumannsembættanna að fækka þeim úr níu í eitt. Varðandi starfsemi og þjónustu sýslumanns vísaði ráðuneytið til stefnumörkunar sem birt var í skýrslu sem kom út í mars 2021 og felur í sér að sýslumaður veiti framúrskarandi þjónustu óháð búsetu og staðsetningu, hvar og hvenær sem er, eftir því sem hentar almenningi hverju sinni. Jafnframt kom fram í bréfinu það mat ráðuneytisins að framangreind stefna og áform um lagasetningu hefði skýra tengingu við stefnumótandi byggðaáætlun og áherslur ríkistjórnarinnar um að efla starfsemi hins opinbera á landsbyggðinni. Var þar bæði vísað til þjónustunnar og einnig þess að yfirstjórn hins nýja embættis skuli staðsett þar sem starfsstöð sýslumanns er fyrir en utan Hvítána sem markast af Hvítánum tveimurognæryfir 18 sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi.

Í greinargerð Byggðastofnunnar var tekið fram að með staðarvalinu væri ekki tekin afstaða til þeirrar stefnumörkunar sem fram kom í erindi ráðuneytisins, þ.e. að fækka sýslumannsembættunum úr níu í eitt. Ekki heldur til þess hvort sú breyting væri betur til þess fallin að ná þeim þjónustumarkmiðum sem fram voru sett umfram það að nýta fyrirliggjandi skipulag til þess að ná þeim. Varðandi tengingu við stefnumörkun stjórnvalda í byggðamállum benti stofnunin á aðgerð A.8. Stjórnsýslustöðvar ríkis í héraði, í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036. Þar kemur skýrt fram í verkefnislýsingu að starfsemi sýslumannsembætta um land allt og opinber þjónusta í héraði verði eflað með betri nýtingu innviða, þ.m.t. stafrænnar tækni, húsnæðis og mannauðs. Það verður ekki skilið öðruvísi en svo að stjórnsýslustöðvarnar eigi að starfa áfram enda hvergi minnst á að þær verði lagðar niður í þeirri framtíðarsýn sem ráðuneytið lagði fram í skýrslu

sinni til Alþingis í mars 2021, *Sýslumenn – Framtíðarsýn*; umbætur á þjónustu og rekstri og liggur að baki aðgerðinni í byggðaáætlun.

Skipta mátti þeim atriðum sem dómsmálaráðuneytið vísaði til varðandi staðarvalið í þrjá flokka. Í fyrsta lagi atriði sem snúa beint að rekstri og innri málum hins nýja embættis, í öðru lagi atriði sem snúa að búsetuskilyrðum á þeim stað eða byggðarlagi sem voru til skoðunar og í þriðja lagi atriði sem snúa að þeim byggðaáhrifum sem ákvörðun um staðsetningu yfirstjórnar hins nýja embættis gætu haft í för með sér. Greiningunni var því skipt í þrjú snið eða víddir.

Við staðarvalsgreininguna var lögð áhersla á að nota fyrirliggjandi opinber gögn frá Hagstofu Íslands, Þjóðskrá Íslands, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Byggðastofnun. Skilgreindir voru 17 þættir sem notaðir voru til að meta þær forsendur sem viðkomandi sveitarfélag þurfti að uppfylla til að geta hýst starfsemi sýslumannsins.

Framsetning valkosta fyrir aðsetur sýslumanns Íslands og eftir atvikum hluta yfirstjórnar tók mið af þeim forsendum sem dómsmálaráðuneytið óskaði eftir að hafðar væru til hliðsjónar með áherslu á að um væri að ræða mikilvægt byggðamál og að standa ætti vörð um og efla stjórnsýslustöðvar ríkisins í landsbyggðunum.

Í samræmi við verkbeiðni dómsmálaráðuneytisins var sett fram tillaga um val á milli fleiri en eins byggðakjarna fyrir starfsstöð sýslumanns. Niðurstaða staðarvalsgreiningarinnar voru fjórir valkostir fyrir aðsetur sýslumanns Íslands. Staðirnir voru: Búðardalur, Blönduós, Húsavík og Hvolsvöllur. Allir staðirnir uppfylla skilyrðin sem sett voru fram um starfsemi hins sameinaða embættis.

Þann 9. september tilkynnti Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra ákvörðun sína um að sýslumaður Íslands yrði staðsettur á Húsavík ef að lagasetningunni kæmi og að hann byggði þá ákvörðun ekki síst á greiningu Byggðastofnunar.



Samantekt um stöðu sauðfjárræktar

Að beiðni innviðaráðuneytisins tók Byggðastofnun saman [skýrslu um stöðu sauðfjárræktar](#). Í skýrslunni var reifuð landfræðileg dreifing sauðfjárbúa, byggðafesta, þróun kynslóðaskipta, lánveitingar Byggðastofnunar, þróun í afkomu og horfur næstu árin. Þá var einnig farið yfir hugsanlegar mótvægisáðgerðir.

Sauðfjárrækt er víða undirstaða byggðar á dreifbýlum svæðum, sérstaklega þar sem önnur atvinnutækifæri eru takmörkuð. Í rannsókninni Byggðafesta og búferlaflutningur kemur fram að sauðfjárbændur eru marktækt líklegri til að telja að lífsskilyrði í sveitum hafi versnað undanfarin ár, þeir töldu fjárhagsstöðu sína lakari og voru svartsýnni á framtíðina.

Í skýrslunni kom einnig fram að kynslóðaskipti á undanförunum fimm árum hafa verið fremur fátíð og að meðalaldur sauðfjárbænda er orðinn hár. Vegna afkomu greinarinnar er óvíst um nýliðun í bændastétt sem aftur getur leitt til enn meiri fækkunar vegna sameiginlegra verkefna s.s. fjallskila og leita. Til að greiða fyrir kynslóðaskiptum hefur Byggðastofnun sett upp sérstakan lánaflokk þar sem hægt er að fá allt að 90% lán og er dreifing lánveitinga stofnunarinnar í samræmi við dreifingu sauðfjárbúa í landinu að Suðurlandi undanskildu.

Rekstrarafkoma sauðfjárbúa undanfarin ár hefur verið neikvæð. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir hefur verið neikvæð frá árinu 2018. Það þýðir að meðalbúið stendur ekki undir neinni fjárfestingu, hvað þá heldur vaxtakostnaði eða afborgunum af lánum. Þetta leiðir af sér að væntanlega hafi dregið úr viðhaldi, endurræktun og áburðarkaupum. Slíkt getur ekki gengið til lengdar.

Við þetta bætist að vinnuliðurinn er líklega vanreiknaður þó gögn vanti til að styðja það. Ekki er útlit fyrir að rekstur sauðfjárbúa batni á næstu tveimur til þremur árum. Þannig hafa flest innflutt aðföng landbúnaðarins hækkað um tugi prósentu og áburðarverð nær tvöfaldast á undanförunum misserum. Það þýðir, að óbreyttum tekjum, að forsendur sauðfjárbúskapar eru brostnar. Það stefnir í að rekstrarniðurstaða meðalsauðfjárbúsins sem hlutfall af tekjum verði neikvæð um allt að 50% og að rekstrarniðurstaðan fyrir fjármagnstekjur og afskriftir verði neikvæð um 25%.

Í skýrslunni var nefnt að eflaust væru margir sauðfjárbændur að hugsa sinn gang þar sem taprekstur gangi ekki til lengdar auk þess sem tæpt var á mögulegum áhrifum þessa á geðheilsu bænda. Komið var inn á að líklegt væri að einhverjir sauðfjárbændur myndu bregða búi haustið 2022 og að óbreyttu væri líklegt að fjölmargir myndu bregða búi haustið 2023. Ef sú verður raunin er það líklegt til að hafa verulega neikvæð áhrif á byggðir sem byggja að stórum hluta á sauðfjárrækt.

Í kafla um hugsanlegar mótvægisáðgerðir var gengið út frá því að kostnaðarhækkunir undanfarinna missera muni ganga, a.m.k. að einhverju leyti, til baka á næstu árum. Bent var á það augljósa að tekjur í greininni þyrftu a.m.k. að hækka í samræmi við kostnaðarhækkunir, að aðstoða þyrfti bændur til að fara í aðra starfsemi á jörðum sínum, lánveitendur þurfi að sýna biðlund en jafnframt skýrt tekið fram að lánveitingar fyrir taprekstri komi ekki til með að skila neinu. Þá var lögð þung áhersla á að huga verði að velferð bænda og fjölskyldna þeirra þar sem afkomubresturinn leggist án efa þungt á bændur þar sem heimili þeirra eru oftar en ekki að veði.

Svæðisbundin flutningsjöfnun

Byggðastofnun annast framkvæmd styrkveitinga flutningsjöfnunarstyrkja til framleiðenda annars vegar og vegna sölu olíuvara hins vegar skv. lögum nr. 160/2011.

Flutningsjöfnunarstyrkir til framleiðenda


Markmið með veitingu styrkjanna er að styðja við framleiðsluðnað og atvinnuuppbyggingu í landsbyggðunum. Það er gert með því að jafna flutningskostnað framleiðenda sem eru með framleiðslu og lögheimili fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar en framleiðendur staðsettir nær markaði.

Opnað var fyrir rafrænar umsóknir þann 1. febrúar 2022 en umsóknarfrestur er til 31. mars ár hvert fyrir næstliðið almanaksár. Alls bárust 80 umsóknir, þar af 76 vegna framleiðslustarfsemi í C-bálki en fjórar vegna grænmetisræktunar í A-bálki. Er þetta svipaður fjöldi og árið áður en átta umsóknir voru dregnar til baka. Stærstur hluti styrksins fór til framleiðenda á Vestfjörðum eða 33% af heildarstyrkfjárhæð en 84% þeirrar fjárhæðar var vegna framleiðslu í ÍSAT bálki CA – Matvæla- og drykkjavöruiðnaður. Fjárhæð tíu hæstu styrkjanna nam samtals 87,9 m.kr. sem er 53,5% af heildarúthlutun. Fjárheimildir ársins voru 166,6 m.kr. og voru 164,4 m.kr. greiddar til styrkþega í samræmi við lög in og reglugerð nr. 121/2019. Heildarfjárhæð samþykktar styrkumsókna var 242,4 m.kr. og því er útgreiðsluhlutfallið 67,4%.

Flutningsjöfnunarstyrkir vegna sölu olíuvara


Markmiðið með veitingu styrkjanna er að tryggja framboð olíuvara með því að jafna flutningskostnað á olíuvörum sem eru til notkunar innanlands til svæða sem búa við skerta samkeppnisstöðu vegna landfræðilegra og lýðfræðilegra aðstæðna.

Flutningsjöfnunarstyrkjum vegna sölu olíuvara var úthlutað í fyrsta skipti á árinu 2022, en áður hafði byggðastuðningur verið í öðru formi undir stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara sem hefur verið lagður niður. Umsóknarfrestur rann út 31. mars og bárust fimm umsóknir vegna flutningskostnaðar á árinu 2021 sem allar voru samþykktar. Fjárheimildir



Mynd 11. Flutningsjöfnunarstyrkir til framleiðenda eftir landshlutum.

ársins voru 175 m.kr. og var 174 m.kr. úthlutað til styrkþega í samræmi við lög in og reglugerð nr. 890/2021. Stærstur hluti styrksins var veittur vegna sölustaða á Austurlandi, eða 34,6%.



Mynd 12. Flutningsjöfnunarstyrkir vegna sölu olíuvara eftir landshlutum.

Byggðarannsóknasjóður og styrkir til meistaranema

Byggðarannsóknasjóður

Byggðarannsóknasjóður úthlutaði í apríl 2022, styrkjum til fjögurra verkefna. Þetta er í áttunda sinn sem úthlutað er úr sjóðnum en hann er fjármagnaður af fjárlagalið byggðaáætlunar og með framlagi frá Byggðastofnun, en stofnunin fer með umsýslu sjóðsins. Til úthlutunar voru 10 m.kr. Alls bárust 12 umsóknir. Eftirfarandi verkefni hlutu styrki:

- *Ráðandi tungumál í íslenskri ferðapjónustu.* Styrkfjárhæð 2,5 m.kr. Styrkþegi: Háskólinn á Hólum, ferðamála-deild, Sigríður Sigurðardóttir. Skoðað verður hver staða íslensku er í íslenskri ferðapjónustu. Rannsakendur byggja á niðurstöðum viðhorfskönnunar og fleiri gögnum sem þegar hefur verið aflað. Rætt verður við fyrirtæki í ferðapjónustu, sveitarfélög o.fl. um málstefnu viðkomandi. Skoða á hvernig íslenskan er notuð í markaðssetningu í ferðapjónustu og vekja athygli á þeim menningararfi sem felst í tungumálinu.
- *Láglauakonur, vellíðan og velferðakerfið á Íslandi.* Styrkfjárhæð 2,5 m.kr. Styrkþegi: Háskólinn á Akureyri, Berglind Hólm Ragnarsdóttir. Rannsaka á andlega og líkamlega heilsu kvenna með lágar tekjur, bæði í dreifbýli og þéttbýli. Finna á hvort og hvernig velferðarstefna stjórnvalda mætir þessum hópi eða mætir honum ekki, en rannsóknir skortir á þessum þjóðfélagslega hópi.
- *The role of cultural institutions of the context of mobility and migration to rural areas of Iceland.* Styrkfjárhæð 2,5 m.kr. Styrkþegi: Háskóli Íslands, Anna M. Wojstynska. Skoða á hlutverk menningarstofnana og samfélagsmiðstöðva á landsbyggðinni gagnvart innflytjendum og hvort þær eru í stakk búnar til að leggja sitt af mörkum til aðlögunar þeirra. Starfsemin í dreifbýlinu verður sérstaklega til skoðunar. Verkefnið er unnið í samstarfi við nokkur bókasöfn á landinu en staðirnir voru valdir út frá háu hlutfalli íbúa af erlendum uppruna.



Við Ketubjörg.

- *Sjálfbóðaliðar í Brothættum byggðum.* Styrkfjárhæð 2,5 m.kr. Styrkþegi: Háskóli Íslands, Jónína Einarsdóttir. Styrkþegar hafa rannsakað sjálfbóðastarf á Íslandi síðan árið 2017 og þá í dreifbýli. Stuðst verður við fyrirliggjandi gögn og tekin viðtöl. Varpa á ljósi á hverjar helstu ástæður eru fyrir ráðningu erlendra sjálfbóðaliða í dreifbýli og hver áhrif þess eru á atvinnumál og afkomu samfélagsins.

Styrkir til meistaranema

Byggðastofnun veitir árlega styrki til meistaranema sem vinna lokaverkefni á sviði byggðapróunar. Í árslok 2022 lagði stjórn Byggðarannsóknasjóðs til að styrkja fjóra meistaranema en tíu umsóknir bárust alls um styrki. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti tillögurnar á fundi sínum í desember. Styrkirnir eru fjármagnaðir af byggðaáætlun og áskilið að verkefnið hafi skírskotun til markmiða eða aðgerða byggðaáætlunar. Heildarupphæð styrkjanna var 1 m.kr. Hvert verkefni var styrkt um 250.000 kr.



Frá Flateyri.

Eftirfarandi fjögur verkefni hlutu styrki:

- *Til hvers eru sveitarfélög? Verkefni sveitarfélaga og svæðisbundin hlutverk þeirra.* Styrkþegi: Bjarni Þór-oddsson, Háskóla Íslands. Kortlagning á svæðisbundnu hlutverki sveitarfélaga og greining á eðli þess. Skoðað verður hvert er grundvallarhlutverk sveitarfélags og hvernig það endurspeglast í hvernig þau sinna hlutverkum sínum, lögbundnum eða ekki.
- *Carrying capacity.* Styrkþegi: Elizabeth Riendeau, Háskólasetri Vestfjarða. Verkefnið fjallar um hverjir burðir og þolmörk samfélags eru við að aðlagast skemmtiferðaskipaiðnaðinum. Skoðað verður hvert umburðarlyndi og þol íbúa er á Ísafirði og í nærliggjandi byggðarlögum í tengslum við umfangsmikla fjölgun ferðamanna sem koma með skemmtiferðaskipum til landsins.
- *Upplifun heilbrigðisstarfsfólks af umönnun fórnarlamba mannskæðra náttúruhamfara á Íslandi.* Styrkþegi: Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir, Háskólanum á Akureyri. Greina á frá upplifun og líðan heilbrigðisstarfsfólks sjúkrahússins á Ísafirði af umönnun fórnarlamba mannskæðra náttúruhamfara á Íslandi (snjóflóðanna á Súðavík 1995). Auk þess að varpa ljósi á viðhorf til áframhaldandi búsetu og starfa eftir að hafa unnið við þær aðstæður sem þarna sköpuðust.
- *Demographic characteristics in tourism-municipalities in Iceland.* Styrkþegi: Þórður Freyr Sigurðsson, University of Highlands and Islands. Athugun á áhrifum ferðapjónustu á lýðfræðilega þróun sveitarfélaga á Íslandi. Verkefnið miðar að því að afla haldgóðrar þekkingar á lýðfræðilegri þróun svæða og áhrifapáttum atvinnulífs á sjálfbærar byggðir.

Samstarf við háskóla

Í desember 2022 var undirritað samkomulag milli Byggðastofnunar og Háskólans á Hólum. Markmið þess er að stuðla að auknu samtali og samstarfi í atvinnu- og byggðapróun. Samstarf hefur verið farsælt en með því að setja samstarfinu umgjörð voru lagðar línur um reglubundið samráð, fræðslu og rannsóknir er stefnt að auknum ávinningi og áframhaldandi byggðapróun í landsbyggðunum. Byggðastofnun hefur árlega tekið á móti nemendum ferðamáladeildar Háskólans á Hólum, í heimsókninni hafa nemendur fengið kynningu á starfsemi stofnunarinnar og byggðapróunarverkefninu Brothættum byggðum.

Í lok árs leituðu Háskólinn á Hólum og Háskólinn á Bifröst eftir samstarfi við Byggðastofnun um að vera samstarfsaðili í umsóknum skólanna í Samstarfssjóð háskóla sem háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra auglýsti. Við því var orðið í báðum tilvikum. Að þessu sinni hlaut aðeins önnur umsóknin brautargengi en það var umsókn Háskólans á Bifröst í samvinnu við Háskólann á



Frá undirritun samkomulags milli Byggðastofnunar og Háskólans á Hólum.

Akureyri, Háskóla Íslands, Hagstofuna og Byggðastofnun um samstarfsverkefnið *Efling náms og rannsókna á sviði menningar og skapandi greina*. Búið er að mynda samstarfshóp tengiliða sem tekur til starfa í byrjun árs 2023.



Í Djúpvík.



Aðalbjörg Kristín Jóhannesdóttir veitti viðurkenningunni viðtöku fyrir hönd Maríu Pálsdóttur. Með henni á myndinni eru Helga Harðardóttir og Andri Þór Árnason.



María Pálsdóttir handhafi Landstólpans 2022.

Landstólpinn

Landstólpinn, samfélagsviðurkenning Byggðastofnunar, var veittur í fyrsta skipti á ársfundi stofnunarinnar árið 2011. Viðurkenningin var veitt í ellefta sinn á ársfundi Byggðastofnunar sem haldinn var á Varmalandi í Borgarfirði 5. maí 2022. Nafnið Landstólpinn er fengið úr kvæði Jónasar Hallgrímssonar, Alþing hið nýja.

Hugmyndin að baki viðurkenningunni er að efla skapandi hugsun og bjartsýni. Hún er veitt einstaklingi, fyrirtæki eða hópi/verkefni á vegum fyrirtækis eða einstaklinga sem vakið hefur jákvæða athygli í landsbyggðunum með verkefni, starfsemi, umfjöllun á opinberum vettvangi eða með öðru móti. Við úthlutun er haft í huga hvort viðkomandi hafi gefið jákvæða mynd af landsbyggðunum eða sínu svæði, aukið virkni íbúa, eflt samstöðu og jákvæðni íbúa og/eða dregið að gesti.

Tilnefningartil Landstólpans bárust víðsvegar að af landinu, en alls voru átta aðilar tilnefndir. Niðurstaða dómnefndar, sem í sitja starfsmenn Byggðastofnunar, var sú að veita Maríu Pálsdóttur Landstólpann árið 2022. María er eigandi að Hælinu, setri um sögu berklanna, sem staðsett er að Kristnesi í Eyjafjarðarsveit.

María var tilnefnd til samfélagsverðlaunanna vegna atorku sinnar og dugnaðar við að koma á fót Hælinu. Með því hefur hún bjargað menningarminjum og sögum frá glötun. Hælið geymir sögu þeirra sem upplifðu á sínum tíma raunir vegna berklanna. Safnið er gríðarlega áhrifamikið, einkum í ljósi þess að það er staðsett þar sem sagan átti sér stað. Berklahælið á Kristnesi var reist árið 1927 en þar dvöldu fjölmargir einstaklingar sem smituðust af berklum. María er jafnframt starfandi skólastjóri Leiklistarskóla Leikfélags Akureyrar.

María setti upp leikverkið „Tæring“ í samstarfi við Leikfélag Akureyrar en það var sýnt á Hælinu og var afar áhrifarík leik-sýning. Sýningin var innblásin af sögum berklasjúklinga sem dvöldu á Kristneshæli á árunum 1930-1960 en notast var við dagbækur og frásagnir sjúklinga við gerð sýningarinnar. Það eru mikil verðmæti fólgin í því að sögunni hafi verið komið til skila með þeim myndarskap sem sjá má og upplifa á Hælinu. María á miklar þakkir skildar fyrir það frumkvæði, drifkraft og eljusemi sem hún hefur sýnt með því að koma þessu tímabili í sögu Íslendinga í þann búning sem upplifa má í sögusetrinu.

María hefur unnið mikið með ungu fólki og tekur m.a. á móti skólalópum í sögusetrið sem er eins og góð vin í Eyjafirði og í göngu- og hjólafæri við þéttbýliskjarna. Hún hefur jafnframt verið hvatamaður að því að bjóða skólabörnum í leikhús í samstarfi við ýmis fyrirtæki á svæðinu.

Sá sem hlýtur viðurkenninguna hverju sinni fær afhentan listmun hannaðan af lista- eða handverksfólki. Listmunurinn, sem afhentur var handhafa Landstólpans 2022, hannaði leirlistakonan Margrét Jónsdóttir á Akureyri. Listmunurinn er í formi nytjalistar, hvítur blómavasi sem jafnframt er kertastjaki, sé honum snúið á hvolf, til hliðar við vasann er leirkúla til skrauts.

Landstólpinn verður næst veittur á ársfundi Byggðastofnunar í apríl 2023.

NORA, Norræna Atlantssamstarfið

Norræna Atlantssamstarfið (NORA) er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturluta Noregs. NORA heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Aðalskrifstofa NORA er í Þórshöfn í Færeyjum og eru landsskrifstofur í hverju aðildarlandi. Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu á Íslandi sem á þrjá fulltrúa í svokallaðri NORA-nefnd en í þeim hópi er einnig fulltrúi innviðaráðuneytisins í framkvæmdastjórn. Aðildarlöndin skiptast á formennsku árlega og verða Íslendingar með formennsku á árinu 2023.

Stærstur hluti tekna NORA kemur frá Norrænu ráðherranefndinni eða 80%. Aðildarlöndin greiða árlega rúmlega 20% af heildarframlögum til NORA og greiðir Ísland 29% af því framlagi. Að auki fær NORA lítills háttar framlag frá fær-eyksu landsstjórninni og frá Vestnorræna sjóðnum.

NORA leggur áherslu á samstarf innan svæðisins og á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum, sem og á nýsköpun og sjálfbæra þróun. NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi milli landanna. Það er gert með því að styrkja nýsköpun á sviði sjávarútvegs og auðlinda hafsins, þróun atvinnutækifæra á sviði ferðaþjónustu, landbúnaðar og orkumála og verkefni á sviði upplýsingatækni, fjarskipta, samgangna og flutninga m.a. með það að markmiði að sigrast á fjarlægðum. Samstarfsverkefni sem NORA hefur styrkt hafa skilað góðum árangri.

Styrkir geta numið allt að 500 þús. d.kr. á ári og verkefni verið styrkt að hámarki í þrjú ár. Styrkfjárhæð getur ekki numið meira en 50% af heildarkostnaði verkefnis og skilyrði er að um samstarf minnst tveggja NORA landa sé að ræða. Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, í mars og október. Á árinu

” NORA leggur áherslu á samstarf innan svæðisins og á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum, sem og á nýsköpun og sjálfbæra þróun.

2022 bárust 33 umsóknir. Úthlutað var tæpum 6,2 millj. d.kr. til sautján verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í öllum nema einu. Íslensk þátttaka í verkefnum NORA er mjög góð og hefur á undanförunum árum verið á bilinu 70–90%. Á [heimasíðu NORA](#) er að finna yfirlit yfir öll verkefni og á [heimasíðu Byggðastofnunar](#) er að finna yfirlit yfir öll verkefni með íslenskri þátttöku.

NORA leggur áherslu á að styrkja stöðu sína innan norræns samstarfs, en einnig að styrkja tengsl við lönd við Norður-Atlantshafið, s.s. Skotland, Hjaltlandseyjar, Orkneyjar og austurströnd Kanada, m.a. í gegnum ýmis samstarfsverkefni.

NORA starfar nú samkvæmt stefnuáætlun fyrir árin 2021–2024 en í henni er sem fyrr lögð áhersla á sjö fagsvið. Áætlunin hvílir á þremur grunnstoðum sem eru verkefnastuðningur, stefnumörkun og tengslamyndun. Stefnuáætlunin tekur mið af áætlunum ráðherraráðsins um framtíðarsýn 2030.



Frá Stöðvarfirði.

Norðurslóðaáætlunin (NPA)

Norðurslóðaáætlunin (Northern Periphery and Arctic Programme) er samstarfsvettvangur Evrópusambandsríkjanna Írlands, Svíþjóðar og Finnlands og svo Noregs, Íslands, Grænlands og Færeyja. Við upphaf núgildandi áætlunartímabils 2021-2027 hurfu Skotland og Norður-Írland úr samstarfinu vegna útgöngu Bretlands úr ESB. Er það miður þar sem báðar þjóðirnar voru virkir þátttakendur í samstarfinu og lagt mikið til þess í gegnum þátttöku í verkefnum. Þó aðstæður í löndunum séu ekki einsleitar eru þar ákveðin sameiginleg sérkenni sem felast m.a. í veðráttu, strjálbýli, miklum vegalengdum, náttúruauðlindum, háu menntunarstigi og neikvæðri lýðfræðilegri þróun á dreifbýlum svæðum.

Aðalskrifstofa NPA er í Kaupmannahöfn og landsskrifstofur í hverju aðildarlandi. Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu hér á landi. Meginmarkmið Norðurslóðaáætlunarinnar er að efla sjálfbært atvinnu- og efnahagslíf og búsetuþætti á starfssvæði áætlunarinnar.

Þátttaka Íslands í NPA er byggðaaðgerð sem á rætur sínar í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005. Þar var kveðið á um að stuðla markvisst að þátttöku stofnana og atvinnulífs á landsbyggðinni í alþjóðlegu samstarfi. Til að ná markmiðinu var lagt til að Ísland gerðist aðili að Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins. Það gekk eftir og hefur Ísland verið virkur þátttakandi síðan árið 2002. Þátttaka Íslands byggir nú á byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036. Heildarframlag til NPA á yfirstandandi tímabili, 2021-2027, eru 51,5 milljónir evra, þar af er framlag Íslands 3 milljónir evra. Nokkuð dróst að hrinda áætluninni af stað en fyrsta kall hennar var ekki opnað fyrr en í lok apríl 2022. Ástæðurnar voru m.a. samningaumleitanir sem tengdust útgöngu Bretlands úr ESB, en einnig vegna COVID-19 og síðast vegna innrásar Rússa í Úkraínu, en sérstakt samkomulag hefur verið í gangi sem heimilar þátttakendum frá ákveðnum héruðum í norðvestur Rússlandi og norðaustur Kanada þátttöku í verkefnum áætlunarinnar. Verkefnissvæðið er bundið við svæði innan landa ESB og EES sem eru þátttakendur í áætluninni.

Markmið Norðurslóðaáætlunar er að stuðla að samstarfsverkefnum sem miða að því að finna lausnir á sameiginlegum viðfangsefnum samstarfslandanna. Fyrir tímabilið 2021-2027 hafa þrjú forgangssvið með undirmarkmiðum verið skilgreind:

1. Styrkja nýsköpunarhæfni þrautseigra og aðlaðandi samfélaga á starfssvæði áætlunarinnar.
 - 1.1. Próa og bæta rannsókn- og nýsköpunarhæfni og nýtingu hátækni.
 - 1.2. Nýta kosti stafvæðingarinnar fyrir íbúa, atvinnulíf, rannsóknastofnanir og stjórnvöld.
 - 1.3. Styrkja sjálfbæran vöxt, samkeppnishæfni og fjölgun starfa hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum.
2. Styrkja getu samfélaga á starfssvæði áætlunarinnar til að laga sig að loftslagsbreytingum og bættari auðlindanýtingu.
 - 2.1. Stuðla að betri orkunýtingu og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
 - 2.2. Styðja aðlögun að loftslagsbreytingum, varnir gegn hamförum og seiglu með beitingu vistkerfislausna (ecosystem based approaches).
 - 2.3. Styðja við umbreytinguna yfir í hringrásarhagkerfið og betri orkunýtingu.
3. Styrkja stofnanagetu samfélaga á starfssvæði áætlunarinnar til að nýta sér samstarfsverkefni.
 - 3.1. Bæta stofnanagetu stjórnvalda og annarra haghafa við innleiðingu svæðisbundinna áætlana á sjó og landi.

Lögð er áhersla á afurðir verkefnanna, vöru og/eða þjónustu, sem styrkir atvinnulíf, búsetu eða bætir öryggi íbúa. Þátttakendur geta verið fyrirtæki, sveitarfélög, ríkisstofnanir, atvinnuþróunarfélög, mennta- og rannsóknastofnanir eða frjáls félagasamtök.

Norðurslóðaáætlunin er samkeppnissjóður sem rekinn er á svipuðum forsendum og rannsóknáætlanir innan EES samningsins, þar sem umsækjendur keppa í gæðum um það fjármagn sem er til ráðstöfunar. Umsóknir eru metnar af sérfræðinefndum í öllum aðildarlöndunum og er stuðningur háður a.m.k. 35% mótframlagi umsækjenda hvað íslenska þátttöku varðar en lágmarksmótframlag var áður

40%. Stuðningur við þátttöku íslenskra aðila í verkefnum er eingöngu fjármagnaður að framlagi Íslands. Til að stuðla að sem mestri virkni þeirra fjármuna með því að hámarka fjölda verkefna með íslenski þátttöku, hefur verið ákveðið að hámarksupphæð kostnaðar íslenskra aðila í einstökum verkefnum verði 200 þús. evrur og hámarksstyrkur 65% af þeim fjármunum sem eru um 130 þús. evrur.

Á árinu 2022 voru fyrstu tvö aðalköll áætlunarinnar opnuð ásamt einu kalli eftir undirbúningsverkefnum. Fyrsta aðalkall áætlunarinnar var opið frá 27. apríl – 22. júní. Alls bárust 19 umsóknir, þar af 12 með íslenski þátttöku. Stjórn áætlunarinnar samþykkti á fundi sínum 28. september að styrkja átta verkefni, þar af eru sex með íslenskum þátttakendum. Heildarstyrkur til íslensku þátttakendanna er um 714 þús. evrur eða rétt um 100 m.kr. sem nemur 27% af þeim fjármunum sem eru til ráðstöfunar til verkefna af framlagi Íslands til áætlunarinnar.

Þau verkefni sem hlutu brautargengi með íslenski þátttöku eru:

INNOCAP - Building public sector innovation capacity towards digital-driven NPA communities er samstarfsverkefni írskra, finnskra, sænskra og íslenskra aðila sem snýst um að auka gæði og sjálfbærni í opinberri þjónustu með því að auka færni starfsmanna til að nýta stafræna tækni og umskapandi nýsköpun (disruptive innovation) í daglegum störfum. Íslenski þátttakandinn er Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi.

Target Circular - Supporting Sustainable SMEs to Success er samstarfsverkefni írskra, norskra, finnskra, sænskra og íslenskra aðila sem snýst um að styrkja rekstrarförsendur lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ekki síst þeirra sem vilja leggja áherslu á sjálfbærni, nýta tækifæri til eflingar á stoðþjónustu og nýta nýjustu þekkingu til að fjölga störfum og stuðla að vexti og samkeppnishæfni þeirra. Íslenski þátttakandinn er Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

GLOW 2.0 - Green energy technologies for tourism growth er samstarfsverkefni finnskra, írskra, norskra, sænskra og

íslenskra aðila sem snýst um að beita „grænu viðskiptamódeli“ í tilraunaverkefni um hvernig megi þróa sjálfbæran rekstur í litlum og meðalstórum fyrirtækjum með áherslu á fyrirtæki sem nýta myrkrið og næturhimininn á norðurljóðum, s.s. norðurljósin, í starfsemi sinni. Íslenski þátttakandinn er Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

HYBES - Hybrid energy solutions for buildings and infrastructure er samstarfsverkefni norskra, írskra, færeyskra, sænskra og íslenskra aðila sem snýst um að beita aðferðafræði lifandi tilraunastofa (living labs) til að byggja upp kolefnislaus svæði í dreifbýli og á jaðarsvæðum. Verkefnisaðilarnir munu nýta tilraunaverkefni til að auka þekkingu og skilning almennings á mikilvægi þess að draga úr kolefnislosun í andrúmsloftið. Íslenski þátttakandinn er Orkustofnun.

Ar2CorD - Low Carbon Concrete for Arctic Climate with Excellent Sustainability and Durability er samstarfsverkefni norskra, grænlandsra, finnskra, sænskra og íslenskra aðila sem snýst um að minnka kolefnisspor steypu með staðbundnum íblöndunarefnum í stað hefðbundins sem-ents um allt að 30%. Ein megin áskorunin er að takast á við þá miklu áraun sem steypa verður fyrir vegna frost- og hitabreytinga á norðurljóðum og hefur valdið því að ekki er unnt að nýta sömu íblöndunarefni til minnkunar á kolefnissporinu og við mildari veðuraðstæður. Íslensku þátttakendurnir eru tveir, Háskólinn í Reykjavík og BM Vallá ehf.

CIRCNETS - Blue Circular Nets er samstarfsverkefni finnskra, írskra, norskra, sænskra og íslenskra aðila sem snýst um að þróa skilvirkt söfnunarkerfi fyrir aflögð veiðarfæri til að draga úr mengun sjávar en um leið að opna farveg fyrir endurvinnslu og endurnýtingu þeirra sem hráefnis í nýja framleiðslu og efla þannig hringrásarhagkerfið á svæðinu. Íslenski þátttakandinn er Marine Ecological Solutions í samstarfi við Kaldera Group.

Annað aðalkall áætlunarinnar var opið 5. okt. – 5. des. og bárust níu umsóknir sem nú eru í matsferli en áætlað er að stjórn áætlunarinnar afgreiði þær á fundi sínum 22. mars 2023. Af þessum níu umsóknum eru átta með íslenskum þátttakendum.

Sé horft til þessara fyrstu tveggja aðalkalla áætlunarinnar má segja að íslenskir aðilar séu með öflugna innkomu í áætlunina strax í upphafi.

Í kallinu eftir undirbúningsverkefnum sem opið var 29. ágúst – 19. sept. bárust fjórtán umsóknir og voru tíu þeirra samþykktar, þar af fjórar með íslenskum þátttakendum. Verkefnin með íslenski þátttöku eru:

NPA – KET - Value chain analyses of transdisciplinary “KET-enabled” makerspaces er samstarfsverkefni írskra, finnskra og íslenskra aðila um að greina hvaða aðilar þurfa að koma að uppbyggingu „sköpunarsmiðja“ (e. makerspaces) sem snúast um að byggja upp þverfaglega stafræna aðstöðu til tilraunaframleiðslu ýmiss konar. Samkeppnishæfni slíkra smiðja byggir á nýtingu nýjustu tækni og beitingu lykil tæknilausna. Íslenski þátttakandinn er Háskóli Íslands.


BRAIN - Building Resilient And Innovative Networks among rural communities er samstarfsverkefni írskra, finnskra og íslenskra aðila um þarfa- og innihaldsgreiningu fyrir net stafrænna upplýsingaveita og stoðþjónustu til að auðvelda samfélögum og fyrirtækjum að nýta stafræna tækni og lausnir sem snúa að loftslagsmálum. Áherslan er á grænt viðskiptamódel og hringrásarhagkerfið og markmiðið að efla staðbundnar stafrænar nálganir sem miðlað er á alþjóðavettvangi. Alþjóðleg miðlun er nauðsynleg vegna umfangs, sérþekkingar og margbreytilegrar beitingar þeirra lausna sem um ræðir. Íslenski þátttakandinn er Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

ARCTICOATS - Adapted and Resilient OATS for northern periphery areas er samstarf finnskra og íslenskra aðila um að styrkja forsendur frekari hafraræktunar á norðlægum slóðum og nýta lengdan vaxtartíma og þá möguleika sem það gefur landbúnaði svæðisins. Hafrar sem planta hafa þegar sýnt sig í að þrífast í tiltölulega köldu loftslagi en ennþá eru þó áskoranir fólgnar í að finna heppilegustu yrkin. Fyrirtæki á svæðinu og viðkomandi háskólar hafa sameinast um að beita nýjustu þekkingu og tækni til að rækta slík yrki upp en það krefst þverfaglegar nálgunar og

er ekki á færi einstakra fyrirtækja vegna smæðar markaðarins. Íslenski þátttakandinn er Landbúnaðarháskóli Íslands.

BIODIVER - Biodiversity sustaining carbon management in degraded lands and cut-away peatlands in Northern periphery and Arctic regions er samstarf finnskra, norskra og íslenskra aðila um að móta verklag til nýtingar á vannýttu landi sem sameinar kolefnisbindingu, efnahagslegan ávinning og líffræðilega fjölbreytni. Sjálfbær landnýting krefst verklags sem skilar landeigendum og stjórnvöldum ávinningi en tryggir um leið líffræðilega fjölbreytni. Íslenski þátttakandinn er Landbúnaðarháskóli Íslands.

Á heimasíðu Norðurslóðaáætlunarinnar, www.interreg-npa.eu, og á heimasíðu Byggðastofnunar er að finna frekari upplýsingar um áætlunina og þau verkefni sem hún hefur styrkt.



Mynd 13. Starfssvæði Norðurslóðaáætlunarinnar 2021-2027.

NorValue – Sustainable Value Chains in Nordic Coastal Communities

NORVALUE er samstarfsverkefni Íslands, Grænlands, Færeyja og Noregs, fjármagnað af norrænu ráðherranefndinni og danska ríkinu. Verkefnið varð til í formennskutíð Danmerkur og var hluti af formennskuáætlun þeirra. Háskóli Grænlands í Nuuk leiðir verkefnið, en auk hans er hugmynda- og fræðilegvinna á vegum háskólans í Hróarskeldu. Byggðastofnun tekur þátt í þessu verkefni af Íslands hálfu ásamt Grétari Þór Eypórssyni prófessor við HA. Heildarfjármagn þessa verkefnis eru um 5 milljónir danskra króna. Verkefnið hófst formlega í ársbyrjun 2020, en undirbúningur að því nokkru fyrr. Það var hugsað til þriggja ára eða til ársloka 2022, en hefur frestast nokkuð vegna COVID-19 og eru fyrirhuguð verklok haustið 2023.

Í verkefninu er skoðað hvaða áhrif breytingar á atvinnuháttum hafa haft í sjávarbyggðum af tiltekinni stærð. Hvert land tekur fyrir tvö byggðarlög/bæi sem byggja eða hafa byggt á sjávarútvegi. Hafa á í huga sjálfbærni í víðri merkingu, tæknibreytingar og bláa hagkerfið og huga sérstaklega að ungu fólki í viðkomandi samfélögum og út frá kyni. Hugtök eins og virðiskeðja (value chain) og viðnámsþróttur (resilience) eru mikilvæg rannsóknarhugtök í þessu verkefni. Niðurstöður eru bornar saman milli landanna fjögurra, hvaða þættir eru sameiginlegir og hverjir ekki. Hvað ákvarðar velgengni og hvað hefur áhrif til hins verra?

Tvö byggðarlög, eða öllu heldur bæir, eru til skoðunar í íslenska hluta verkefnisins. Það eru Siglufjörður og Ólafsfjörður. Árið 2021 var viðhorfskönnun lögð fyrir úrtak íbúa þessara bæja þar sem meðal annars var spurt um afstöðu til aðgerða stjórnvalda í formi sameiningar sveitarfélaga í Fjallabyggð 2006, til opunar Héðinsfjarðarganga 2010, tilkomu Menntaskólans á Tröllaskaga og uppbyggingar í atvinnulífi. Sú könnun var grundvöllur íslenska hluta verkefnisskýrslu sem út kom í TemaNord í lok árs 2022 og bar heitið [Value Chains and Resilient Coastal Communities in the Nordic Atlantic](#).



Frá Ólafsfirði.

Í júní 2022 voru haldnir fundir í rýnihópum á Siglufirði og Ólafsfirði og tekin viðtöl við nokkra einstaklinga þar. Þær upplýsingar sem þar fengust verða grundvöllur síðari skýrslu sem út kemur í árslok 2023 ef allt gengur eftir. Sú skýrsla er að hluta til framhald þeirrar fyrri þar sem niðurstöður hennar verða einnig til umfjöllunar þar. Eitt af því sem kom í ljós í viðhorfskönnuninni frá árinu 2021 er að íbúar á Ólafsfirði eru almennt neikvæðari gagnvart þeim breytingum sem hafa orðið í atvinnulífi og samfélagi, árin frá sameiningu og eldri íbúar eru neikvæðari en þeir yngri. Ólafsfirðingar telja einnig að þjónustu í þeirra bæ hafi farið aftur við sameininguna. Þessar skoðanir komu einnig til umræðu á fundum og í viðtölum ársins 2022.

Á árinu 2022, var auk fjarfunda samstarfshópsins í verkefninu, haldinn einn fundur og samhliða ráðstefna í Nuuk á Grænlandi í byrjun ágúst. Á ráðstefnunni voru kynntar þær niðurstöður sem þegar voru fengnar í rannsókninni.

ESPON

ESPON er ein af áætlunum ESB um milliríkjasamstarf sem Ísland er þátttakandi í ásamt öllum 27 aðildarríkjum ESB auk Noregs Liechtenstein og Sviss. ESPON, sem stendur fyrir European Territorial Observatory Network, miðar að því að efla umfang og gæði byggðarannsóknna í löndum Evrópu og greiða aðgengi opinberra stjórnvalda að áreiðanlegum og vönduðum gögnum og rannsóknarniðurstöðum, til notkunar í opinberri stefnumótun innan byggðamála.

Ísland hefur tekið þátt í ESPON-áætluninni frá árinu 2007. Árið 2022 skipuðu fulltrúar Byggðastofnunar stýrinefnd ESPON (Monitoring Committee-MC) fyrir Íslands hönd sem og hlutverk landstengiliðar á Íslandi. Áður hafði hlutverk landstengiliðar verið í höndum Háskólans á Akureyri. Verkefni innan ESPON á árinu 2022 voru einna helst tileinkuð mótun og framsetningu á nýrri ESPON áætlun, ESPON 2030. Fyrri áætlunin, ESPON 2014-2020, hafði runnið sitt skeið með góðum árangri.

Hin nýja áætlun fór af stað undir lok árs 2022. Í þessari nýju starfsáætlun er tekin upp ný nálgun þar sem allar niðurstöður, rannsóknir og viðburðir innan ESPON þurfa að falla innan ákveðinna áhersluþemaflokka (e. Thematic Action Plans, TAPs) sem skilgreindir eru af stýrinefnd áætlunarinnar út frá þörfum þátttökulandanna, vísindasamfélagsins og annarra hagsmunaaðila. Undir lok árs höfðu fjögur áhersluþemu verið skilgreind, en von er á allt að sex til viðbótar á næstu misserum. Fyrstu fjóra þemaflokkana má sér hér:

Meginrannsóknaráherslurnar eru sem fyrr hagnýtar rannsóknir á byggðapróun (Applied research) og verkefnamiðaðar greiningar (Targeted Analysis). Þær síðarnefndu byggja á óskum hagaðila hverju sinni og geta þeir sent inn óskir um viðfangsefni í gegnum ESPON heimasíðuna. Allar rannsóknarniðurstöður, gögn, kort og aðrar upplýsingar sem framliddar eru á vegum ESPON eru öllum aðgengilegar í gegnum heimasíðu ESPON www.espon.eu og í gagnatorgi ESPON, ESPON PORTAL. Þar er hægt að skoða öll kort ESPON og fletta upp rannsóknarniðurstöðum eftir málefnum, gagnasöfnum



Frá fundi ESPON 2022.



Áhersluþemaflokkar ESPON

og/eða löndum. Þetta þýðir að þó svo að rannsóknir og viðfangsefni ESPON ráðist af þörfum stjórnvalda og hagaðila innan þátttökulandaáætlunarinnar hverjusinni, þá geta allir hagnýtt sér niðurstöðurnar, s.s. vísindasamfélagið, háskólar, ráðgjafar, fyrirtæki, félagasamtök, fréttamiðlar og almenningur.

Norrænir vinnuhópar um byggðapróun

Byggðastofnun tekur þátt í norrænu samstarfi er snýr að byggðapróun. Byggðastofnun og landshlutasamtök sveitarfélaga eiga sitt hvorn fulltrúann í þemahópi um *Græna og samþætta byggðapróun í dreifbýli á Norðurlöndum*. Þemahópurinn er framhald af hópi um *Sjálfbæra byggðapróun á Norðurlöndum* sem starfaði á tímabilinu 2017-2020. Meginverkefnið sem unnið var að snérust um þjónustuframboð og aðgengi að þjónustu, réttlát orkuskipti í dreifbýli, svæðisbundin áhrif fjarvinnu, skort á hæfu vinnuafli og brothættar byggðir. Segja má að verkefnið hafi öll tengingu við byggðapróun á Íslandi og tengist öll markmiðum stjórnvalda sem fram koma í þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 sem eru jafnt aðgengi að þjónustu, jöfnum tækifærum til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.

Þá tekur stofnunin þátt í rýnihópum í tengslum við rannsóknarverkefni Nordregio sem snýr að greiningu á því hvernig tryggja megi sanngjarna umbreytingu yfir í grænt hagkerfi fyrir alla þjóðfélagshópa.

Frekari upplýsingar um þemahópinn og rannsóknarverkefnið er að finna á vef Nordregio (nordregio.org), sem hefur umsjón með verkefnum fyrir hönd Norræna ráðherraráðsins, ásamt því efni sem gefið hefur verið út af fyrri þemahópum.

„Konur gára vatnið“ – eflum leiðtogafærni kvenna

Byggðastofnun var þátttakandi í verkefni sem styrkt var af Evrópusambandinu og nefnist í íslensku þýðingu „Konur gára vatnið“ – eflum leiðtogafærni kvenna (Women Making Waves). Jafnréttisstofa stýrði verkefnið og aðrir samstarfsaðilar voru frá Englandi, Grikklandi og Spáni. Verkefnið hófst árið 2019 og lauk formlega á ráðstefnu sem haldin var í Hofi á Akureyri, í maí 2022. Meginmarkmið með verkefnið var að efla leiðtogahæfni, fagmennsku og sjálfstraust kvenna sem búa við tvíþætta mismunun á vinnumarkaði. Einnig að vekja athygli á og skapa umræður um ólíkar aðstæður kvenna á vinnumarkaði og um kynjahalla í leiðtogastöðum. Markhópurinn á Íslandi var atvinnulausar konur, konur af erlendum uppruna, konur í dreifbýli og konur sem voru að hefja nýjan starfsferil.

Verkefnið hafði tvíþætt hlutverk. Annars vegar að vekja athygli á kynjamisrétti og hindrunum sem konur geta mætt á vinnumarkaði. Hins vegar að efla konur sem búa við tvíþætta mismunun með markvissri fræðslu í þeim tilgangi að ýta undir sjálfstraust þeirra og vinnufærni svo þær eigi greiðari leið að starfsframa á vinnumarkaði og hafi um leið nauðsynlegar bjargir til að draga úr kynjamisrétti.

Afurðir verkefnisins, náms- og kennsluefni, náms- og kennsluleiðbeiningar, námsvefur og stefnumótunarskjal voru kynnt á lokaráðstefnunni. Efnið er aðgengilegt á heimasíðu verkefnisins womenmakingwaves.eu/

Í verkefnið var stuðlað að því að jafnréttisbaráttan yrði lögð í hendur þeirra sem geta í raun breytt hlutunum ef aðstæður eru fyrir hendi, þ.e. kvennanna sjálfra. Segja má að að valdefling kvenna í viðum skilningi hafi verið kjarni verkefnisins.



Verkefnisstjórn á ráðstefnu WMW í Hofi á Akureyri í maí 2022.

OECD ráðstefna

Nýsköpun og tækifæri í brennidepli á ráðstefnu OECD um byggðapróun

Í september 2022 tók Byggðastofnun þátt í ráðstefnu á vegum OECD um byggðapróun sem fram fór í Cavan sýslu á Írlandi. Um var að ræða tólftu ráðstefnu OECD innan mála-flokksins þar sem fulltrúar OECD landanna koma saman til þess að ræða um byggðapróunun á breiðum grunni, deila reynslu sinni og þekkingu og ekki síst, læra hver af öðrum. Þema ráðstefnunnar var sjálfbærar, sterkar og blómlegar dreifðar byggðir.

„Þegar við leiðum hugann að dreifðum byggðum, megum við ekki leyfa okkur að horfa til hnignunar. Þess í stað ættum við að hugsa um einstök lífsgæði, nýsköpun, blómstrandi samfélög og ekki síst, tækifæri. Viðhorf eru mikilvæg – því viðhorf skapa metnað“ – sagði Heather Humpreys, ráðherra félags- og byggðamála hjá Írlandi, er hún opnaði OECD ráðstefnuna.

Ragnhildi Friðriksdóttir, sérfræðingi hjá Byggðastofnun, var boðið að halda erindi á málstofu um áhrif loftslagsbreytinga á sjávarbyggðir og bláa hagkerfið. Í máli Ragnhildar kom m.a. fram að sveitarfélög þurfa nú að taka mið af umhverfis-, efnahags- og samfélagslegum áhrifum loftslagsbreytinga í allri ákvarðanatöku og stefnumótun. Auk þess kynnti hún nýja aðgerð í stefnumótandi byggðaaætlan Íslands, aðgerð C.10 – *Áhrif loftslagsbreytinga og sveitarfélög*, en Byggðastofnun fer þar með verkefnisstjórn í samstarfi við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, Skipulagsstofnun og Veðurstofu Íslands. Aðgerðin vakti talsverða athygli viðstaddra, þar sem náð samtal ríkis og sveitarfélaga á Íslandi um aðlögun gegn loftslagsbreytingum þótti til eftirbreytni og var sérstaklega nefnt í lokasamantekt ráðstefnunnar.

Að ráðstefnu lokinni voru nokkur sameiginleg þemu sem stóðu upp úr og virkuðu sem rauður þráður í gegnum málstofur og umræður. Mikilvægi staðbundinnar nýsköpunar fyrir dreifðar byggðir, ekki síst samfélagslegrar nýsköpunar og samfélagslegrar frumkvöðlastarfsemi, og aðferðir til eflingar hennar. Öflug nýsköpunarstarfsemi og sterkt nýsköpunarumhverfi getur haft mikið að segja fyrir atvinnu- og efnahagslíf byggða og dreifbýlis, seiglu þeirra og vöxt, ekki



Ragnhildur Friðriksdóttir, sérfræðingur Byggðastofnunar á þróunarsviði, ásamt þeim Bojan Furst frá Memorial University í Nýfundnalandi, Andrea McCOLL frá Highlands and Islands Enterprise í Skotlandi og Rónán Mac Con Iomaire frá Írlandi. Þau voru með framsögu á málstofu um áhrif loftslagsbreytinga á sjávarbyggðir og bláa hagkerfið.

síst í ljósi þeirra hnattrænu áskorana sem blasa nú við. Í því samhengi var mikil áhersla lögð á vægi þess að færa umboð, fjármagn og vald til ákvarðanatöku til staðbundinna aðila og stjórnenda. Í kjölfarið sköpuðust miklar umræður um mikilvægi verkefna sem leidd eru af fulltrúum samfélaganna sjálfra og hins svokallaða þriðja geira, þ.e. starfsemi sem hvorki tilheyrir hinu opinbera né einkaaðilum, er því ekki hagnaðardríf en vinnur í almannapágu að lausn samfélagslegra áskorana. Áhersla var einnig lögð á mikilvægi svæðisbundinna stefna í hinum ýmsum málaflokkum sem - verkfæri til eflingar atvinnu- og efnahagslífs í dreifðum byggðum.



Helstu hugtök sem sátu eftir í huga starfsmanns Byggðastofnunar í lok ráðstefnunnar.

Það er mikilvægt að Ísland eigi fulltrúa á vettvangi sem þessum um byggðamál, því mikinn lærdóm má draga af þeim umræðum sem þar eiga sér stað. Ekki er síður mikilvægt fyrir íslenskar stofnanir, ráðuneyti og aðra innan málaflokks byggðamála að vera vel meðvituð um þá strauma og stefnur sem ríkja hjá þeim þjóðum sem við kjósum að bera okkur saman við. Oftar en ekki eru nágrannaþjóðir okkar að fást við samskonar áskoranir og við og mikinn lærdóm er hægt að draga af reynslu þeirra og lausnum. Þetta á ekki síður við um tækifærin. Ísland býr einnig yfir mikilvægri þekkingu, hugviti og reynslu á ýmsum sviðum sem snerta byggðamál, sem mikilvægt er að miðla áfram á vettvangi sem þessum.

Það sem einna helst stóð upp úr að ráðstefnu lokinni var mikilvægi þeirrar þróunar sem nú er að eiga sér stað á ímynd dreifbýlis og smærri byggða í Evrópu. Sú breyting er að eiga sér stað að hugrenningartengsl fólks í samhengi dreifðra byggða og landsbyggða er ekki lengur bundin við skort á tækifærum, fólksfækkun eða aðrar áskoranir. Nú eru það tækifærin, lífsgæði, nýsköpun, vöxtur, framsýni og afkastageta sem fyrst koma upp í huga fólks og það er þróun sem mikilvægt er að ýta undir með uppbyggilegri umræðu og sýnileika byggðanna. Því eins og fyrrnefnd Heather Humpreys komst að orði: Viðhorf eru mikilvæg – því viðhorf skapa metnað.



Við Álftavatn í Friðlandi að fjallabaki.

ÁRIÐ Í MYNDUM



Sigurður Ingi Jóhannesson innviðaráðherra ávarpar ársfund.



Heiðurssamkoma vegna Eyrarrósarhafa.



Frá Hrísey.



Fundur verkefnisstjóra í Hveragerði.



Haustfundur - Kynning á HorseDay appinu.



Heimsókn í Rjómabúið á Erpsstöðum.



Íbúðing í Dalabyggð.



Íbúðing á Stöðvarfirði.



Forstjóraskipti: Arnar Már og Aðalsteinn



Vígsla Hafnartangans á Bakkafirði.



Vorfundur Byggðastofnunar - hraðstefnumót.



Starfsfólk Byggðastofnunar á jólapeysudegi.

FJÁRHAGUR OG REKSTUR

Hreinar vaxtatekjur voru 798 m.kr. miðað við 560 m.kr. árið 2021. Aðrar rekstrartekjur voru 617 m.kr. og önnur rekstrargjöld 1.041 m.kr. Framlög í afskriftareikning útlána og matsbreyting hlutafjár námu 106 m.kr. Hagnaður ársins var því 374 m.kr. miðað við 167 m.kr. hagnað árið áður.

Samkvæmt lögum skal Byggðastofnun njóta framlags úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni og nam það 419 m.kr. á árinu 2022.

Rekstrargjöldin án framlaga úr afskriftareikningi skiptust þannig að 276 m.kr. voru vegna lánaumsýslu og sérgreindur kostnaður vegna þróunarstarfsemi var 598 m.kr., en stærsti liðurinn þar eru framlög til atvinnuráðgjafa, 206 m.kr. og styrkir vegna verkefnisins Brothættar byggðir, 115 m.kr. Rekstrarkostnaður vegna stjórnýslu póstmála nam 61 m.kr.

Vergur rekstrarkostnaður Byggðastofnunar árið 2022 var 558 m.kr. og hafði hækkað um 78 m.kr. frá fyrra ári. Kostnaðarpátttaka annarra nam 189 m.kr. Hreinn rekstrarkostnaður stofnunarinnar var því 484 m.kr.

Niðurstaða efnahagsreiknings Byggðastofnunar var 23.822 m.kr. um síðustu áramót, en nam 22.049 m.kr. í árslok 2021 og hafði því hækkað um 1.773 m.kr. á milli ára.

Eigið fé í árslok var 3.696 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og hækkaði sem nam afkomu ársins. Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 19,72%.

Heildarútlán að frádregnum afskriftareikningi útlána námu 19.748 m.kr. í árslok 2022 en voru 18.625 m.kr. í árslok 2021 og höfðu hækkað um 1.122 m.kr. Í árslok 2022 voru vanskil 0,8% af útlánnum. Virði innleysta eigna var 60 m.kr. um síðustu áramót, en var 320 m.kr. árið áður. Reynt er að meta eignir á áætluðu söluverði. Um áramót voru 3 fullnustueignir í eigu stofnunarinnar, sem er fækkun um 3 eignir frá árslokum 2021. Yfirlit yfir fasteignir stofnunarinnar eru í skýringu 11 í ársreikningnum. Nánari upplýsingar um hverja og eina eign eru á heimasíðu stofnunarinnar.

Framlög í afskriftareikning útlána og matsbreyting hlutafjár nam 106 m.kr. á árinu 2022 en 135 m.kr. árið 2021. Afskriftareikningur útlána var 1.571 m.kr. í árslok, sem var 7,37% af heildarútlánnum. Samsvarandi hlutfall árið áður var 7,30% og stóð afskriftareikningurinn þá í 1.467 m.kr. Endanleg útlánatöp ársins námu 23 m.kr. en voru 32 m.kr. árið 2021.

SÉRGREINDUR REKSTRARREIKNINGUR

	Lánaumsýsla þús. kr.	Þróunarstarfsemi þús.kr.	Stjórnsýsla póstmála þús.kr.	Samtals þús.kr.
Vaxtatekjur				
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir ..	27.951			27.951
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum...	2.279.372			2.279.372
	2.307.323			2.307.323
Vaxtagjöld				
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum.....	1.509.663			1.509.663
Önnur vaxtagjöld	147			147
	1.509.810			1.509.810
Hreinar vaxtatekjur.....	797.513			797.513
Rekstrartekjur				
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum	0	389.000	30.000	419.000
Gengismunur.....	-12.975	0	0	-12.975
Tekjur af fullnustueignum	7.351	0	0	7.351
Aðrar rekstrartekjur.....	17.415	186.504	0	203.920
	11.791	575.504	30.000	617.296
Hreinar rekstrartekjur	809.304	575.504	30.000	1.414.809
Rekstrargjöld				
Veitt framlög til atvinnuráðgjafar.....	0	206.300	0	206.300
Veittir aðrir styrkir	0	123.480	0	123.480
Laun og launatengd gjöld	172.148	180.007	24.687	376.842
Annar rekstrarkostnaður.....	62.669	77.542	40.892	181.103
Rekstur fullnustueigna	22.304	0	0	22.304
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	13.716	10.512	801	25.029
Framlög í afskriftareikning útlána og matsbreyting hlutabréfa	105.562	0	0	105.562
	376.399	597.841	66.381	1.040.620
Hagnaður (-tap ársins)	432.906	-22.337	-36.381	374.189

ÁRSREIKNINGUR
BYGGÐASTOFNUNAR 2022



SKÝRSLA STJÓRNAR BYGGÐASTOFNUNAR OG FORSTJÓRA

Hlutverk

Um stofnunina gilda lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarfélög og aðra haghafa. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknnum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Byggðastofnun annast framkvæmd laga um pósthjónustu og hefur með henni eftirlit eins og nánar er kveðið á um í lögum.

Rekstur ársins 2022

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri stofnunarinnar 374,2 milljónum króna á árinu en til samanburðar var 167,3 milljóna króna hagnaður árið 2021. Eigið fé í lok desember 2022 samkvæmt efnahagsreikningi var 3.696 milljónir króna. Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 19,72% en var 18,17% í lok árs 2021.

Efnahagur stofnunarinnar nam í lok desember 2022, 23.822 milljónum króna og hefur hækkað um 1.773 milljónir króna frá árslokum 2021. Stærsti einstaki liðurinn á eignahlið efnahagsreiknings eru útlán til viðskiptavina og námu þau 19.748 milljónum króna og höfðu hækkað um 1.122 milljónir króna frá árslokum 2021. Handbært fé í lok desember 2022 nam 1.686 milljónum króna, en var 1.118 milljónir króna í árslok 2021. Lántökur og skuldabréfaútgáfur námu 19.290 milljónum króna og höfðu hækkað um 1.131 milljón króna á árinu. Ný útlán á árinu 2022 námu 2.768 milljónum króna á móti 3.899 milljónum króna á árinu 2021.

Samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eiginfjárgrunnur í heild nema að lágmarki 8% af áhættugrunni, en í lok desember 2022 var eiginfjárlutfall stofnunarinnar eins og að ofan greinir 19,72%. Skv. breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 sem samþykkt voru á Alþingi 15. júní 2022 og tóku gildi 1. júlí 2022 gildir X. kafli um eiginfjáruka ekki um Byggðastofnun og er stofnunin því undanþegin kröfum um sveiflujöfnunar- og verndunarauka frá þeim tíma.

Þann 5. júlí 2022 var starf forstjóra Byggðastofnunar auglýst laust til umsóknar. Að fenginni tillögu stjórnar Byggðastofnunar skipaði innviðaráðherra Arnar Már Elíasson í embætti forstjóra Byggðastofnunar frá og með 16. september 2022 að telja.

Stjórnarhættir

Málefni byggðamála, og þar á meðal Byggðastofnunar heyra undir innviðaráðuneytið.

Skv. 3. gr. laga um Byggðastofnun skipar ráðherra á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. Á ársfundi stofnunarinnar 5. maí 2022 skipaði innviðaráðherra nýja stjórn sem sitja skal fram að næsta ársfundi en þó ekki lengur en til 1. júlí 2023. Í stjórnina voru skipuð Magnús Björn Jónsson stjórnarformaður, Halldóra Kristín Hauksdóttir varaformaður, Gunnar Þorgeirsson, Jónína Björk Óskarsdóttir, Karl Björnsson, María Hjálmarsdóttir og Óli Halldórsson. Á sama tíma voru sjö varamenn skipaðir, þau Katrín Sigurjónsdóttir, Haraldur Einarsson, Lilja Björg Ágústsdóttir, Sigríður Gísladóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Sigurjón Þórðarson. Í október 2022 viku Sigríður Gísladóttir og Haraldur Einarsson sem varamenn en í stað þeirra voru skipuð Guðný Hildur Magnúsdóttir og Andri Björgvin Arnþórsson. Ráðherra skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar. Fjármálaeftirlit SÍ metur hæfi stjórnarmanna skv. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Á árinu 2022 hélt stjórn Byggðastofnunar 13 stjórnarfundi. Fundargerðir stjórnar eru birtar á heimasíðu stofnunarinnar, en úr þeim útgáfum eru fjarlægðar allar upplýsingar sem falla undir 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Stjórn samþykkti stjórnháttaryfirlýsingu í júní 2021. Er yfirlýsingin birt á heimasíðu stofnunarinnar. Í 4. gr. laga um Byggðastofnun er nánar kveðið á um verkefni stjórnar. Stjórn hefur sett sér reglur um störf sín og voru þær síðast endurskoðaðar 26. október 2022.

Stjórn Byggðastofnunar leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og hefur sett sér reglur um störf stjórnar

auk síðareglna fyrir starfsfólk og stjórn. Þá hafa verið settar starfsreglur fyrir endurskoðunarnefnd og stjórn hefur skilgreint hlutverk regluvarðar. Hjá stofnuninni starfar lánanefnd sem fjallar um allar lánsumsóknir, sölu fullnustueigna og hlutafjár auk þess að gera tillögu til stjórnar um sölu hlutabréfa, fullnustueigna og afgreiðslu lánamála yfir sínum heimildamörkum. Þá eru til staðar hjá stofnuninni aflamarksnefnd, áhættumatsnefnd, vanskilafundur og öryggisnefnd sem settar hafa verið verklagsreglur um. Verklagsreglur um útlánastarfsemi, fjármála- og eignamsýslu hafa verið uppfærðar reglulega og í þeim er m.a. kveðið á um heimildir lánanefndar. Voru reglurnar síðast uppfærðar og samþykktar af stjórn á fundi hennar 19. febrúar 2021.

Í umboði stjórnar starfar endurskoðunarnefnd sem hefur lögbundið eftirlitshlutverk með endurskoðun stofnunarinnar. Endurskoðunarnefnd skal aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili sem hefur eftirlit með reikningsskilaferli stofnunarinnar og innra eftirliti hennar ásamt störfum ytri og innri endurskoðenda stofnunarinnar eins og nánar er tilgreint í verklagsreglum hennar og í samræmi við 108. gr. b. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Stjórn ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar og skal nefndin svara beint til stjórnar. Hún skal skipuð þremur aðilum eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum Byggðastofnunar og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður Byggðastofnun. Á fundi stjórnar 3. júní 2022 voru Kristbjörg Kristbergisdóttir, Ágústa Katrín Guðmundsdóttir og Halldóra Kristín Hauksdóttir skipaðar í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar til eins árs og María Hjálmarsdóttir til vara.

Stjórn skipar regluvörð samkvæmt erindisbréfi og kemur regluvörður að lágmarki einu sinni á ári fyrir stjórn og kynnir skýrslu um þau málefni sem undir starfssvið hans heyra. Þá hefur stjórn einnig skipað persónuverndarfulltrúa skv. erindisbréfi.

Ríkisendurskoðun ber ábyrgð á endurskoðun Byggðastofnunar skv. 4. gr. laga um Ríkisendurskoðun og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016. Ríkisendurskoðun fól PricewaterhouseCoopers ehf. í kjölfar útboðs að sjá um endurskoðun á ársreikningi Byggðastofnunar í umboði sínu rekstrarárin 2018-2024.

Byggðastofnun er undanþegin rekstri á innri endurskoðunardeild skv. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2012. Árið 2016, í kjölfar útboðs, samdi Byggðastofnun við KPMG um að sjá um innri endurskoðun Byggðastofnunar á árunum 2016-2020. Árið 2020 var samningurinn við KPMG framlengdur til ársins 2025.

Verkefni forstjóra eru nánar tilgreind í 5. gr. laga um Byggðastofnun og í erindisbréfi ráðherra.

Stofnunin skiptist í fjögur svið, fyrirtækjasvið, lögfræðisvið, rekstrarsvið og þróunarsvið. Fjöldi starfsmanna í lok desember var 25 í jafnmörgum stöðugildum.

Áhættustýring

Skv. niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2015 er Byggðastofnun undanþegin starfrækslu áhættunefndar sbr. 5 mgr. 78 gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Vegna þessarar undanþágu þá hvíla starfsskyldur áhættunefndar sem mælt er fyrir um á stjórn Byggðastofnunar.

Skv. 11. gr. laga um Byggðastofnun skal fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar vera að varðveita eigið fé að raungildi og takmarkar það áhættuvilja hennar, en stjórn stofnunarinnar ákveður viðunandi áhættu. Núgildandi áhættustefna Byggðastofnunar var staðfest af stjórn í október 2022.

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstoðum ábyrgs reksturs stofnunarinnar. Byggðastofnun hefur skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri sínum. Þeir eru útlánaáhætta, samþjöppunaráhætta, markaðs-áhætta, gengisáhætta, vaxtaáhætta, uppgreiðslu-áhætta, verðbólguáhætta, lausafjáraáhætta, útstreymis-áhætta, seljanleikaáhætta, rekstraráhætta, upplýsingatækniáhætta, pólitísk og lagaleg áhætta, orðsporsáhætta og starfsmannaáhætta.

Virkt innra eftirlit er hjá stofnuninni og hafa flestir ferlar verið skráðir. Þessir ferlar og áhættuþættir eru metnir reglulega. Hafa úttektir sýnt fram á að skilgreindar eftirlitsaðgerðir eru virkar.

Í samræmi við 78. grein laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki hefur verið skipaður sérstakur umsjónarmaður áhættustýringar hjá Byggðastofnun og gilda um störf hans reglur um umsjónarmann áhættustýringar sem samþykktar voru af stjórn í janúar 2023. Hefur umsjónarmaður áhættustýringar beinan og milliliðalausan aðgang að stjórn Byggðastofnunar og flytur skýrslu um þau málefni sem undir starfssvið hans heyra einu sinni á ári auk þess að leggja fyrir stjórn ársfjórðungslega áhættuskýrslu.

Fjármögnun

Á árinu gekk stofnunin frá lántökum hjá Endurlánum ríkissjóðs upp á 3.007 milljónir króna. Voru þetta lán í krónum, bandaríkjadal og evrum með 13-15 ára lánstíma. Nánar er fjallað um lántökur í skýringu 17 í ársreikningnum. Voru lántökurnar byggðar á lántökuheimild fjárlaga 2022. Eru lántökurnar nýttar til að fjármagna nýjar lánveitingar og endurfjármögnunar. Í fjárlögum ársins 2023 hefur Byggðastofnun 3.000 milljóna króna lántökuheimild. Gert er ráð fyrir að stofnunin fjármagni lántökur sínar á árinu 2023 hjá Endurlánum ríkissjóðs.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf samkvæmt 66. grein laga nr 3/2006 um ársreikninga

Byggðastofnun telst til eininga tengdum almannahagsmunum eins og hugtakið er skilgreint í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum.

Stjórn Byggðastofnunar hefur sett sér starfsreglur eins og að framan greinir, þar er m.a. kveðið á um að stjórnarformanni í Byggðastofnun sé óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir stofnunina en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns. Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti hans sjálfs, fyrirtækis sem hann á virkan eignarhlut í, situr í stjórn, er í forsvari fyrir, er starfsmaður við eða á verulegra hagsmuna að gæta í eða telst að öðru leyti innherji í, svo og varðandi samkeppnisaðila slíkra fyrirtækja. Sama gildir um þátttöku í meðferð máls sem tengist aðila sem ervenslaður stjórnarmanni persónulega eða fjárhagslega. Aðalmenn og varamenn í stjórn Byggðastofnunar, eða fyrirtæki sem þeir eiga eða eru í forsvari fyrir, skulu ekki sækja um lán og/eða styrki hjá stofnuninni. Öll önnur viðskiptaerindi stjórnarmanna og/eða varamanna, og fyrirtækja sem þeir kunna að eiga eða vera í forsvari fyrir skulu lögð fyrir stjórn.

Stjórn Byggðastofnunar hefur einnig sett siðareglur sem gilda um stjórn og starfsmenn. Siðareglur minnst starfsmenn og stjórn Byggðastofnunar og aðra þá sem starfa í umboði hennar á viðtækar og strangar siðferðiskröfur sem gerðar eru til þeirra og stuðla þannig að því að efla það traust og þann trúverðugleika sem stofnuninni er nauðsynlegt að hafa.

Byggðastofnun fylgir lögum, reglum og samningum sem snerta jafnréttismál og gilda á hverjum tíma. Byggðastofnun er vinnustaður þar sem starfsfólk er metið á eigin forsendum, hefur jafna möguleika og sömu réttindi í starfi og til starfsframa. Jafnréttisáætlun Byggðastofnunar er ætlað að stuðla að jöfnum rétti og stöðu kynja innan stofnunarinnar og samþættingu

kynja- og jafnréttissjónarmiða í starfi og stefnumótun Byggðastofnunar. Jafnréttisáætlun Byggðastofnunar nær til allrar starfsemi hennar.

Árið 2020 veitti Jafnréttisstofa Byggðastofnun heimild til að nota jafnlaunamerkið árin 2020-2023. Í því fólst staðfesting á að Byggðastofnun hafi fengið vottun á jafnlaunakerfi sínu samkvæmt jafnlaunastaðli ÍST 85:2012 og uppfyllti öll skilyrði staðsins. Með því er staðfest að launaákvæðanir séu kerfisbundnar, að fyrir hendi sé jafnlaunakerfi samkvæmt kröfum jafnlaunastaðals og að reglubundið er fylgst með því hjá stofnuninni að starfsfólk sem vinnur sömu eða jafnverðmæt störf hafi sambærileg laun óháð kynferði.

Byggðastofnun hefur sjálfbæra þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Á þann hátt leggur Byggðastofnun sitt af mörkum til að mæta þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum. Umhverfis- og samfélagsstefna og framkvæmd hennar er liður í daglegu starfi Byggðastofnunar til að draga úr álagi á umhverfið, auka gæði og vekja áhuga á innra umhverfisstarfi og samfélagslegri ábyrgð. Stefnan tekur til allrar starfsemi Byggðastofnunar.

Byggðastofnun stefnir að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um samtals 30% miðað við árið 2019. Byggðastofnun stefnir að því að kolefnisjafna þá losun sem eftir stendur frá árinu 2020. Byggðastofnun mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri en einnig kolefnisjafna alla eftirstandandi losun með t.d. samningi um skógrækt hjá viðurkenndum aðila eða kaupum á vottuðum kolefniseiningum.

Byggðastofnun tekur þátt í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri og hefur sett sér markmið um að uppfylla öll fimm skrefin á árinu 2023.

Upptaka alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS)

Byggðastofnun flokkast sem svokölluð A2 hluta stofnun. Skv. 52 gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, sbr. lög nr. 131/2021 skulu reikningsskil fyrir stofnanir sem undir þann flokk falla gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (IPSAS).

Byggðastofnun hefur hafið innleiðingu á IPSAS og hyggst innleiða hann að fullu á árinu 2023.

Nánar er fjallað um innleiðingu á IPSAS í skýringu 23.

Framtíðarhorfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl í landsbyggðunum.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Byggðastofnunar á árinu 2022, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri stofnunarinnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem stofnunin býr við.

Stjórn Byggðastofnunar og forstjóri fjölluðu um ársreikninginn fyrir árið 2022 á fundi þann 5. apríl 2023 og staðfestu hann með undirritun sinni.

Sauðárkróki 5. apríl 2023

Magnús B. Jónsson, formaður

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra K. Hauksdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson

Sigurjón Þórðarson

Arnar Már Elíasson, forstjóri

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og forstjóra Byggðastofnunar.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Byggðastofnunar fyrir árið 2022, að undanskilinni skýrslu stjórnar og forstjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2022, efnahag hennar 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar og forstjóra,
- Rekstrarreikning fyrir árið 2022.
- Efnahagsreikning þann 31. desember 2022.
- Sjóðstreymi fyrir árið 2022.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar og forstjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð stofnuninni samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi stofnunarinnar. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt stofnuninni er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglana og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Gerð er grein fyrir annarri þjónustu sem við höfum veitt stofnuninni, á árinu 1. janúar til 31. desember 2022, í skýringu nr. 5.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábending

Án þess að setja fyrirvara við álit okkar vísum við til skýrslu stjórnar og forstjóra og skýringu nr. 23 þar sem stjórnendur Byggingastofnunar fjalla um innleiðingu á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila sem miðað við rekstrargrunn (e. accrual basis IPSAS, International Public Sector Accounting Standards, vísað til sem "IPSAS").

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi stofnunarinnar árið 2022. Sem hluti af endurskoðun okkar á ársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á ársreikningnum í heild.

Mat á útlánum

Sjá nánar skýringar nr. 10 "Útlán til viðskiptavina" og nr. 14 "Afskriftarreikningur".

Áhersla í endurskoðun okkar var á mat útlána þar sem útlán nema um 19.748 milljónum króna eða 83% af heildareignum stofnunarinnar. Afskriftarreikningur útlána nemur 1.571 milljónum króna eða 7,37% af heildarútlánum stofnunarinnar. Vegna umfangs matskenndra þátta við útreikning á afskriftarreikningi er þessi liður lykilatriði í endurskoðun okkar.

Útlán stofnunarinnar eru upphaflega metin á gangvirði sem er lánsfjárhæðin, auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði. Áfallnir vextir og verðbætur eru taldir með í bókfærðu virði lána.

Endurskoðunaraðgerðir

Endurskoðun á mati útlána fólst m.a. í eftirfarandi þáttum:

- Útlánaferill yfirfarinn og metinn.
- Við höfum lagt mat á þær aðferðir sem stjórnendur beita við matið, farið yfir matsreglur útlána og prófað eftirlitsaðgerðir í virðisrýrnunarferlinu.
- Framkvæmd var gagnaendurskoðun á afskriftarreikningi útlána. Yfirfarið var mat á undirliggjandi tryggingum og mat lagt á forsendur stjórnenda.
- Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar og forstjóra

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar og forstjóra, sem lá fyrir við áritun okkar.

Aðrar upplýsingar eru jafnframt ársskýrsla Byggðastofnunar. Ársskýrsla liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við búumst við að fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu stjórnar og forstjóra og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi stofnunarinnar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar og forstjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar og forstjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum. Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum stofnunarinnar að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning stofnunarinnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa stofnunina upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi stofnunarinnar. Stjórnendum stofnunarinnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins.

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endur-skoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endur-skoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álitum okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.
- Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grund-velli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi stofnunarinnar eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hennar. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að stofnunin verði ekki lengur rekstrarhæf.

- Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

Kosning endurskoðanda

Við vorum fyrst tilnefnd sem endurskoðendur stofnunarinnar af ríkisendurskoðun sbr. 7. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga í desember 2018. Tilnefning okkar var samþykkt í janúar 2019 og hefur verið staðfest árlega síðan þá. Við höfum því verið endurskoðendur stofnunarinnar samfelld í fimm ár.

Reykjavík, 5. apríl 2023.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi

REKSTRARREIKNINGUR 2022

		2022	2021
	SKÝR.		
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af bankainnistæðum.....		27.951	7.566
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum.....		2.279.372	1.561.202
		2.307.323	1.568.767
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum.....		1.509.663	1.008.322
Önnur vaxtagjöld.....		147	107
		1.509.810	1.008.429
	Hreinar vaxtatekjur	797.513	560.338
Rekstrartekjur			
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum.....	6	419.000	395.200
Gengismunur.....	7	(12.975)	(17.967)
Tekjur af fullnustueignum.....	12	7.351	16.799
Aðrar rekstrartekjur.....	8	203.920	176.805
		617.296	570.837
	Hreinar rekstrartekjur	1.414.809	1.131.175
Rekstrargjöld			
Veitt framlög til atvinnuráðgjafar.....		206.300	207.300
Veittir aðrir styrkir.....		123.480	105.204
Laun og launatengd gjöld.....	3,4	376.842	358.210
Annar rekstrarkostnaður.....		181.103	122.076
Rekstrarkostnaður fullnustueigna.....	12	22.304	12.117
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	16	25.029	24.052
Framlög í afskriftarr. útlána o.fl.....	2,14	105.562	134.913
		1.040.620	963.872
	Hagnaður tímabilsins	374.189	167.303

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2022

		31.12.2022	31.12.2021
	SKÝR		
Eignir			
Handbært fé.....	9	1.686.337	1.117.627
Útlán til viðskiptavina	10	19.747.754	18.625.315
Fullnustueignir	11	60.010	320.010
Markaðsskuldabréf.....	13	282.757	0
Veltuhlutabréf.....	15	252.824	357.899
Hlutdeildarfélög	15	907.860	739.368
Viðskiptakröfur		78.389	57.993
Varanlegir rekstrarfjármunir	16	806.150	831.179
	Eignir samtals	<u>23.822.081</u>	<u>22.049.391</u>
Skuldir og eigið fé			
Lántökur og skuldabréfaútgáfur	18	19.290.410	18.159.786
Óráðstöfuð framlög.....		681.468	442.533
Aðrar skuldir		154.427	125.485
	Skuldir samtals	<u>20.126.305</u>	<u>18.727.803</u>
Eigið fé			
Eigið fé.....	2,19	3.695.776	3.321.587
	Skuldir og eigið fé samtals	<u>23.822.081</u>	<u>22.049.391</u>

SJÓÐSTREYMI 2022

	2022	2021
Handbært fé frá rekstri		
Hagnaður (tap) ársins	374.189	167.303
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:		
Framlög í afskriftarr. útlána og matsbreyting hlutabréfa	82.383	124.421
Afskriftir rekstrarfjármuna	25.029	24.052
Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna	0	(5.474)
Gangvirðisbreyting markaðsskuldabréfa	17.243	0
Hagnaður af sölu fullnustueigna	0	0
Vextir, verðbætur og gengismunur	5.831	169.345
Handbært fé frá rekstri	<u>504.675</u>	<u>479.647</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Afborganir útlána	2.451.499	2.163.099
Veitt lán.....	(2.767.832)	(3.899.063)
Innleystar eignir	102.100	(136.242)
Markaðsskuldabréf.....	(300.000)	0
Hlutabréf	1.000	(4.547)
Varanlegir rekstrarfjármunir	0	(12.473)
Viðskiptakröfur	(20.397)	66.496
Fjárfestingarhreyfingar	<u>(533.630)</u>	<u>(1.822.730)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir af lántökum.....	(2.677.660)	(1.442.196)
Nýjar lántökur	3.007.448	2.511.350
Aðrar skuldir og óráðstöfuð framlög	267.878	226.149
Fjármögnunarhreyfingar	<u>597.665</u>	<u>1.295.305</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	568.710	(47.780)
Handbært fé í ársbyrjun	1.117.627	1.165.407
Handbært fé í lok ársins	<u>1.686.337</u>	<u>1.117.627</u>

SKÝRINGAR

1. Upplýsingar um stofnunina

Byggðastofnun er lánastofnun, kt. 450679-0389 og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í útlánum og öðrum fjárhagslegum stuðningi auk þess að fylgjast með þróun byggðar á Íslandi, annast framkvæmd laga um póstpjónustu og hafa eftirlit með póstpjónustu. Lögheimili stofnunarinnar er að Sauðármýri 2, 550 Sauðárkróki.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna, nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðir stjórnenda styðjast við góða reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Verðtryggðar eignir og skuldir og eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstóligna og skulda eru færðar í ársreikningnum. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2023. Útlán og lántökur í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða miðgengi Seðlabanka Íslands í lok desember 2022. Innistæður á gjaldeyrisreikningum í íslenskum bönkum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða kaupgengi viðkomandi viðskiptabanka. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Miðgengi Seðlabanka Íslands í lok tímabilsins:

	31.12.2022	31.12.2021
USD	142,04	130,38
DKK	20,37	19,85
JPY	1,08	1,13
EUR	151,50	147,60

Kaupgengi Arion banka í lok tímabilsins:

USD	141,50	129,33
JPY	1,07	1,12
EUR	150,97	147,08

Kaupgengi Landsbankans í lok tímabilsins:

EUR	151,00	147,11
-----------	--------	--------

Kaupgengi Íslandsbanka í lok tímabilsins:

USD	142,43	129,33
JPY	1,07	1,12
EUR	151,90	147,11

Vísitölur í upphafi tímabils:

	1.1.2023	1.1.2022
Vísitala neysliverðs til verðtryggingar	560,9	513,0

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili stofnuninni framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu.

Afskriftarreikningur útlána

Afskriftarreikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Framlög í afskriftarreikning útlána eru færð til gjalda í rekstrarreikningi að frádregnum endurgreiðslum vegna áður afskrifaðra lána.

Eignarhlutir í félögum

Hlutdeildarfélög, eru félög sem stofnunin á að jafnaði 20-50% eignarhlut í. Eignarhlutir stofnunarinnar í hlutdeildarfélögum eru í upphafi færðir á kostnaðarverði og eftir upphaflega færslu samkvæmt stöðu eiginfjár viðkomandi félags út frá nýjustu upplýsingum frá þeim félögum. Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýmun. Sé eignarhluti undir 20% en Byggðastofnun með aðila í stjórn félagsins þá er eignarhlutur færður miðað við stöðu eiginfjár út frá nýjustu upplýsingum frá þeim félögum þó þau séu flokkuð á meðal veltufjárbréfa. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Fullnustueignir

Fullnustueignir eru færðar á kostnaðarverði eða áætluðu söluverði hvort sem lægra reynist. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Útlán

Útlán stofnunarinnar eru útlán til viðskiptavina. Þau eru upphaflega metin á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin, auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði. Öll viðskipti stofnunarinnar vegna fjárfestinga hennar eru skráð á viðskiptadegi sem telst sá dagur sem stofnunin hefur skuldbundið sig til viðskiptanna. Áfallnir vextir og verðbætur eru taldir með í bókfærðu virði lána. Vaxtatekjur af lánnum og kröfum eru skráðar undir liðnum „Vaxtatekjur“ í rekstrarreikningi og gengismunur undir liðnum „Gengismunur“. Niðurfærsla er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum útlánnum. Útlán sem eru endanlega töpuð eru færð út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart hverjum skuldunaut. Kröfursem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til stofnunarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Arðstekjur eru færðar þegar réttur stofnunarinnar til innheimtu liggur fyrir.

Leigutekjur af útleigu fullnustueigna eru færðar samkvæmt línulegri aðferð á leigutímanum.

3. Laun og launatengd gjöld

	2022	2021
Laun	293.396	281.501
Lífeyrissjóðsframlög	52.606	50.881
Tryggingagjald	21.315	19.615
Breyting á áunnu orlofi	4.355	611
Önnur launatengd gjöld	5.169	5.601
Laun og launatengd gjöld alls	376.842	358.210

Á árinu störfuðu 25 starfsmenn hjá stofnuninni á tímabilinu m.v. heilsársstörf.

Þann 31. desember 2022 voru 25 starfsmenn á launaskrá hjá stofnuninni og heilsdagsstöðugildi voru 25.

4. Þóknanir til stjórnar, endurskoðunarnefndar og forstjóra

Laun til stjórnar Bygðastofnunar, endurskoðunarnefndar og forstjóra greinast þannig:

	2022	2021
Magnús Björn Jónsson, stjórnarformaður	3.659	3.446
Ágústa Katrín Guðmundsdóttir, endurskoðunarn. frá 3.6.2022	314	0
Gunnar Þorgeirsson, stjórnarmaður	1.813	1.707
Halldóra K. Hauksdóttir, varaform. stjórnar & endsk.nefnd.	2.508	1.985
Haraldur Einarsson, varamaður í stjórn	76	0
Heiðbrá Ólafsdóttir, stjórnarmaður til 5.5.2022	632	1.707
Jónína Björk Óskarsdóttir, stjórnarmaður frá 5.5.2022	1.190	0
Karl Björnsson, stjórnarmaður	1.964	1.707
Kári Gautason, stjórnarmaður frá 15.05.2021 til 21.1.2022	109	1.112
Kristbjörg H. Kristbergsdóttir, endurskoðunarnefnd.....	595	512
María Hjálmarsdóttir, stjórnarmaður	1.813	1.707
Óli Halldórsson, stjórnarmaður frá 5.5.2022	1.190	0
Ragna Hjartardóttir formaður endurskoðunarn. til 3.6.2022	271	595
Sigríður Jóhannesdóttir, stjórn & endursk.nefnd til 15.05.2021	0	774
Sigurjón Þórðarson, varamaður í stjórn	76	0
Valgerður Rún Benediktsdóttir, varamaður í stjórn	76	0
Þórey Edda Elísdóttir, stjórnarmaður frá 21.1.22 til 5.5.2022	481	0
Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri til 1.2.2022	4.339	21.086
Arnar Már Elíasson, forstjóri frá 1.2.2022	19.205	0
Þóknanir til stjórnar, endurskoðunarn. og forstjóra samtals	40.309	36.339

5. Þóknanir endurskoðenda

	2022	2021
Endurskoðun ársreiknings og könnun árshlutauppgjörðs	5.332	5.027
Önnur þjónusta endurskoðunartengt	500	0
Önnur sérfræðiþjónusta/innri endurskoðun.....	4.638	780
Þóknanir endurskoðenda samtals	10.469	5.807

6. Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum og annað framlag ríkissjóðs

Framlag skv. fjárlögum	2022	2021
Almennur rekstur	212.700	187.900
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	206.300	207.300
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum	419.000	395.200

Framlög ríkissjóðs sem fara í gegnum efnahagsreikning	2022	2021
Framlag ríkissjóðs v. sóknaráætlana landshluta	799.935	806.000
Framlag ríkissjóðs v. flutningsjöfnunarstyrkja	175.000	354.695
Framlag ríkissjóðs v. aðgerðar A.9 í byggðaáætlun	15.000	18.300
Framlag ríkissjóðs v. aðgerðar A.10 í byggðaáætlun	12.500	25.000
Framlag ríkissjóðs v. aðgerðar B.8 í byggðaáætlun	54.000	40.000
Framlag ríkissjóðs v. aðgerðar C.1 í byggðaáætlun	130.000	140.000
Framlag ríkissjóðs v. Brothættra byggða	120.000	140.000
Framlag ríkissjóðs v. Byggðarannsóknasjóðs.....	7.000	7.000
Annað framlag ríkissjóðs samtals	1.313.435	1.530.995

Veittir styrkir af framlagi ríkissjóðs sem fara í gegnum efnahagsreikning.	2022	2021
Styrkir v. sóknaráætlana landshluta	606.696	741.062
Styrkir v. flutningsjöfnunar	0	213.987
Styrkir vegna flutningsjöfnunar olíuvara	174.024	0
Styrkir vegna aðgerðar A.9 í byggðaáætlun	2.275	18.375
Styrkir vegna aðgerðar A.10 í byggðaáætlun.....	7.332	21.900
Styrkir vegna aðgerðar B.8 í byggðaáætlun	39.220	41.500
Styrkir vegna aðgerðar C.1 í byggðaáætlun	101.475	125.692
Styrkir v. hruns í ferðaþjónustu	1.400	28.600
Styrkir v. félagsþjónustu og barnaverndar	0	14.131
Styrkir v. Byggðarannsóknasjóðs	7.000	13.530
Veittir styrkir alls	939.423	1.218.777

Óúthlutaðir styrkir vegna annars framlags ríkissjóðs eru færðir á efnahagsreikning.

Kostnaður Byggðastofnunar vegna verkefnisins „Brothættar byggðir“ nam 145.650 þúsund krónum á árinu og er færður í rekstrarreikning. Tekjur námu 145.650 þúsund krónum og eru færðar meðal annarra rekstrartekna.

8. Aðrar rekstrartekjur

	2022	2021
Endurgreiddur kostnaður vegna Brothættra byggða	145.650	117.328
Endurgreiddur ýmiss útlagður kostnaður	43.501	36.767
Arður af hlutabréfum	9.693	12.901
Innheimtutekjur	2.564	1.082
Tekjur vegna rekstrarfjármuna	1.604	1.682
Annað	908	1.572
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	0	5.474
	<u>203.920</u>	<u>176.805</u>

9. Handbært fé

	31.12.2022	31.12.2021
Bankainnstæður í íslenskum krónum	1.156.693	1.058.496
Bankainnstæður í erlendri mynt	529.644	59.131
Bankainnstæður samtals	<u>1.686.337</u>	<u>1.117.627</u>

10. Útlán til viðskiptavina

Sundurliðun eftir myntum	31.12.2022	31.12.2021
Útlán í íslenskum krónum	18.858.755	17.314.556
Útlán í erlendum myntum	2.459.562	2.778.024
Afskriftarreikningur útlána	(1.570.563)	(1.467.265)
	<u>19.747.754</u>	<u>18.625.315</u>

Sundurliðað eftir lántakendum:

	31.12.2022	31.12.2021
Bæjar- og sveitarfélög	0,00%	0,00%
Einstaklingar	31,02%	29,07%

Sundurliðað eftir atvinnugreinum:

	31.12.2022	31.12.2021
Þjónustustarfsemi	34,25%	35,27%
Sjávarútvegur	11,22%	13,14%
Iðnaður	7,86%	7,60%
Landbúnaður	15,64%	14,92%
Fjármálastofnanir	0,00%	0,00%
	<u>100%</u>	<u>100%</u>

Útlán með áföllnum vöxtum greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	31.12.2022	31.12.2021
Gjaldkræfar kröfur	222.650	172.927
Allt að 3 mánuðum	289.916	364.173
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári.....	1.214.213	1.521.913
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	5.532.695	6.046.120
Yfir 5 ár	12.488.279	10.520.182
	19.747.754	18.625.315

11. Fullnustueignir

	31.12.2022	31.12.2021
Fasteignir	60.010	320.010
	60.010	320.010
	F. mat	Stærð m2
Grænigarður, Ísafirði	94.830	1.366,7
Strandarvegur 29-33, Seyðisfirði.....	16.050	601,0
Strandgata 37, Tálknafirði	16.460	456,1
	127.340	2.423,8

Fullnustueignir eru bókfærðar í ársreikningi á 60.010 þúsund krónur.

	2022	2021
Fjöldi fullnustueigna í eigu Byggðastofnunar í ársbyrjun	6	6
Fullnustueignir innleystar til fullnustu krafna á árinu	0	1
Fullnustueignir seldar á árinu	(3)	(1)
Fullnustueignir í eigu Byggðastofnunar í lok ársins	3	6

12. Rekstur fullnustueigna

	2022	2021
Leigutekjur	7.351	16.799
Rekstrarkostnaður	22.304	12.117
	(14.953)	4.682

13. Markaðsskuldabréf

	31.12.2022	31.12.2021
Ríkisskuldabréf RIKS 37 0115	282.757	0
	282.757	0
Gangvirðisbreytingar Markaðsskuldabréfa		
	2022	2021
Ríkisskuldabréf RIKS 37 0115	17.243	0
	17.243	0

14. Afskriftarreikningur

Hreyfingar í þúsundum króna:

Í gegnum framlög í afskriftarreikning skv. rekstrarreikningi fara framlög í afskriftarreikning útlána og viðskiptakrafna auk matsbreytingar hlutafjár og fullnustueigna. Afskriftarreikningur útlána skiptist í sérstakan afskriftarreikning og almennan afskriftarreikning. Undir sérstakan afskriftarreikning útlána falla lántakar með vanskil umfram 3 mánuði auk lántakenda sem metnir eru með verulega tapshættu. Afskriftarreikningur útlána sundurliðast þannig:

	Sérstakur afskr.reikn.	Almennur afskr.reikn.	Samtals
Afskriftarreikningur útlána 2022			
Staðan 1. janúar	230.150	1.237.115	1.467.265
Framlög á árinu	(7.948)	134.284	126.336
Endanlega töpuð útlán	(23.037)	0	(23.037)
Staða 31. desember	<u>199.165</u>	<u>1.371.399</u>	<u>1.570.563</u>
Afskriftarreikn, útlána í hlutfalli af útlánum	0,93%	6,43%	7,37%

	Sérstakur afskr.reikn.	Almennur afskr.reikn.	Samtals
Afskriftarreikningur útlána 2021			
Staðan 1. janúar	230.471	1.142.380	1.372.851
Framlög á árinu	31.391	94.734	126.125
Endanlega töpuð útlán	(31.712)	0	(31.712)
Staða 31. desember	<u>230.150</u>	<u>1.237.115</u>	<u>1.467.265</u>
Afskriftarreikn, útlána í hlutfalli af útlánum	1,15%	6,16%	7,30%

	2022	2021
Framlag á árinu	126.336	126.125
Framlag vegna viðskiptakrafna	3.500	3.066
Endurmat fullnustueigna	22.900	15.126
Matsbreyting markaðsskuldabréfa	17.243	0
Matsverðsbreyting á hlutum í hlutdeildarfélagum	(65.430)	(8.652)
Matsverðsbreyting á veltufjárbréfum	1.013	(753)
Framlög í afskriftarreikning skv. rekstrarreikningi	105.562	134.913

15. Hlutfjáreign

Í lok tímabilsins átti Byggðastofnun eftirtalin hlutabréf sem greinast þannig eftir eignarhlut, nafnverði og bókfærðu verði:

Hlutdeildarfélag, eignarhlutur > 20%	Eignarhluti	Nafnverð	Bókf. verð
Ámundakinn ehf., Blönduós	23,24%	53.437	106.710
Dýralíf ehf., Egilsstaðir	33,81%	4.000	1.835
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf., Selfoss	40,00%	109.142	49.687
Eignarhaldsf. Suðurnesja hf., Reykjanesbær.....	19,03%	96.840	103.062
Fasteignafélagið Hvammur ehf., Búðardalur	24,85%	16.919	8.326
Fasteignafélagið Kirkjuból ehf., Stöðvarfjörður.....	30,00%	7.124	1
Fjallalamb hf., Kópasker	21,26%	27.344	8.375
Fjárfestingafélagið Vör hf., Neskaupstaður.....	40,00%	49.757	149.836
Hvetjandi hf. eignarhaldsfélag, Ísafjörður	38,17%	100.448	98.114
Molta ehf., Akureyri	30,00%	50.000	39.361
Nes listamiðstöð ehf., Skagaströnd	35,71%	5.000	3.688
Útgerðarfélagið Skúli ehf., Drangsnæs	38,02%	30.755	79.991
Þörungaverksmiðjan hf., Reykhólar	27,67%	7.919	258.874
Hlutdeildarfélag, samtals		558.687	907.860
Veltufjárbréf, eignarhlutur ≤ 20%	Eignarhluti	Nafnverð	Bókf. verð
Ásgarður hf. eignarhaldsfélag, Egilsstaðir	13,78%	15.000	15.000
Borg, saumastofa ehf., Húnaþing vestra	19,82%	170	1
Fánasmiðjan ehf., Ísafjörður	9,95%	4.167	1.291
Fiskmarkaður Hólmavíkur ehf., Hólmavík	15,56%	278	3.026
Fiskvinnslan Drangur ehf., Drangsnæs	4,08%	1.000	1.000
Hótel Flúðir ehf., Flúðir	4,77%	1.194	1.194
P/F Smyril-line, Færeyjar (1.868 þús. DKK)	1,67%	38.063	111.413
Samkaup hf., Reykjanesbær	2,77%	10.801	111.400
Snorri Þorfinnsson ehf., Hofsóss	19,89%	12.000	1
Tröllasteinn ehf., Laugar	19,72%	7.000	7.000
Yrkjar ehf., Eyja- og Miklaholtshreppur	6,21%	1.800	1.498
Veltufjárbréf, samtals		91.473	252.824
Hlutfjáreign, samtals			1.160.684

Verðmæti hlutabréfa sem hefur verið aflað í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu nema 501.979 þúsundir króna.

16. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Bifreiðar	Húsgögn, innr. og tæki	Samtals
Stofnverð 1/1	831.447	22.536	20.590	874.572
Afskrifað alls 1/1	(31.319)	(5.555)	(6.520)	(43.394)
Bókfært verð 1/1	<u>800.128</u>	<u>16.981</u>	<u>14.070</u>	<u>831.179</u>
Afskrifað á tímabilinu.....	(16.629)	(4.282)	(4.118)	(25.029)
Bókfært verð 31/12.....	<u>783.499</u>	<u>12.699</u>	<u>9.952</u>	<u>806.150</u>
Stofnverð alls 31/12	831.447	22.536	20.590	874.572
Afskrifað alls 31/12	(47.948)	(9.837)	(10.638)	(68.423)
Bókfært verð 31/12	<u>783.499</u>	<u>12.699</u>	<u>9.952</u>	<u>806.150</u>
Afskriftarhlutföll	2%	20%	20%	

Fasteignir stofnunarinnar eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	Fasteignamat	Brunabótamat	Bókfært verð
Háahlíð 4, Sauðárkróki	66.250	106.050	9.230
Sauðármýri 2, Sauðárkróki	154.100	744.350	774.269
	<u>220.350</u>	<u>850.400</u>	<u>783.499</u>

17. Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum og verðtryggingu

Erlent:	31.12.2022	31.12.2021
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	2.736.823	2.555.616
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	3.019.808	2.605.025
Nettó staða erlendra eigna og skulda	<u>(282.985)</u>	<u>(49.409)</u>
Verðtryggt:		
Verðtryggðar eignir	10.213.283	9.829.730
Verðtryggðar skuldir	9.760.482	10.765.809
Nettó staða verðtryggðra eigna og skulda	<u>452.801</u>	<u>(936.080)</u>

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

SKÝRINGAR

Erlendar eignir og skuldir skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

31.12.2022

	USD	JPY	EUR	Samtals
Útlán	267.271	195.764	1.744.145	2.207.180
Handbært fé	229.034	72.553	228.057	529.644
Eignir samtals	496.305	268.317	1.972.202	2.736.823
Lántökur	533.370	301.349	2.185.089	3.019.808
Nettó staða	<u>(37.065)</u>	<u>(33.033)</u>	<u>(212.887)</u>	<u>(282.985)</u>

31.12.2021

	USD	JPY	EUR	Samtals
Útlán	415.176	288.645	1.792.664	2.496.485
Handbært fé	21.830	31.977	5.324	59.131
Eignir samtals	437.006	320.622	1.797.988	2.555.616
Lántökur	457.310	354.733	1.792.982	2.605.025
Nettó staða	<u>(20.304)</u>	<u>(34.111)</u>	<u>5.006</u>	<u>(49.409)</u>

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

18. Lántökur og skuldabréfaútgáfur

Skuldabréf Byggðastofnunar eru með ríkisábyrgð.

Sundurliðun eftir tegund	31.12.2022	31.12.2021
Verðtryggðar skuldabréfaútgáfur	9.760.482	9.759.947
Verðtryggðar lántökur	0	1.005.863
Óverðtryggðar lántökur	6.510.119	4.788.952
Erlendar lántökur og lántökur í erl. myntum	3.019.808	2.605.025
	<u>19.290.410</u>	<u>18.159.786</u>

Lántökur sundurliðast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	31.12.2022	31.12.2021
Gjaldkræft	0	0
Allt að 3 mánuðum	701.539	593.928
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	1.390.076	1.396.737
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	7.182.700	6.947.924
Yfir 5 ár	10.016.095	9.221.197
	<u>19.290.410</u>	<u>18.159.786</u>

Lántökur skiptast þannig eftir mynt:

	Greiðslu- skilmálar	Loka- gjaldhagi	Vaxtakjör	31.12.2022	31.12.2021
ISK	Jafnar gr.	2030-2034	1,96-5,0% verðtr	9.760.482	10.765.809
ISK óvtr.....	Jafnar gr.	2035-2037	2,7-6,8% óvtr.	6.510.119	4.788.952
USD.....	Jafnar afb.	2025	Libor +1,5%	0	457.310
USD.....	Jafnar gr.	2036	Libor + 1,5%	533.370	0
JPY.....	Jafnar gr.	2030	1,00%	301.349	354.733
EUR.....	Jafnar afb.	2025	Euribor +1,35%	364.305	472.639
EUR.....	Kúlulán	2025	0,60%	553.621	539.360
EUR.....	Jafnar gr.	2035	Euribor + 0,9%	530.899	0
EUR.....	Jafnar gr.	2036	0,5-0,7%	736.264	780.983
				19.290.410	18.159.786

19. Eigið fé

Samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eiginfjárgrunnur í heild nema að lágmarki 8% af áhættugrunni, en þann 31. desember var eiginfjárlutfall stofnunarinnar 19,72%. Skv. breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 sem samþykkt voru á Alþingi 15.júní 2022 og tóku gildi 1. júlí 2022 gildir X. kafli um eiginfjárauka ekki um Byggðastofnun og er stofnunin því undanþegin kröfum um sveiflujöfnunar- og verndunarauka frá þeim tíma.

	1.2.2020	19.3.2020	1.7.2022
Lögbundin krafa um eiginfjárlutfall	8,00%	8,00%	8,00%
Sveiflujöfnunarauk.....	2,00%	0,00%	0,00%
Verndunarauki	2,50%	2,50%	0,00%
Samanlögð krafa um eiginfjárauka.....	4,50%	2,50%	0,00%
Samanlögð eiginfjárrafrá	<u>12,50%</u>	<u>10,50%</u>	<u>8,00%</u>

Eigið fé og eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

	31.12.2022	31.12.2021
Staða eigin fjárs í upphafi árs.....	3.321.587	3.154.284
Hagnaður (tap) tímabilsins	374.189	167.303
Eigið fé í lok tímabils	<u>3.695.776</u>	<u>3.321.587</u>
Gangvirðisbreyting fjáreigna og fjárskulda.....	(11.204)	(10.857)
Eiginfjárgrunnur í lok tímabils.....	<u>3.684.572</u>	<u>3.310.730</u>
Útlánaáhætta.....	16.349.930	15.837.048
Markaðsáhætta.....	33.722	233.545
Rekstraráhætta.....	2.304.187	2.146.363
Áhættugrunnur.....	<u>18.687.839</u>	<u>18.216.956</u>
Eiginfjárlutfall	19,72%	18,17%

20. Ábyrgðir og skuldbindingar

Byggðastofnun var ekki í neinum ábyrgðum gagnvart þriðja aðila þann 31. desember 2022. Í lok árs voru 44 lánsloforð að fjárhæð 2.115 milljón króna óafgreidd. Samkvæmt reglum Byggðastofnunar falla lánsloforð niður 12 mánuðum frá því þau eru samþykkt.

21. Önnur mál

Stjórn Byggðastofnunar, lykilstjórnendur og hlutdeildarfélag eru skilgreind sem tengdir aðilar auk náinna fjölskyldumeðlima framangreindra og lögaðila undir yfirráðum þeirra. Engin óvenjuleg viðskipti áttu sér stað við tengda aðila á árinu. Engar ábyrgðir hafa verið veittar tengdum aðilum vegna viðskiptaskulda eða viðskiptakrafna.

Útlán til tengdra aðila þann 31. desember 2022 voru 320.548 þús.kr. Lán að fjárhæð 317.615 þús kr. eru tryggð með fasteignaveðum en lán að fjárhæð 2.933 þús kr. eru án trygginga.

Laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og forstjóra er getið í skýringu 4.

	2022	2021
Staða lána við tengda aðila 1. janúar	300.647	330.731
Ný útlán	60.000	40.000
Greiðsla afborgana og vaxta	(44.707)	(95.085)
Áfallnir vextir og verðbætur	32.804	25.00
Staða útlána við tengda aðila 30. júní	<u>348.744</u>	<u>300.647</u>

22. Áhættustýring

Yfirlit um áhættur og skipulag áhættustýringar

Byggðastofnun er lánastofnun í samræmi við skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki. Þær áhættur sem stofnunin býr við eru eftirfarandi:

- Útlánaáhætta
- Markaðsáhætta
- Lausafjárahætta
- Rekstraráhætta

Fjallað er um hverja áhættu, ásamt undiráhættum, hér á eftir auk skipulagi áhættustýringar og áhættuvörnum.

Skipulag áhættustýringar

Byggðastofnun er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar skal vera að varðveita eigið fé hennar að raungildi, í samræmi við 11. gr. laga nr. 106/1999 um Byggðastofnun, og tekur fjárstýring og áhættustýring stofnunarinnar mið af því.

Stjórn Byggðastofnunar

- Tekur ákvörðun um áhættustefnu, mótun áhættuvilja og áhættumarka.
- Fær upplýsingar um stöðu rekstrar og helstu áhættur í rekstri með reglubundum hætti.
- Skipar endurskoðunarnefnd og umsjónarmann áhættustýringar.
- Tekur mið af áhættupáttum við stjórn og skipulag stofnunarinnar.

Endurskoðunarnefnd

- Starfar samkvæmt 108. gr. a. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og starfsreglum endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar frá 6. apríl 2020.
- Hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og tilhögun innra eftirlits ásamt störfum innri og ytri endurskoðenda stofnunarinnar.

Umsjónarmaður áhættustýringar

- Sinnir daglegum áhættustýringarstörfum.
- Fylgist með að markmiðum og stefnum í áhættustefnu stofnunarinnar sé fylgt.
- Tekur út fylgni við verklagsreglum stofnunarinnar.
- Fylgist með því að innri ferlar Byggðastofnunar taki tillit til áhættupátta skv. 78. gr. a – i, laga nr. 161/2002, eftir því sem við á.

Áhættumatsnefnd

- Ber ábyrgð á að áhættustefnu stofnunarinnar sé fylgt hvað varðar útlánaáhættu.
- Gengur úr skugga um að starfsemin uppfylli útlánareglur.
- Yfirfer og samþykkir áhættumat stofnunarinnar.

Áhættuvarnir

Mikilvægt er að viðhalda ákveðnu jafnvægi í samsetningu lánsfjármagns og útlána stofnunarinnar. Stofnunin skal lágmarka áhættu sína og stýra vaxta – og útlánaáhættu innan ákveðinna viðmiðunarmarka sem fram koma í Verklagsreglum um útlánastarfsemi.

Rekstrar- og fyrirtækjasvið stofnunarinnar vinna eftir Áhættustefnu stofnunarinnar og þeim verklagsreglum sem settar eru af stjórn og forstjóra. Þar eru áhættur og vikmörk þeirrar áhættu sem snýr að starfseminni skilgreindar.

Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er hættan á því að viðskiptavinurinn efni ekki skuldbindingar sínar. Áhættuskuldbindingar vegna viðskiptavina eða hóps tengdra viðskiptamanna, að teknu tilliti til mildunar útlánaáhættu, skulu ekki fara fram yfir 25% af eiginfjárgrunni skv. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærnisröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012, sbr. reglugerð nr. 860/2022.

Stofnunin tekur meðvitaða áhættu í verðmati fasteigna á veikum svæðum með hliðsjón af hlutverki sínu. Þetta kann að leiða til þess að verðmæti veðsettrar fasteignar reynist lægra þegar á reynir við greiðslufall skuldara. Útlánaáhætta felst einnig í líkunum á greiðslufalli og hins vegar í áætluðu endurheimtuhlutfalli.

Endurheimtuhlutfallið ræðst af því hversu alvarlegt greiðslufallið er, þ.e. hvort það leiðir til fjárhagslegrar endurskipulagningar, greiðslustöðvunar eða gjaldþrots og hversu góðar tryggingar fyrir skuldinni eru.

Samþjöppunaráhætta myndast í gegnum lánastarfsemi stofnunarinnar og er skilgreind sem hluti af útlánaáhættu. Byggðastofnun horfir sérstaklega til samþjöppunar innan atvinnugreina.

Hlutfall atvinnugreinar af útlánasafni	2022	2021
Ferðapjónusta	23,73%	24,20%
Iðnaður	6,69%	6,00%
Landbúnaður	44,67%	42,90%
Sjávarútvegur og fiskeldi	12,24%	13,40%
Önnur starfsemi	12,67%	13,50%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta eða fjárhagsleg áhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi vegna liða innan og utan efnahagsreikninga. Að breytingar á markaðsvirði þessara liða, svo sem breytingar á vöxtum og gengi gjaldmiðla, verðbólga eða almennur samdráttur í landinu, hafi óhagstæð áhrif á fjármálagreininga stofnunarinnar og þar með afkomu hennar og eigið fé.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er sú áhætta sem felst í því að stofnunin geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla og að hún geti ekki greitt út lánsloforð til viðskiptavina. Lausafjástýring Byggðastofnunar felur í sér lausafjargreiningu og lausafjáraætlun. Til að tryggja stöðuga fjármögnun hefur stofnunin fjárfest í ríkisbréfum.

Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda 31.12.2022

Fjáreignir.....	0-3 mán.	3-12 mán	1-5 ár	Yfir 5 árum	Samtals
Handbært fé	1.686.337				1.686.337
Útlán.....	512.566	1.214.213	5.532.695	12.488.279	19.747.754
Markaðsskuldabréf.....	282.757				282.757
Viðskiptakröfur	78.389				78.389
Fjáreignir samtals.....	<u>2.560.050</u>	<u>1.214.213</u>	<u>5.532.695</u>	<u>12.488.279</u>	<u>21.795.237</u>
Fjárskuldir					
Lántökur	701.539	1.390.076	7.182.700	10.016.095	19.290.410
Viðskiptaskuldir	154.427				154.427
Óráðstöfuð framlög.....	161.017	520.451			681.468
Fjárskuldir samtals	<u>1.016.983</u>	<u>1.910.527</u>	<u>7.182.700</u>	<u>10.016.095</u>	<u>20.126.305</u>

Rekstraráhætta

Undir rekstraáhættu fellur áhættan á fjárhagslegu tapi, upplýsingatækniáhætta, pólitísk- og lagaleg áhætta, orðspors-áhætta og starfsmannaáhætta.

Til að draga úr rekstraráhættu notar stofnunin fyrirbyggjandi aðgerðir og eftirlit í starfsemi sinni. Meðal fyrirbyggjandi aðgerða eru verkferlar um alla helstu þætti í rekstrinum, þjálfun starfsmanna, aðgreining starfa, afritun gagna og fleira. Þá vinnur Bygðastofnun eftir ISO 27001 staðli um öryggi upplýsingakerfa.

Bygðastofnun flokkast sem svokölluð A2 hluta stofnun. Skv. 52 gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, sbr. lög nr. 131/2021 skulu reikningsskil fyrir stofnanir sem undir þann flokk falla gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (IPSAS).

Bygðastofnun hefur hafið innleiðingu á IPSAS og hefur ráðið KPMG hf. til að aðstoða við upptökuna. Staðallinn heimilar frestun innleiðingar í þrjú ár frá upptökudegi.

Upptaka IPSAS 41 Fjármálagerningar mun mögulega hafa mest áhrif á fjáreignir og fjárskuldir stofnunarinnar en ekki hefur farið fram mat á því hversu mikil það getur verið. Í samræmi við IPSAS 41 ber að flokka fjáreignir í mismunandi matsflokka út frá því viðskiptalíkani sem þær tilheyra og einkennum samningsbundins sjóðstreymis þeirra. Að auki ber að skoða hvort veitt eða tekin lán séu ívilnandi þ.e. hvort lánskjör þeirra séu undir markaðskjörum.

Bygðastofnun ætlar að skoða áhrif upptöku IPSAS 41 í reikningsskil sín á árinu 2023 og taka staðalinn upp í ársreikningi sínum fyrir árið 2023.



FRAMLÖG OG STYRKIR

Atvinnuráðgjöf

Austurbrú ses.....	27.210
Fjórðungssamband Vestfirðinga	41.891
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.....	22.210
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.....	29.684
Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra	23.499
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.....	23.499
Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra.....	35.840
Sameiginlegur kostnaður.....	2.466
Samtals.....	206.300

Aðrir styrkir

Brothættar byggðir.....	145.650
Byggðarannsóknasjóður.....	7.000
Eyrarrósir	3.000
Flutningsjöfnun olíuvara	174.024
Styrkir vegna aðgerðar A.9 í byggðaáætlun.....	2.275
Styrkir vegna aðgerðar A.10 í byggðaáætlun.....	7.332
Styrkir vegna aðgerðar B.8 í byggðaáætlun	39.220
Styrkir vegna aðgerðar C.1 í byggðaáætlun	101.475
Sóknaráætlanir landshluta.....	606.696
Styrkir til meistaranema	2.000
Stuðningur við atvinnulíf og samfélag v. hruns í ferðaþjónustu	1.400
Samtals.....	1.090.072

LÖG UM BYGGÐASTOFNUN

[Lög nr. 106 frá 27. desember 1999](#) með síðari tíma breytingum.

Tóku gildi 1. janúar 2000. Breytt með: L. 87/2009 (tóku gildi 20. ágúst 2009). L. 123/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 13/2013 (tóku gildi 9. mars 2013). L. 69/2015 (tóku gildi 21. júlí 2015). L. 130/2016 (tóku gildi 1. júlí 2017). L. 71/2019 (tóku gildi 5. júlí 2019). L. 76/2021 (tóku gildi 1. júlí 2021; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 13. gr.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við innviðaráðherra eða innviðaráðuneyti sem fer með lög þessi. Upplýsingar um málefnasvið ráðuneyta skv. forsetaúrskurði er að finna hér.

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag.

1. gr. Yfirstjórn og staðsetning.

Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn [ráðherra].¹⁾

[Ráðherra]¹⁾ ákveður staðsetningu Byggðastofnunar að fenginni tillögu stjórnar.

¹⁾[L. 126/2011, 291. gr.](#)

2. gr. Hlutverk.

[Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu.

Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Beinar aðgerðir skv. 2. og 3. mgr. einskorðast við samþykkt stuðningssvæði á gildandi byggðakorti af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt fyrir tiltekið tímabil.

[Byggðastofnun annast framkvæmd laga um pósthjónustu og hefur eftirlit með pósthjónustu eins og nánar er kveðið á um í lögum um það efni.]¹⁾²⁾

¹⁾[L. 76/2021, 9. gr.](#) ²⁾[L. 69/2015, 6. gr.](#)

3. gr. Ársfundur og stjórn.

Halda skal ársfund Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Nánar skal kveðið á um ársfund í reglugerð.

[Ráðherra]¹⁾ skipar á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. [Ráðherra]¹⁾ skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða.

¹⁾[L. 126/2011, 291. gr.](#)

4. gr. Verkefni stjórnar.

Verkefni stjórnar Byggðastofnunar eru:

1. Að ákveða starfsskipulag að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.
2. Að móta stefnu um helstu áherslur, verkefni og starfshætti og sjá til þess að henni sé framfylgt.
3. Að ákveða rekstrar- og starfsáætlun til eins árs í senn.
4. Að vinna að samstarfi við aðrar stofnanir og sjóði sem starfa að eflingu atvinnulífs í því skyni að samhæfa og gera atvinnuráðgjöf og stuðningsaðgerðir markvissar.

5. Að fjalla um áætlanir sem stofnunin vinnur að, svo og skýrslur um starfsemi hennar.
6. Að fjalla um og samþykkja ársreikning.
7. Að taka ákvarðanir um heildarlántöku, sbr. 15. gr.
8. Að taka ákvarðanir um hlutfjárkaup og þátttöku í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum.
9. Að setja reglur um lánakjör og fjármögnun verkefna.
10. Að taka ákvarðanir og setja reglur um lán- og ábyrgðarveitingar. Þá skal stjórn setja reglur um upplýsingagjöf til stjórnar um þau efni. [Reglur stjórnar Byggðastofnunar um lán- og ábyrgðarveitingar skulu hafa hlotið staðfestingu ráðherra áður en þær öðlast gildi.]¹⁾
11. Önnur verkefni sem [ráðherra]²⁾ felur stjórn að vinna á sviði byggða- og atvinnumála.

¹⁾[L. 13/2013, 1. gr.](#) ²⁾[L. 126/2011, 291. gr.](#)

5. gr. Forstjóri.

[Ráðherra]¹⁾ skipar forstjóra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. [Um laun og önnur launakjör forstjóra fer skv. [39. gr. a laga nr. 70/1996](#), um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.]²⁾

¹⁾[L. 126/2011, 291. gr.](#) ²⁾[L. 130/2016, 8. gr.](#)

6. gr. Verkefni forstjóra.

Verkefni forstjóra Byggðastofnunar eru:

1. Að stjórna daglegum rekstri stofnunarinnar.
2. Að gera tillögur til stjórnar um:
 - a. starfsskipulag stofnunarinnar,
 - b. rekstrar- og starfsáætlun,
 - c. áherslur í starfsemi,
 - d. lántökur og heildarútlán,
 - e. reglur um lánakjör.
3. Að ráða stofnuninni starfsfólk.
4. Önnur verkefni sem honum eru falin af stjórn.

II. KAFLI.

Starfsemi.

7. gr. ...¹⁾

¹⁾[L. 69/2015, 6. gr.](#)

8. gr. Rannsóknir á atvinnu- og byggðaþróun.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðaþróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðaþróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

9. gr. Atvinnuráðgjöf.

Byggðastofnun skipuleggur og vinnur að ráðgjöf við atvinnulífið á landsbyggðinni í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra [haghafa].¹⁾

Stofnunin skal í samstarfi við þá aðila sem sinna atvinnuráðgjöf vinna að bættu skipulagi atvinnuráðgjafar og aukinni þekkingu ráðgjafa, m.a. í því skyni að gera ráðgjöfina markvissa og stuðla að betri nýtingu fjármuna. Stofnunin getur gert samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði.

¹⁾[L. 69/2015, 6. gr.](#)

10. gr. Fjármögnun verkefna.

Byggðastofnun veitir framlög til verkefna á sviði atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar. Stjórn stofnunarinnar ákveður verkefnin og leitar eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórnin, ásamt samstarfsaðilum, sett á fót verkefnanefndir til ráðgjafar. Einnig er heimilt að fela atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna.

11. gr. Veiting lána og ábyrgða.

Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur, sbr. 10. tölul. 4. gr.

Reikningslegur aðskilnaður skal vera á milli lánstarfsemi stofnunarinnar og annarrar starfsemi. Fjárhagslegt markmið lánstarfsemi stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal vera að varðveita eigið fé hennar að raungildi.

Stjórn Byggðastofnunar getur tekið ákvörðun um að gera samninga um að fela fjármálastofnunum afgreiðslu og innheimtu lána, sem og aðra fjármálaumsýslu stofnunarinnar.

[Ákvarðanir Byggðastofnunar sem lúta að veitingu lána eða ábyrgða og umsýslu tengdri þeim, sbr. 1. mgr., eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.]¹⁾

¹⁾[L. 13/2013, 2. gr.](#)

12. gr. Fjármögnun þróunarverkefna.

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna áhættusöm verkefni á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar samkvæmt nánari reglum sem [ráðherra]¹⁾ setur að fengnum tillögum stjórnar.

- Þessi starfsemi skal einkum fjármögnuð með sérstökum framlögum úr ríkissjóði.

¹⁾[L. 126/2011, 291. gr.](#)

III. KAFLI.

Önnur ákvæði.

13. gr. Upplýsingar um starfsemi.

[Ráðherra]¹⁾ skal gefa Alþingi árlega skýrslu um ...²⁾ framvindu byggðaáætlunar.

Ársreikningum [Byggðastofnunar]²⁾ skal fylgja skrá yfir verkefni stofnunarinnar og fjármögnun þeirra.

¹⁾[L. 126/2011, 291. gr.](#) ²⁾[L. 76/2021, 10. gr.](#)

14. gr. Tekjur.

Tekjur Byggðastofnunar eru:

1. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.

2. Fjármagnstekjur.

[3. Þjónustugjöld skv. 2. og 3. mgr.]¹⁾

[Byggðastofnun er heimilt að taka gjald fyrir:

1. Umsýslu og skjalagerð sem tengist lánstarfsemi stofnunarinnar.

2. Umsýslu vegna aflamarks Byggðastofnunar samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

3. Vinnu við verkefni á sviði byggðaáætlunar og alþjóðlegra verkefna sem stofnuninni er falið að sinna.

Stjórn Byggðastofnunar setur gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða stofnunin tekur að sér samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum. Upphæð gjalda tekur mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og má ekki vera hærrí en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.]¹⁾

¹⁾[L. 76/2021, 11. gr.](#)

15. gr. Lántaka.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma fjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila.

LÖG UM BYGGÐASTOFNUN

16. gr. ...¹⁾

¹⁾[L. 76/2021, 12. gr.](#)

17. gr. *Undanþága frá gjöldum og sköttum.*

Byggðastofnun er undanþegin öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs.

18. gr. *Þagnarskylda.*

[Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga.]¹⁾

¹⁾[L. 71/2019, 5. gr.](#)

19. gr. *Reglugerð.*

Nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Byggðastofnunar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.¹⁾

¹⁾[Rg. 347/2000.](#)

20. gr. *Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. ...

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skipar iðnaðarráðherra stjórn Byggðastofnunar skv. 3. gr. fram að fyrsta ársfundi sem halda skal fyrir 1. júlí 2000.

REGLUGERÐ FYRIR BYGGÐASTOFNUN [NR. 347/2000](#)

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag.

1. gr. Stjórnsýsluleg staða.

Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

2. gr. Hlutverk.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Til að stuðla að vexti, nýsköpun og umbreytingu í atvinnulífi veitir stofnunin m.a. lán og ráðgjöf, fjármagnar og skipuleggur verkefni og stuðlar að öflugri atvinnuráðgjöf. Til að stuðla að eflingu byggðar gerir stofnunin tillögur og áætlanir sem grundvallaðar eru á gagnaöflun og rannsóknum.

3. gr. Ársfundur.

Halda skal ársfund Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Stjórn Byggðastofnunar ákveður fundardag, fundarstað og dagskrá fundarins. Á ársfundi skal fjalla um aðgerðir og horfur í byggðamálum og starfsemi Byggðastofnunar.

Ársfundinn sitja iðnaðarráðherra og stjórn og stjórnendur Byggðastofnunar. Ennfremur skal bjóða til fundarins fulltrúum atvinnuþróunarfélaga og sveitarfélaga, alþingismönnum, fulltrúum annarra stofnana og aðila sem vinna að atvinnu- og byggðarþróunarmálum, fjölmiðlum og öðrum sem málið varðar.

4. gr. Verkefni stjórnar.

Stjórn Byggðastofnunar mótar stefnu fyrir stofnunina og sér til þess að henni sé framfylgt. Formaður stjórnar boðar til funda.

Stjórnin getur falið lánanefnd sem forstjóri veitir forstöðu að taka ákvarðanir um einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Í þeim reglum skal m.a. koma fram markmið lánastarfseminnar, lánskjarastefna og hámark láns og áhættuframlags vegna einstaks fyrirtækis. Ennfremur skipan og starfsskipulag lánanefndar, viðmiðun

við ákvarðanatöku, ferill umsókna, upplýsingagjöf til umsækjenda og svartími. Þá skal kveðið á um reglulega upplýsingagjöf til stjórnar vegna eftirlitshlutverks hennar.

Byggðastofnun skal við ákvarðanir sínar gæta jafnræðis milli aðila sem eru í sambærilegri stöðu. Þess skal sérstaklega gætt að fyrirgreiðsla stofnunarinnar til fyrirtækja og einstaklinga raski sem minnst samkeppnisaðstöðu annarra atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

5. gr. Verkefni forstjóra.

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra Byggðastofnunar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Forstöðumaður fyrirtækjasviðs skal vera staðgengill forstjóra. Forstjóri annast framkvæmdastjórn og daglegan rekstur stofnunarinnar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirætlum sem stjórnin hefur gefið. Hann gerir tillögur til stjórnar um skipulag og stefnu. Forstjóri veitir lánanefnd jafnframt forstöðu. Að öðru leyti en mælt er fyrir um í lögum um Byggðastofnun og reglugerð þessari fer um verkefni forstjóra samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

II. KAFLI

Starfsemi.

6. gr. Skipulag starfseminnar.

Starfsemi Byggðastofnunar skal, auk skrifstofu forstjóra, skiptast í eftirtalin svið:

Fyrirtækjasvið sem annast m.a. lánsbeiðnir, ráðgjöf, útborgun lána, verkefnafjármögnun, athuganir og þróunarverkefni vegna fyrirtækja og atvinnulífs.

Þróunarsvið sem annast samstarf við atvinnuþróunarfélög og stofnanir, gagnasöfnun og úrvinnslu upplýsinga og hefur umsjón með úttektum, rannsóknum og öðru þróunarstarfi á sviði byggðamála og atvinnulífs.

Lögfræðisvið sem annast m.a. lögfræðileg verkefni, innheimtu og yfirstjórn skjalagerðar.

Rekstrarsvið sem annast m.a. rekstur stofnunarinnar, bókhald, innheimtu lána, ásamt gerð rekstrar- og greiðsluáætlana.

7. gr. Áætlun.

Í upphafi hvers árs skal stjórn Byggðastofnunar láta gera áætlun um starfsemi stofnunarinnar á viðkomandi ári. Áætlun þessi skal vera í tveimur hlutum: Starfsáætlun og áætlun fyrir lánastarfsemi. Lánastarfsemin skal greiða þann kostnað í rekstri stofnunarinnar sem til hennar má rekja. Áætlanir skulu sendar iðnaðarráðherra til kynningar eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Í starfsáætlun skal fjallað um þau verkefni sem stjórn stofnunarinnar vill að unnið sé að og ekki teljast til venjubundinnaverkefna. Þarskaleinnigverarekstraráætlun fyrir annað en lánastarfsemina. Gera skal grein fyrir hvernig framlögum á fjárlögum og öðrum tekjum skal ráðstafað í kostnað við rekstur, þátttöku í kostnaði vegna starfsemi atvinnuþróunarfélaga, fjármögnun verkefna og kaupa á hlutafé.

Í áætlun fyrir lánastarfsemi skal koma fram stefna um útlán ársins og rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir lánastarfsemina. Þar skal m.a. sundurliða nauðsynleg framlög í afskriftareikning útlána vegna almennra lána og áhættulána. Með áhættulánum er átt við lán með meiri áhættu en vaxtamunur þeirra getur greitt.

Í áætlun um fjármögnun verkefna skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem stofnunin hyggst vinna að á árinu og þeim markmiðum sem stefnt er að með þeim. Þar skal gerð grein fyrir því hvert framlag stofnunarinnar er til einstakra verkefna og hvert framlag samstarfsaðila er.

III. KAFLI Atvinnuráðgjöf.

8. gr. Efling atvinnulífs.

Byggðastofnun vinnur að aukinni fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni og aðlögun þess að breyttum aðstæðum, m.a. með eflingu rannsóknar- og þróunarstarfs og aukinni notkun upplýsingatækni í starfsemi fyrirtækja.

Byggðastofnun gerir samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði. Þá skal stofnunin vinna að því að efla samstarfs- og samhæfingu í atvinnuþróunarstarfsemi.

Byggðastofnun veitir atvinnuþróunarfélögum faglega aðstoð við atvinnuþróun og nýsköpun, miðlar upplýsingum, aðstoðar við endurmenntun, samræmingu á starfsemi atvinnuþróunarfélaganna og eflingu samstarfs þeirra á milli. Hún myndar tengsl við stofnanir sem vinna að atvinnu- og byggðapróun, skipuleggur samstarfsverkefni og aðstoðar við leit að samstarfsaðilum varðandi sérhæfð mál.

9. gr. Efling búsetuþátta.

Byggðastofnun hefur samvinnu við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og opinberar stofnanir og aðra aðila um eflingu búsetuþátta. Þar má telja menntun og menningu, samgöngur, umhverfismál og þjónustu.

Byggðastofnun getur tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Byggðastofnun tekur þátt í samstarfshópum og aðstoðar við greiningu vanda dreifbýlla svæða, þar sem veruleg röskun hefur orðið á atvinnuháttum og búsetu.

10. gr. Rannsóknir, upplýsingar og umsagnir.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðapróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðapróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur

tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

Byggðastofnun metur áhrif lagasetningar og annarra stjórnvaldsaðgerða á byggðapróun. Byggðastofnun veitir umsagnir og getur unnið greinargerðir og tillögur fyrir Alþingi ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og aðra á verkefnasviði sínu.

11. gr. Samstarf og samskipti.

Byggðastofnun vinnur að myndun samstarfsneta og getur tekið þátt í og skipulagt innlend og erlend samstarfsverkefni á sviði byggða- og atvinnumála. Byggðastofnun aðstoðar atvinnuþróunarfélög og aðra samstarfsaðila við gerð og öflun slíkra verkefna.

12. gr. Stefnumótandi byggðaáætlun.

Iðnaðarráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir á sviði atvinnumála, opinberrar þjónustu o.fl. Koma skal fram með hvaða hætti einstakar aðgerðir skulu fjármagnaðar, tímasetning þeirra og hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra.

Í byggðaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar og framvindu gildandi byggðaáætlunar.

Iðnaðarráðherra skal vinna að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun og leita faglegrar ráðgjafar hjá stofnuninni um rannsóknir og úttektir til undirbúnings gerð byggðaáætlunar. Við gerð byggðaáætlunar hafi iðnaðarráðherra samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum.

Byggðaáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

Byggðastofnun fylgist með framkvæmd þeirra þátta stefnumótandi byggðaáætlunar sem ráðherra felur henni.

IV. KAFLI

Fjármögnun verkefna og veiting lána og ábyrgða.

13. gr. Fjármögnun verkefna.

Byggðastofnun veitir framlög til verkefna vegna atvinnuuppbyggingar og á sviði nýsköpunar. Stjórn stofnunarinnar ákveður verkefnin og leitar eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórn, ásamt samstarfsaðilum, sett á fót verkefnanefndir til ráðgjafar. Byggðastofnun getur einnig falið atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna.

14. gr. Veiting lána og ábyrgða.

Byggðastofnun veitir lán og ábyrgðir. Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Lánskjör skulu ákveðin af stjórn. Lánstími skal ekki vera lengri en 25 ár.

Markmið lánastarfseminnar er m.a. að tryggja fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri á landsbyggðinni aðgang að langtímalánum á sem hagstæðustum kjörum, stuðla að vexti framsækinnna fyrirtækja, nýsköpun í atvinnulífi og eflingu byggða.

Fjárhaglegt markmið lánastarfseminnar er að varðveita eigið fé að raungildi.

15. gr. Umsóknir um lán.

Við mat á umsóknum skal hafa til viðmiðunar rekstur og rekstrarhorfur fyrirtækis, fjárhagsstöðu, reynslu og þekkingu fyrirsvarsmanna þess, tryggingar fyrir lánum, nýsköpunargildi, samkeppnissjónarmið og gildi fyrir uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Þá skal lögð áhersla á samstarf við aðrar lánastofnanir og stuðla að því að þær láni til fyrirtækja á landsbyggðinni. Öll lán skal áhættuflokka við afgreiðslu, m.a. miðað við rekstrarhorfur fyrirtækis, fjárhagsstöðu og tryggingar fyrir lánum.

Umsóknir um lán skulu að jafnaði vera á umsóknar-eyðublöðum sem fást hjá stofnuninni og atvinnuþróunarfélögum.

16. gr. Eftirgjöf lána.

Óheimilt er að gefa eftir veitt lán. Frá þessu má þó gera undantekningar þegar sérstakar ástæður mæla með, svo sem þegar lán eru ekki með haldbærum tryggingum og það samræmist innheimtuhagsmunum stofnunarinnar. Leita skal umsagnar ríkisendurskoðanda áður en einstök lán eru gefin eftir.

17. gr. Takmarkanir.

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna verkefni, veita lán og ábyrgðir á landsbyggðinni, þ.e. ekki í eftirtöldum sveitarfélögum: Hafnarfjarðarkaupstað, Garðabæ, Bessastaðahreppi, Kópavogskaupstað, Seltjarnarneskaupstað, Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ.

Um fjármögnunar- og lánastarfsemi Byggðastofnunar gilda ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Aðstoð sem fellur undir c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins vegna fjárfestinga skal ekki nema hærrí fjárhæð en svarar til 17% að teknu tilliti til tekjuskatts, af upphaflegum stofnkostnaði vegna starfsstöðvar eða breytinga á henni. Til viðbótar er heimilt að veita smáum og meðalstórum fyrirtækjum aðstoð er svarar til allt að 10% af sömu kostnaðarpáttum, sbr. skilgreiningu 10.2 í leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. Framangreindir hundradshlutar eru hámarksviðmiðanir fyrir alla opinbera fjárhagsaðstoð til sama verkefnis.

Við útreikning og mat á veittri aðstoð skal miða við þá ávöxtun sem fengist hefði við eðlilegar markaðsaðstæður hverju sinni.

V. KAFLI

Þátttaka í atvinnurekstri.

18. gr. Stofnun fyrirtækja.

Byggðastofnun getur, í samræmi við hlutverk sitt, stuðlað að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar. Höfð skal hliðsjón af byggðaaáætlun við slíkar ákvarðanir.

Til að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja getur Byggðastofnun veitt aðstoð og ráðgjöf við undirbúning, svo og veitt ábyrgðir og lagt fram fjármagn. Almenn séð skal fjárhagsleg fyrirgreiðsla miðast við að stofnunin sé ekki sjálf beinn þátttakandi í atvinnurekstri. Þó er stofnuninni heimilt að taka þátt í félagi með allt að 30% hlutafjárframlagi ef ríkar ástæður eru til að mati stjórnar stofnunarinnar. Byggðastofnun er þó ávallt heimilt að taka þátt í félagi með hlutafjárframlagi eða öðrum stofnframlögum sem eigandi ef um er að ræða eignarhalds-, fjárfestingar- eða þróunarfélag, þar með talin atvinnuþróunarfélög.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Byggðastofnun ætíð heimilt að verja kröfur sínar með því að breyta þeim í hlutafé. Þá er Byggðastofnun heimilt að breyta fullnustueignum í hlutafé þegar það er talið vera fjárhagslega hagkvæmasta leiðin til að verja innheimtuhagsmuni stofnunarinnar.

19. gr. Sala hlutabréfa (eignarhluta).

Þjóða skal til sölu á almennum markaði þau hlutabréf sem Byggðastofnun á og skal við það miðað að hlutabréfin séu auglýst til sölu eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Heimilt er einnig að setja bréfin í sölu á viðurkenndum hlutabréfamarkaði.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til hlutafjáreignar Byggðastofnunar í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum, þar með talið atvinnuþróunarfélögum, en stjórn Byggðastofnunar er heimilt að selja hlutabréf stofnunarinnar í slíkum félögum.

20. gr. Eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélög.

Með vísan til hlutverks Byggðastofnunar er stjórn stofnunarinnar heimilt að ákveða að stofnunin taki þátt í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum með allt að 40% eignaraðild. Skilyrði slíkrar aðildar er að fagfjárfestar, fyrirtæki í einkaeigu og einstaklingar eigi a.m.k. 10% hlutfjár í slíkum félögum. Þá skal stofnunin hafa samstarf við fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, eftir því sem við á, um fyrirgreiðslu til verkefna sem samrýmast hlutverki hennar.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði.

21. gr. Upplýsingar um starfsemi.

Iðnaðarráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar og framvindu byggðaaáætlunar.

22. gr. Tekjur.

Tekjur Byggðastofnunar eru framlag úr ríkissjóði og fjármagnstekjur.

23. gr. Lántaka.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma fjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila.

24. gr. Þagnarskylda.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

25. gr. Hæfi stjórnarmanna.

Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar fyrirtæki ef hann situr í stjórn þess eða er starfsmaður þess. Hann skal einnig víkja ef hann er verulega fjárhagslega háður fyrirtæki vegna eignaraðildar, viðskipta eða af öðrum ástæðum. Samagildir um þátttökustjórnarmanns í meðferð máls er varðar aðila sem eru honum svo persónulega tengdir að hætta sé á að hann fái ekki litið hlutlaust á málið. Við upphaf stjórnarsetu ber stjórnarmanni að leggja fram yfirlit yfir þau fyrirtæki sem hann telur að svo sé ástatt um

að hann geti ekki tekið þátt í afgreiðslu á málefnum þeirra. Hann skal einnig tilkynna ef breytingar verða á högum hans að þessu leyti.

26. gr. Reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun, svo og með vísan til 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1993, um lagagildi samningsins hér á landi.

Reglugerð þessi öðlast gildi við birtingu.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. maí 2000.

